

LV-2015-072



Landsvirkjun



Áhrif vindmylla í Búrfellslundi á ferðapjónustu og íbúa

Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2015-072

Dags: 17.7.2015

Fjöldi síðna: 185

Upplag: 3

Dreifing:

- Birt á vef LV
- Opin
- Takmörkuð til

Titill: Áhrif vindmylla í Búrfellslundi á ferðaþjónustu og íbúa

Höfundar/fyrirtæki: Rannveig Ólafsdóttir, Guðrún Líneik Guðjónsdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir og Þorkell Stefánsson/Háskóli Íslands

Verkefnisstjóri: Margrét Arnardóttir

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar: Engir

Útdráttur: Árið 2012 voru tvær vindmyllur reistar í rannsóknaskyni á Hafinu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, vestan Þjórsár, rétt ofan við Búrfell. Landsvirkjun hefur nú til skoðunar að reisa allt að 80 vindmyllur í svokölluðum Búrfellslundi rétt austan við Þjórsá norðan við Búrfell (í afréttum Rangárbings ytra, Ásahrepps og Skeið- og Gnúpverjahrepps). Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður rannsóknar á áhrifum fyrirhugaðra vindmylla á ferðaþjónustu og íbúa á svæðinu. Verkefnið er unnið af Háskóla Íslands fyrir Landsvirkjun vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Lykilorð: Vindmyllur, Haf, Búrfellslundur, Ferðaþjónusta, Nærsamfélag

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

A handwritten signature in blue ink, appearing to be the initials "MA", written over a horizontal line.

Formáli

Flest samfélög eru í dag einhuga um mikilvægi þess að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og leggja í því sambandi áherslu á aukna notkun endurnýjanlegara orkugjafa. Síðastliðinn áratug hefur virkjun vindorku notið vaxandi vinsælda, og með síauknum tækniframförum hefur orðið bæði auðveldara og ódýrara að virkja vindinn, sem enn eykur á vinsældir þessa orkugjafa. Og ef það er eitthvað sem Íslendingar eiga nóg af þá er það vindur, en hvaða áhrif fylgja beislun slíkrar orku?

Í eftirfarandi rannsókn er annars vegar leitast við að meta viðhorf íbúa Rangárbings ytra, Ásahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps til vindmylla í svokölluðum Búrfellslundi sem Landsvirkjun hyggst reisa á Tungnaár-Þjórsásvæðinu, og hins vegar að meta áhrif fyrirhugaðs Búrfellslundar á ferðaþjónustuna, bæði í nærsamfélaginu og einnig þeirra sem nýta svæðið fyrir sýna starfsemi. Rannsóknin er hluti stærri rannsóknar sem beinir sjónum að mögulegum áhrifum Búrfellslundar á ferðamenn, ferðaþjónustu og íbúa og unnin er fyrir Landsvirkjun sem hluti af mati á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar uppsetningu vindmylla í Búrfellslundi.

Verkefnið var unnið veturinn 2014-2015. Meginþungi rannsóknarvinnunnar, þ.e. gagnaöflun og úrvinnsla gagna, var í höndum Guðrúnar Líneikar Guðjónsdóttur, meistaranema í landfræði við Háskóla Íslands. Þorkell Stefánsson meistaranemi í ferðamálafræði aðstoðaði við úrvinnslu meginlegra gagna. Verkefnisstjórn og gerð skýrslu var í höndum Rannveigar Ólafsdóttur prófessors við Háskóla Íslands og Önnu Dóru Sæþórsdóttur dósents við sama skóla. Það er von skýrsluhöfunda að niðurstöður varpi ljósi á viðhorf íbúa nærsamfélagsins og ferðaþjónustunnar til þessa nýja möguleika í orkuframleiðslu hér á landi. Það er okkur enn fremur sönn ánægja að geta hér þakkað öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við gerð þessa verkefnis. Sérstakar þakkir fá allir þeir íbúar og ferðaþjónustuaðilar sem svöruðu spurningalistanum og þeim sem veittu okkur viðtöl. Við viljum að lokum þakka Landsvirkjun fyrir fjárhagslegan stuðning og Huldu Rós Bjarnadóttur fyrir hjálp við dreifingu og söfnun spurningalista.

*Rannveig Ólafsdóttir
Anna Dóra Sæþórsdóttir*

Efnisyfirlit

Formáli.....	ii
Myndaskrá	vi
Töfluskrá.....	ix
1. Inngangur.....	10
2. Vindlundir og ferðamennska.....	15
2.1 Viðhorf til vindmylla.....	15
2.2 Orkuvinnsla og ferðaþjónusta	17
3. Áhrifasvæði fyrirhugaðs Búrfellslundar	19
4. Gögn og aðferðir.....	22
4.1 Aðferðafræði	22
4.2 Val úrtaks.....	24
4.3 Úrvinnsla gagna	26
5. Niðurstöður	28
5.1 Viðhorf íbúa.....	28
5.1.1 Bakgrunnur svarenda.....	28
5.1.2 Þekking og tengsl íbúa við svæðið umhverfis fyrirhugaðan Búrfellslund	29
5.1.3 Vindmyllur í náttúru Íslands.....	34
5.1.4 Orkunotkun og loftlagsbreytingar.....	43
5.1.5 Íbúaþróun og atvinnuástand	46
5.1.6 Vindmyllur, landslag og Búrfellslundur	49
5.1.7 Samanburður á viðhorfi íbúa til mismunandi fjölda og stærðar vindmylla	64
5.2 Viðhorf ferðaþjónustunnar.....	68
5.2.1 Sérstaða svæðisins og nýting norðan og austan við Búrfell í Þjórsárdal fyrir ferðaþjónustu.....	68
5.2.2 Framtíðarvæntingar ferðaþjónustuaðila til svæðisins	73
5.2.3 Viðhorf ferðaþjónustuaðila til Búrfellslundar.....	76

6. Umræður	88
6.1 Viðhorf íbúa nærsamfélagsins til vindlunda á Tungnaár-Þjórsársvæðinu.....	88
6.2 Áhrif fyrirhugaðra vindmylla í Búrfellslundi á ferðamennsku	90
6.3 Vindmyllur, íbúar og ferðaþjónusta.....	93
Heimildir.....	95
Viðaukar.....	100
I. Spurningakönnun	100
II. Viðtalsrammi – íbúar	106
III. Viðtalsrammi - ferðaþjónustuaðilar.....	109
IV. Afstöðukort	112
V. Marktektarpróf.....	113

Myndaskrá

Mynd 1. Afmörkun Búrfellslundar og nánasta umhverfi.	11
Mynd 2. Staðsetning Búrfellslundar ásamt nærliggjandi sveitarfélöum,.....	12
Mynd 3. Áætlaður sýnileiki vindmylla í Búrfellslundi.....	21
Mynd 4. Aldur svarenda.	28
Mynd 5. Búsetulengd svarenda.....	28
Mynd 6. Starf svarenda.	28
Mynd 7. Þekking íbúa á svæðinu norðan og austan Búrfells í Þjórsárdal.	29
Mynd 8. Upplifun íbúa á svæðinu norðan og austan við Búrfell í Þjórsárdal.....	30
Mynd 9. Gildi svæðisins norðan og austan við Búrfell í Þjórsárdal að mati íbúa.	31
Mynd 10. Einkenni landslags á svæðinu norðan og austan við Búrfell í Þjórsárdal að mati íbúa.	32
Mynd 11. Viðhorf íbúa um mikilvægi þess að sveitarfélagið nái inn á hálendið.....	33
Mynd 12. Megin ástæður þess að það skiptir íbúa máli að sveitarfélagið nái inn á hálendið.....	33
Mynd 13. Hlutfall íbúa sem þekkir til vindmyllanna tveggja á Hafinu.	34
Mynd 14. Sýnileiki vindmylla frá heimili íbúa.....	34
Mynd 15. Viðhorf íbúa til vindmylla á Íslandi.....	35
Mynd 16. Áhrif vindmylla í Búrfellslundi á ferðahegðun íbúa.	38
Mynd 17. Hæfilegur fjöldi vindmylla á svæðinu norðan og austan Búrfells að mati íbúa.	39
Mynd 18. Viðhorf íbúa til vindmylla.	42
Mynd 19. Afstaða íbúa til staðsetningar vindmyllulunds nærri heimili þeirra.	43
Mynd 20. Viðhorf íbúa til mismunandi orkugjafa.	44
Mynd 21. Staða raforkuframleiðslu á Íslandi að mati íbúa.....	45
Mynd 22. Áhyggjur íbúa af loftslagsbreytingum.	46
Mynd 23. Viðhorf íbúa á verðlagningu rafmagns.....	46
Mynd 24. Mat íbúa á því hvort fólksfækkun sé áhyggjuefni í sveitarfélaginu.....	47
Mynd 25. Staða atvinnumála í sveitarfélaginu.	47
Mynd 26. Raforkuframleiðsla sem kostur til atvinnusköpunar í dreifbýli.....	47
Mynd 27. Viðhorf íbúa til fegurðar landslags.....	50
Mynd 28. Samanburður á viðhorfi íbúa til landslags á ljósmyndum C og E.	51
Mynd 29. Ljósmynd C tekin frá Hólaskógi til austurs með Heklu í bakgrunni. Engin mannvirki sjáanleg.....	51
Mynd 30. Ljósmynd E tekin frá Hólaskógi til austurs með Heklu í bakgrunni. Háspennumöstur og raflínur í vinstri jaðri.....	51
Mynd 31. Samanburður á viðhorfi íbúa til landslags á ljósmyndum B og D.....	51

Mynd 32. Ljósmynd B tekin til austurs af þjóðvegi nr. 33. Háspennumastur fyrir miðri mynd.....	52
Mynd 33. Ljósmynd D tekin til austurs af þjóðvegi nr. 33. Engin mannvirki.....	52
Mynd 34. Samanburður á viðhorfi til landslags á ljósmyndum A og F.....	52
Mynd 35. Ljósmynd A tekin til suðurs frá þjóðvegi nr. 26 með Búrfell og Bjólfell í bakgrunni....	52
Mynd 36. Ljósmynd F tekin til suðurs frá Sultartangavirkjun yfir frárennisskurð virkjunarinnar, Búrfell og Bjólfell í bakgrunni.	52
Mynd 37. Viðhorf íbúa til vindmylla í mismunandi landslagi.....	54
Mynd 38. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd G.....	56
Mynd 39. Ljósmynd G. Horft frá Hólaskógi til austurs, yfir Búrfellslund að Heklu..	56
Mynd 40. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd E.....	57
Mynd 41. Ljósmynd E. Horft til suðurs eftir þjóðvegi 26, Búrfell fyrir miðri mynd. Vindmyllulundurinn samanstendur hér af 87 64 metra háum vindmyllum í 1,5 fjarlægð.	57
Mynd 42. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd F.....	57
Mynd 43. Ljósmynd F. Horft til norðurs frá Dómadalsleið. Vindmyllulundurinn samanstendur hér af 87 64 metra háum vindmyllum í 1,5 fjarlægð.....	57
Mynd 44. Ljósmynd K. Horft frá Hólaskógi að Heklu. Þrjár 80 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.....	58
Mynd 45. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd K.....	58
Mynd 46. Ljósmynd J. Horft frá Hólaskógi að Heklu. Þrjár 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.....	58
Mynd 47. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd J.....	58
Mynd 48. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd B.	59
Mynd 49. Ljósmynd B. Horft norðaustur yfir Bjarnalón. Vindmyllulundurinn samanstendur af 87 64 metra háum vindmyllum í 4 km fjarlægð.....	59
Mynd 50. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd A.....	59
Mynd 51. Ljósmynd A. Horft norðaustur yfir Bjarnalón. Vindmyllulundurinn samanstendur af 66 80 metra háum vindmyllum í 4 km fjarlægð.....	59
Mynd 52. Ljósmynd H. Horft suður þjóðveg nr. 26 að Búrfelli. Þrjár 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.....	60
Mynd 53. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd H.....	60
Mynd 54. Ljósmynd I. Horft suður þjóðveg nr. 26 að Búrfelli. Þrjár 80 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.....	60
Mynd 55. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd I.....	60
Mynd 56. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd D.....	61

Mynd 57. Ljósmynd D 64 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð. Mynd tekin til vesturs frá Áfangagili.....	61
Mynd 58. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd C.....	61
Mynd 59. Ljósmynd C. 80 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð. Mynd tekin til vesturs frá Áfangagili.....	61
Mynd 60. Ljósmynd L tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir þrjár 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.	62
Mynd 61. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd L.....	62
Mynd 62. Ljósmynd M tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir þrjár 80 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.	62
Mynd 63. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd M.	62
Mynd 64. Ljósmynd N tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir þrjár 64 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð.....	63
Mynd 65. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd N.....	63
Mynd 66. Ljósmynd O tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 80 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð.	63
Mynd 67. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd O.....	63
Mynd 68. Samanburður á viðhorfi íbúa til vindmylla á ljósmynd A og B.....	64
Mynd 69. Samanburður á viðhorfi íbúa til vindmylla á ljósmynd C og D.	64
Mynd 70. Samanburður á viðhorfi íbúa til vindmylla á ljósmynd E, F, og G.	65
Mynd 71. Samanburður á viðhorfi íbúa til vindmylla á ljósmynd H (þrjár 64 m háar vindmyllur), og á ljósmynd I (þrjár 80 m háar vindmyllur).....	65
Mynd 72. Samanburður á viðhorfi íbúa til vindmylla á ljósmynd J (þrjár 64 m háar vindmyllur), og á ljósmynd K (þrjár 80 m háar vindmyllur).	66
Mynd 73. Samanburður á viðhorfi íbúa til vindmylla á ljósmynd L (þrjár 64 m háar vindmyllur), og á ljósmynd M (þrjár 80 m háar vindmyllur).	66
Mynd 74. Samanburður á viðhorfi íbúa til vindmylla á ljósmynd N (þrjár 64m háar vindmyllur í 4 km fjarlægð), og á ljósmynd O (þrjár 80m háar vindmyllur í 4 km fjarlægð).	67

Töfluskra

Tafla 1. Yfirlit yfir úrtak spurningakönnunar í héraði og skipting eftir sveitarfélögum.	24
Tafla 2. Skipting viðtala eftir sveitarfélögum og stöðu viðmælenda.	25
Tafla 3. Skipting viðtala ferðapjónustuaðila eftir staðsetningu fyrirtækis.	25
Tafla 4. Viðmælendur ferðapjónustufyrirtækja í rannsókninni í stafrófsröð.	26

1. Inngangur


Vindur er orkugjafi sem Ísland er óneitanlega ríkt af. Undanfarna áratugi hefur þróun á virkjun vindorku verið hröð og vindmyllur (*e. wind turbines*) verið settar upp í mörgum löndum víðsvegar um heiminn. Stöðugar tækniframfarir hafa leitt til betri nýtni og aukinnar afkastagetu hvernar vindmyllu auk þess sem að nú er unnt að setja vindmyllur upp á stöðum sem áður komu ekki til greina (sjá t.d. Wolsink, 2007; Daníel Þór Gerena, 2013). Hingað til hefur virkjun vindorku ekki þótt hagkvæmur kostur hér á landi og íslenskar aðstæður hafa verið taldar óhentugar til virkjunar vinds að einhverju ráði. Með aukinni tækni hafa forsendur hins vegar breyst og tvær tilraunavindmyllur sem Landsvirkjun lét reisa í rannsóknarskyni á Hafinu norðaustan við Búrfellsvirkjun árið 2013, þykja að mati Landsvirkjunar lofa góðu og sýna að aðstæður eru þar mjög góðar til virkjunar vindorku. Íslenskur almenningur virðist einnig vera jákvæður fyrir virkjun vindorku en samkvæmt nýlegri könnun á vegum Capacent Gallup (2013) eru rúmlega 80% landsmanna hlynntir frekari uppbyggingu vindorku hér á landi.

Landsvirkjun hefur nú til skoðunar að reisa svokallaðan vindlund¹ (*e. wind farming*) með allt að 80 vindmyllum á um 34 km² svæði, sem fengið hefur heitið Búrfellslundur og nær frá Hafinu í vestri og austur fyrir Þjórsá að Sölvahrauni (Mynd 1) (Mannvit, 2014). Slíkur vindlundur mun breyta ásýnd lands og þar með upplifun fólks sem um svæðið fer, bæði ferðamanna og annarra. Upplifun á landslagi er mismunandi eftir því hvort um er að ræða íbúa eða aðkomufólk. Bent hefur verið á (þ.e. Urry, 2002) að skynjun fólks á fegurð lands komi ekki eingöngu í gegnum það sem það sér, heldur byggist upplifun heimamanna af landslagi ekki síður á margvíslegum kynnum þeirra af landinu og þeim tengslum sem þeir hafa haft við það. Aðkomufólk upplifir landslag hins vegar fyrst og fremst með því að horfa á það, og byggir upplifun þeirra á fyrstu hughrifum auk ýmissa fyrirfram mótaðra hugmynda þeirra um viðkomandi svæði.

Svæðið sem fyrirhugaður Búrfellslundur nær yfir er á jaðri suðurhálandisins, en er allt staðsett innan hálandislínu miðhálandisins eins og hún var afmörkuð af samvinnunefnd miðhálandisins árið 1999 samkvæmt þágildandi skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Svæðið austan Þjórsár er á landi sem tilheyrir Rangárþingi ytra og svæðið vestan Þjórsár á landi sem tilheyrir Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Svæðið umhverfis Búrfellslund tilheyrir hins vegar afréttum Rangárþings ytra, Ásahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps (Mynd 2). Suðurjaðar hálandisins


¹Vindlundur er þýðing Landsvirkjunar á enska heitinu *wind farm* og *wind park*, sem einnig hefur verið þýtt á íslensku sem vindmyllulundur, vindorkugarður, vindorkuver, vindorkubú og vindbú.

hefur lengi haft efnahagslega þýðingu fyrir íbúa þessara þriggja sveitarfélaga, m.a. sem beitiland fyrir sauðfé. Bændur hafa um aldir smalað afrétti svæðisins, farið þangað til fiskveiða og íbúar ferðast þar um sér til afþreyingar eða með önnur markmið í huga. Íbúarnir hafa þannig myndað ákveðin tengsl við svæðið.



Mynd 1. Afmörkun Búrfellslundar og nánasta umbverfi (Mannvit, 2014).

Á svæðinu norðan og norðaustan við Búrfell hafa undanfarna fimm áratugi verið reistar nokkrar vatnsaflsvirkjanir á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár. Með þeim framkvæmdum hefur skapast ákveðin hefð fyrir orkuframleiðslu á þessu svæði. Fyrsta virkjunin, Búrfellsvirkjun, var tekin í notkun árið 1969 (Sigrún Pálsdóttir, 2005) og með henni opnaðist aðgengi fyrir fólksbíla inn á suðurhálendi landsins. Síðan þá hefur aðgengið aukist jafnt og þétt samfara auknum virkjanaframkvæmdum. Nú eru alls sex vatnsaflsvirkjanirnar á Þjórsár- og Tungnaáarsvæðinu, þ.e. Búrfellsvirkjun (1972), Sigölduvirkjun (1978), Hrauneyjafossvirkjun (1981), Sultartangavirkjun (1999), Vatnsfellsvirkjun (2001) og Búðarhálsvirkjun (2014) (Landsvirkjun, 2015), með tilheyrandi mannvirkjum svo sem stöðvarhúsum, uppistöðulónum, skurðum, stíflum, uppbyggðum vegum, háspennumöstrum og háspennulínum.



Mynd 2. Staðsetning Búrfellslundar ásamt nærliggjandi sveitarfélöum, þ.e. Ásahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárbírgs ytra, og línunnar sem afmarkar miðhálandi Íslands (Kort: Rannveig Ólafsdóttir).

Allra síðustu ár hefur ferðaþjónusta enn fremur verið að vaxa hratt sem mikilvæg atvinnugrein í sveitarfélögum þremur, eins og reyndar út um allt land samfara vaxandi ferðamannastraumi til landsins. Sérstæð og margbreytileg náttúra er aðal aðdráttarafl Íslands sem ferðamannalands, en yfir sumarmánuðina koma um 80% erlendra ferðamanna til landsins vegna hennar (Ferðamálastofa, 2014). Rúmlega 36% erlendra ferðamanna fara inn á hálandið á ferð sinni um landið og um 15% Íslendinga (Ferðamálastofa, 2014). Ein af sérstöðum þessara þriggja sveitarfélaga fyrir ferðamennsku er nálægðin við hálendisjaðarinn, þannig eru margir ferðamenn sem nýta gistiþjónustu í héraði og fara í dagsferðir inn á suðurhálandið (t.d. Rannveig Ólafsdóttir, 2011a). Vinsælustu ferðamannastaðirnir umhverfis fyrirhugaðan Búrfellslund eru Þjórsárdalur, Hjálparfoss, Gjáfoss, Háifoss, Tröllkonuhlaup, Fossabrekkur, Hekla og Dómadalsleið. Einnig má nefna gistiskálana Áfangagil og Hólaskjól sem eru vinsælir áfangastaðir hestamanna og göngumanna, en um Áfangagil liggur gönguleið sem nýtur vaxandi vinsælda, svokölluð Hellismannaleið, sem nær frá Rjúpnavegum í vestri um Áfangagil að Landmannahelli og þaðan

áfram í Landmannalaugar². Hins vegar má gera ráð fyrir því að flestir þeir ferðamenn sem munu fara um svæði fyrirhugaðs Búrfellslundar séu á leiðinni inn á hálendið eða að koma þaðan, þar sem svæðið tengist mikilvægum ferðamannastöðum á hálendinu eins og Landmannahelli, Landmannalaugum, Veidivötnum, Friðlandi að Fjallabaki og Sprengisandsleið. Mikilvægi svæðisins fyrir ferðapjónustuna endurspeglast meðal annars í því að tæplega 80% af öllum skráðum gistinóttum í skálum í óbyggðum árið 2014, eða rúmlega 55 þúsund gistinætur, eru á suðurhluta hálendisins (Hagstofa Íslands, 2015b). Vindlundurinn mun því hafa áhrif á ferðamennsku, ekki bara í fyrrnefndum sveitarfélögum heldur á mun víðfeðmara svæði. Hugtakið ferðamennska (*e. tourism*) hefur verið skilgreint sem öll sú starfsemi sem á sér stað þegar fólk ferðast. Allt frá skipulagningu ferðar, ferðalögum til áfangastaðar, öllum ferðum og athöfnum á áfangastað, ferðalögum tilbaka, og endurupplifun ferðarinnar eftir heimkomu. Þetta felur í sér allar athafnir ferðamanna sem tengjast ferðalaginu, þ.e. kaup ferðar ásamt öllum tengslum milli gistisamfélags og gesta á áfangastað (Mill og Morrison, 2009; Mathieson og Wall, 2006). Í þessari skýrslu nær hugtakið ferðamennska þannig yfir ferðir ferðamanna til og frá áfangastað, athafnir og upplifun ferðamanna á áfangastað, þá aðstöðu og þjónustu sem komið hefur verið upp á áfangastaðnum til að sinna þörfum ferðamanna, og öll þau áhrif (á efnahag, samfélag og náttúru) sem verða þegar ferðamaður ferðast. Hugtakið ferðapjónusta (*e. tourism industry*) nær eingöngu yfir atvinnugreinina, og er samkvæmt ofangreindu hluti ferðamennsku.

Sýnt hefur verið fram á (t.d. Wolsink, 2007; Haggett, 2011) að eitt helsta vandamál varðandi nýtingu vindorku felist í skipulagningu og dreifingu vindmylla í landslaginu. Rannsóknir á viðhorfum almennings til vindorku í Evrópu sýna hins vegar flestar jákvætt viðhorf. Samfara fjölgun vindlunda virðist þetta viðhorf samt sem áður vera að breytast, og þá fyrst og fremst vegna sjónrænna áhrifa vindmylla (t.d. Ladenburg & Dahlgard, 2012; Molnarova, o.fl., 2011; Wolsink, 2007). Wolsink (2007) bendir á að skipulag og þróun vindlunda sé flókið ferli, sem í mörgum löndum álfunnar einkennist af árekstrum á milli hinna mismunandi hagsmunahópa. Því er mikilvægt að þekkja og skilja mismunandi viðhorf til að minnka hagsmunaárekstra. Meginmarkmið þessarar rannsóknar er tvíþætt. Annars vegar að meta viðhorf íbúa Rangárþings ytra, Ásahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps til vindlunda á Tungnaár-Þjórsársvæðinu. Hins vegar að meta áhrif fyrirhugaðra vindmylla í Búrfellslundi á ferðapjónustuna, bæði í nærsamfélaginu (þ.e. Rangárþingi ytra, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Ásahreppi) og á landsvísu

²Sjá t.d.

<http://www.landmannahellir.is/00%20Hellismannalei%C3%B0,%20almenn%20%C3%BDsing,%202010%20@Hugr%C3%BA.pdf>

(þ.e. ferðaþjónustuaðila sem staðsettir eru annars staðar en nýta fyrirhugað virkjanasvæði fyrir sína starfsemi).

Rannsóknin er unnin fyrir Landsvirkjun sem hluti af mati á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar uppsetningu vindmylla í Búrfellslundi. Rannsóknin er hluti stærri rannsóknar sem beinir sjónum að mögulegum áhrifum Búrfellslundar á ferðamenn, ferðaþjónustu og íbúa. Eftirfarandi skýrsla er í sex köflum. Á eftir inngangi er yfirlit yfir rannsóknir er beina sjónum að vindmyllum, byggðaþróun og ferðaþjónustu. Í þriðja kafla er farið yfir mögulegt áhrifasvæði Búrfellslundar og mismunandi skilgreiningar ræddar. Fjórði kafla tekur fyrir gögn og aðferðir sem stuðst er við í rannsókninni. Niðurstöður eru kynntar í fimmta kafla og þær ræddar og ályktanir rökstuddar í sjötta og síðasta kafla.

2. Vindlundir og ferðamennska

2.1 Viðhorf til vindmylla

Til að mæta alþjóðlegum kröfum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um að minnsta kosti helming fram til ársins 2050 (t.d. OECD, 2011), hefur verið lögð áhersla á eflingu endurnýjanlegra orkugjafa út um allan heim. Í því sambandi hefur virkjun vindorku aukist hratt síðastliðinn áratug. Á sama tíma hafa tækniframfarir í þróun vindmylla aukið möguleika til virkjunar vindorku á stöðum sem áður þóttu ekki koma til greina, og jafnframt leitt til betri nýtni og aukinnar afkastagetu hverrar vindmyllu (t.d. Wolsink, 2007; Dai, o.fl., 2015). Hagkvæmni vinds sem ákjósanlegs virkjanakosts hefur þannig margfaldast síðustu ár.

Rannsóknir á viðhorfum almennings til vindmylla sýna flestar jákvætt viðhorf (t.d. Elliott, 1994; Wolsink, 1994; Krohn og Damborg, 1999; Pasqualetti, 2001, Landry, o.fl. 2012). Samfara fjölgun vindlunda virðist þetta viðhorf hins vegar vera að breytast, og þá fyrst og fremst vegna sjónrænna áhrifa vindmylla (t.d. Ladenburg & Dahlgaard, 2012; Molnarova, o.fl., 2011; Wolsink, 2007). Umhverfisáhrif vindmylla felast fyrst og fremst í sjónrænum áhrifum, en einnig getur fylgt þeim hávaðamengun, skógareyðing, hnignun vistkerfa, jarðvegsrof, áhrif á útvarpsbylgjur, loftlagsbreytingar og áhrif á dýralíf, einkum fugla og leðurblökur og á sjávarlíf þegar vindlundir eru staðsettir á hafi úti (t.d. Dai, o.fl. 2015; Lima, o.fl. 2013; Leung og Yang, 2012). Af þessum áhrifum vindmylla á umhverfi hefur reynst erfiðast að meta sjónræn áhrif (Leung og Yang, 2012), en sjónræn áhrif er sá umhverfisþáttur sem hefur hvað mest áhrif á ferðamennsku, þar sem upplifun ferðamanna er fyrst og fremst í gegnum sjónræna skynjun þeirra á því umhverfi sem þeir ferðast um (Urry, 2002).

Ladenburg (2008) bendir á að umhverfisáhrif vindmylla hafa leitt til mikilla átaka um staðsetningu vindlunda, og að aukin átök hafi gert það stöðugt erfiðara að finna viðeigandi og viðunandi staðsetningu fyrir þróun vindlunda til framtíðar. Til að draga úr hagsmunarárekstrum í tengslum við staðsetningu vindmylla á landi hefur staðsetning vindlunda á hafi úti, orðið stöðugt eftirsóknarverðari valkostur (Ladenburg 2010; Hagggett, 2011). Eftir því sem virkjun vindorku hefur aukist hafa þannig stöðugt fleiri lönd valið að staðsetja vindlundi á hafi úti til að þeir valdi sem minnstum sjónrænum áhrifum. Viðhorfskannanir styðja þessar ákvarðanir og sýna að fólk er almennt jákvæðara gagnvart staðsetningu vindlunda á hafi úti en á landi (þ.e. Ladenburg og Möller, 2011). Samkvæmt Ladenburg og Möller (2011) ráðast viðhorf fólks til ákveðinnar staðsetningar samt sem áður fyrst og fremst af tengslum þess við viðkomandi stað. Flestar rannsóknir á vindmyllum á landi leggja þannig áherslu á mikilvægi þess að beina sjónum fyrst og

fremst að staðsetningu vindmyllanna, og þeim tengslum og þýðingu sem staðsetningin hefur í hugum fólks. Staðbundin, samfélagsleg og söguleg tengsl skipta þar mestu máli, og fólk hefur mismunandi skoðanir og tilfinningar um hvern stað og breytingar á honum. Við val á staðsetningu fyrir vindlundi er þannig grundvallaratriði að þekkja og skilja viðhorf hinna mismunandi hagsmunaaðila.

Viðhorfskannanir á virkjun vindorku í héraði hafa sýnt að heimamenn eru almennt jákvæðir í garð vindmylla (t.d. Krohn og Damborg, 1999). Rannsóknunum ber hins vegar ekki saman um hvaða þættir eru mest ráðandi í viðhorfum heimamanna. Þannig benda Krohn og Damborg (1999) á að stærð vindlunda virðist hafa lítil sem engin áhrif á viðhorf heimamanna til vindmylla og sé því ekki afgerandi áhrifavaldur. Eignarhald vindorkuveranna virðist skipta heimamenn meira máli. Þannig sýna nýrri rannsóknir á staðsetningu vindmylla að litlir vindlundir í eigu heimamanna hafa mun meira fylgi meðal íbúa en stærri vindmyllulundir lengra í burtu í eigu stórra fjölpjódlegra fyrirtækja (sjá Haggett, 2008; 2011; Gross, 2007; Jobert, o.fl. 2007; van der Horst, 2007; Wong, 2009). Þetta samræmist niðurstöðum Krohn og Damborg (1999) um að viðhorf íbúa til vindlunda byggist fyrst og fremst á viðhorfi þeirra til framkvæmdaraðila, skipulagsyfirvalda og skipulagsferli framkvæmdarinnar, sem undirstrikar mikilvægi á þátttöku heimamanna í skipulagsferlinu. Niðurstöður þeirra gefa enn fremur til kynna að skortur á samvinnu milli ólíkra hagsmunaaðila sé megin orsök hagsmunaárekstra og neikvæðs viðhorfs íbúa til vindmylla.

Skipulag og þróun vindlunda hefur sýnt sig að vera flókið fyrirbæri úti í hinum stóra heimi, sem í mörgum löndum einkennist af árekstrum á milli hinna mismunandi hagsmunahópa (Wolsink, 2007). Viðhorf allra hagsmunaaðila og samþykki þeirra á staðsetningu og skipulagningu vindmyllulunda er þannig líklegt til að skipta sköpum í því að vel takist til. Þetta er sérstaklega mikilvægt í opnu og berangurslegu landslagi eins og einkennir Ísland, og ekki síst fyrir íslenska ferðaþjónustu sem byggir afkomu sína að miklu leyti á slíku landslagi.

Ljóst er að ferðaþjónusta er mikilvæg stoð fyrir byggðaðróun hér á landi, sérstaklega í mörgum dreifðari byggðum landsins. Það er jafnframt ljóst að ímynd Íslands sem áfangastaðar ferðamanna byggir að miklu leyti á ósnortinni náttúru þar sem víðerni leika stórt hlutverk. Upplifun ferðamanna á náttúru landsins er þannig mikilvægur hlekkur í styrkingu og eflingu ferðaþjónustunnar (t.d. Rannveig Ólafsdóttir og Kristín Rut Kristjánsdóttir, 2008; 2009). Vindmyllur munu verða áberandi í nöktu landslagi Íslands og munu óneitanlega breyta villtri

ásýnd náttúrunnar í manngerða ásýnd þar sem áhrifa þeirra gætir. Það er því mikilvægt að vel takist til með val á staðsetningu vindlunda.

2.2 Orkuvinnsla og ferðaþjónusta

Ísland er ríkt af endurnýjanlegum orkugjöfum og sú staðreynd að 87% allrar orkunotkunar hér á landi kemur frá slíkum orkugjöfum (Hagstofa Íslands, 2013) setur Ísland fremst meðal jafningja í notkun endurnýjanlegrar orku í heiminum. Þessi staðreynd hefur vakið athygli ferðamanna sem sækja land og þjóð heim og skapar þannig ákveðin tækifæri fyrir íslenska ferðaþjónustu. Í kjölfar aukins fjölda virkjana og vaxandi fjölda ferðamanna síðastliðna áratugi hafa gestastofur verið byggðar upp við margar virkjanir, sem njóta vaxandi vinsælda á meðal ferðamanna. Árið 2014 var gestafjöldi í nokkrum af helstu gestastofunum tæplega 110,000 gestir, þar af voru um 94,000 sem heimsóttu jarðhitasýninguna við Hellisheiðavirkjun (Katrín María Sigurðardóttir vaktstjóri og bókhald hjá Orkusýn.ehf, munnlegar upplýsingar 25. júní 2015), um 12,500 sem heimsóttu gestastofur Landsvirkjunar við Búrfellsvirkjun og Kröfluvirkjun (Þórhalla Rein Aðalgeirsdóttir samskiptasvið Landsvirkjunar, munnlegar upplýsingar 25.júní 2015), og um 700 sem tóku þátt í skipulögðum gönguferðum um Reykjanes sem styrktar eru af Bláa Lóninu, HS Orku og HS veitum (Magnea Guðmundsdóttir upplýsingafulltrúi Bláa lónsins, munnlegar upplýsingar, 16. júlí 2015).

Auk gestastofa felst samspil ferðamennsku og orkuvinnslu fyrst og fremst í auknu og bættu aðgengi að þeim svæðum sem orkuvinnsla á sér stað. Sú hefur verið raunin hér á landi, bætt aðgengi að hálendinu má til dæmis að miklu leyti rekja til uppbyggingar virkjana. Víða erlendis er þetta samspil nýtt markvisst til uppbyggingar ferðaþjónustu. Rannsóknir á áhrifum vindlunda á ferðaþjónustu í Skotlandi og Noregi sýna að neikvæð áhrif á landsvísu eru hverfandi, en geta verið nokkur í nánasta umhverfi vindlunda og því sé mikilvægt að huga að mótvægisáðgerðum samhliða uppbyggingu vindlunda (þ.e. Heiberg, o.fl., 2009; Riddington, o.fl., 2008). Í þessu sambandi má nefna tvö nýleg dæmi frá tveimur eyjum úti fyrir vesturströnd Noregs, þ.e. Smola og Ytre Vikna. Samhliða uppbyggingu vindlunda á þessum eyjum byggðu sveitarfélögin upp markvissa afþreyingu fyrir ferðamennsku og útivist. Svæðin umhverfis vindlundina voru höfð opin og meðal annars byggðir upp hjóla- og göngustígur, reiðhjólaleiga, gistiaðstaða, gestastofur, ásamt því að bæta aðgengi fyrir veiðiáhugamenn, en Ytre Vinke er vinsælt veiðisvæði þar sem veiðimenn hafa lengi farið á hreindýra- og elgveiðar (Smöle commune, á.á; Norwea wind wave tidal, á.á.). Áður en vindlundurinn í Ytre Vikna var reistur höfðu veiðimenn lýst áhyggjum af mögulegum áhrifum vindlundarins á dýrin og að framkvæmdirnar myndu fæla þau í burtu

(Norwea wind wave tidal, á.á.). Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Norwea (<http://www.norwea.no/>) hafa vindmyllurnar hins vegar ekki haft neikvæð áhrif á dýrin. Svipuð uppbygging í Kaliforníu BNA þar sem markvisst var farið í uppbyggingu ferðaþjónustu samhliða uppbyggingu vindlundar sýnir auknar komur ferðamanna á svæðið (Wind energy progress, 2015). Þannig er margt sem bendir til þess að hliðaráhrif virkjana geta verið jákvæð fyrir ferðaþjónustu svæða og haft áhrif langt út fyrir það sem fólk sér í fyrstu. Bláa lónið er efalaust eitt besta dæmið um nýjan áfangastað sem varð til án þess að vakað hafi fyrir mönnum að byggja upp nýjan skoðunarverðan stað en lónið varð til vegna samsöfnunar affallsvatns orkuversins við Svartsengi. Bæði Bláa lónið og orkuverið laða að sér fjölda gesta á hverju ári. Árið 2013 er talið að sjö af hverjum tíu erlendu ferðamönnum sem komu til Íslands hafi heimsótt Bláa lónið eða um 650 þúsund manns (Morgunblaðið, 2014). Önnur hliðarafurð af orkuverinu í Svartsengi er framleiðsla á heilsu- og húðverndarvörum úr jarðefnum og náttúrulegum þörungum lónsins. Til viðbótar við fyrrnefnda starfssemi hafa orðið til líftæknifyrirtæki og fiskeldi sem nýta orku sem og affall frá starfsseminni. Fyrirtækið Auðlindagarðurinn var stofnað í kringum þessa starfssemi og má rekja ríflega 500 störf beint til Auðlindgarðsins auk annarra afleiddra starfa (Auðlindagarðurinn, á.á.). Virkjanir geta á þann hátt lagt grunn að nýjum tækifærum á sviði ferðaþjónustu hér á landi, skapað ný atvinnutækifæri og stuðlað að dreifingu ferðamanna um landið.

3. Áhrifasvæði fyrirhugaðs Búrfellslundar

Eftirfarandi kafli er byggður á samskonar kafla í skýrslunni um viðhorf ferðamanna til Búrfellslundar (Anna Dóra Sæþórsdóttir, o.fl., 2015), en staðfærður fyrir efni þessarar rannsóknar.


Landsvirkjun telur vera hagræði í því að hafa vindmyllulund staðsettan nálægt núverandi vatnsaflsvirkjunum þar sem stutt er í tengivirki sem auðveldar alla tengingu við dreifikerfi raforkunnar. Þá sýna langtíma veðurmælingar að vindur á svæðinu á og við fyrirhugaðan Búrfellslund er öflugur og jafnframt nokkuð stöðugur en því valda landfræðilegar aðstæður þar sem vindstrengur streymir ofan af hálandingu og magnast upp á milli Næfurholtsfjalla og Búrfells. Svæðið er jafnframt einsleitt og fremur flatt og þar er landrými fyrir þær 60 til 90 vindmyllur sem þarf til að framleiða allt að 200 MW af orku (Mannvit, 2014). Svæðið er enn fremur hluti af orkuvinnslusvæði Landsvirkjunar á Þjórsár-Tungnaásvæðinu sem hefur orðið fyrir töluverðu raski. Þau mannvirki sem eru nú þegar á svæðinu eru t.d. stíflur, veituskurðir, lokuvirki, raflínur, tengivirki, aflstöðvar, uppbyggðir malbikaðir vegir, malarvegir, fjallaskálar og hálandishótel í Hrauneyjum. Vatni er auk þess miðlað um uppistöðulónin Þórisvatn, Hágöngulón og Kvíslaveitu auk þess sem minni miðlunarmannvirki eru við hverja virkjun, eins og Krókslón, Sultartangalón, Bjarnarlón, Hrauneyjalón og Vatnsfellslón. Þjóðleiðin um Þjórsárdal er uppbyggður og malbikaður vegur sem liggur í gegnum fyrirhugaðan Búrfellslund að vestanverðu. Hún tengist meðal annars Sprengisandsleið og frá henni liggja leiðir inn á vinsæla áfangastaði hálandisins eins og Landmannalaugar og Veidivötn. Á svæðinu austan Þjórsár eru hins vegar einungis malarvegir. Í jaðri Búrfellslundar að sunnanverðu liggur Dómadalsleið til austurs meðfram norðurjaðri Heklu og inn á Friðland að Fjallabaki og tengist þar inn á Fjallabaksleið nyrðri.

Unnt er að flokka svæði sem áhrif virkjanaframkvæmda ná til í tvennt, þ.e. annars vegar í *framkvæmdasvæði* og hins vegar *áhrifasvæði* (sjá Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2010a, 2010b, 2010c). *Framkvæmdasvæði* er skilgreint sem sjálft virkjunarsvæðið með tilheyrandi mannvirkjum, þ.e. byggingum, lóni, stíflum, skurðum, ásamt því svæði sem raflínur og vegir vegna framkvæmdanna liggja um og sjónrænna áhrifa þeirra gætir á. Hins vegar ferðast ferðamenn, eðli málsins samkvæmt, frá einum stað til annars og það sem þeir sjá og upplifa á einum stað hefur áhrif á upplifun þeirra af ferðalaginu í heild sinni. *Áhrifasvæði* er þannig skilgreint sem það svæði sem virkjun og meðfylgjandi mannvirki hafa á þennan hátt áhrif á. Stærð áhrifasvæðisins ræðst af samgöngukerfinu, ferðahegðun ferðamanna ásamt markaðssetningu og kynningu á svæðinu og er að öllu jöfnu mun umfangsmeira en framkvæmdasvæðið.

Framkvæmdasvæði Búrfellslundar er svæðið þar sem fyrirhugað er að vindmyllurnar verða settar upp ásamt meðfylgjandi vegslóðum, jarðstrengjum og tengivirkjum, auk áhrifa vegna efnistöku í tengslum við framkvæmdirnar, sérstaklega ef notast verður við nýja efnistökuastaði. Auk þeirra vega sem fyrir eru þarf að leggja aðkomuvegi að hverri vindmyllu og byggja plan undir hverja vindmyllu (Mannvit, 2014). Í Búrfellslundi sjálfum verður ekki mikið um viðkomustaði ferðamanna en eitthvað er um að ferðamenn stoppi við vegamót Dómadals- og Landvegjar sem eru í suðurjaðri fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Þar er vinsælt að taka myndir af Heklu og þar hefur verið komið fyrir nokkrum upplýsingaskiltum fyrir ferðamenn. Í jaðri framkvæmdasvæðisins eru einnig Tröllkonuhlaup og Fossabrekkur sem hvort tveggja eru viðkomustaðir ferðamanna.

Áhrifasvæði Búrfellslundar á ferðamennsku og útivist mun ná langt út fyrir fyrirhugað framkvæmdasvæði. Með hliðsjón af skilgreiningu áhrifasvæðis mun áhrifasvæði fyrirhugaðra vindmylla í Búrfellslundi ná að sunnan frá Þjórsárdal (t.d. Gjáin, Þjóðveldisbæinn, og Rjúpnaveilir), norður Sprengisandleið, austur að Skaftá (t.d. Landmannalaugar, Fjallabak, Hekla, Veiðivötn, Eldgjá og Hólaskjól) og vestur um línuveginn að Gullfossi í Hvítá. Bein sjónræn áhrif vindmyllanna verða enn fremur á stóru svæði (Mynd 3). Þeir sem munu t.d. aka um Þjórsárdalsveg (nr. 32) norðan Búrfells, ofanverðan Landveg (nr. 26), Dómadalsleið (nr. F225) vestan Valahnjúka og að norðan á móts við Hrauneyjar koma til með að sjá vindmyllurnar. Þetta þýðir að allir ferðamenn sem eru á leið um Sprengisandsleið eða Fjallabak munu sjá vindmyllurnar og á nokkra kílómetra kafla munu þeir þurfa að aka í gegnum sjálft vindmyllusvæðið. Algengasta leið á Heklu er að norðanverðu með útsýni beint yfir Búrfellslund. Þá munu vindmyllurnar einnig sjást frá Hólaskógi og frá Áfangagili. Vindmyllurnar munu einnig sjást af Háafossvegi (nr. 332) en þó nokkur fjöldi ferðamanna leggur leið sína að Háafossi og sumir fara áfram línuveginn vestur að Gullfossi.

Áhrifasvæði Búrfellslundar kemur að öllum líkindum til með að verða enn stærra í myrkri vegna áhrifa af flugöryggisljósum sem samkvæmt drögum að tillögu að matsáætlun (Mannvit, 2014) er fyrirhugað að setja upp á vindmyllurnar. Sjónræn áhrif vindmyllanna munu þannig verða mismunandi eftir aðstæðum hverju sinni, svo sem eftir árstíðum og veðurfari, en í fjarska munu vindmyllurnar falla mismunandi inn í landslagið eftir bakgrunni hvers tíma og staðsetningu þess sem horfir, s.s. hvort hvítur snjór er á jörðu eða bert svart basaltið, hvort litið er niður á vindmyllurnar eða þær beri við himinn.



Mynd 3. Áætlaður sýnileiki vindmylla í Búrfellslundi (Kort fengið frá Landsvirkjun).

4. Gögn og aðferðir

4.1 Aðferðafræði

Til að meta áhrif vindmylla í Búrfellslundi á íbúa nærsamfélagsins var stuðst við hvort tveggja eigindlegar og meginlegar rannsóknaraðferðir. Til að endurspegla viðhorf ferðapjónustunnar var einungis stuðst við eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í meginlegum aðferðum er í grundvallaratriðum stuðst við tölulega greiningu gagna sem í þessari rannsókn er fengin með því að leggja fyrir spurningarlista. Byrjað var á því að hanna spurningalista, sem síðan var lagður fyrir íbúa á vettvangi í hverju hinna þriggja sveitarfélaga, þ.e. Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Rangárþingi ytra og Ásahreppi, í október 2014, janúar og febrúar 2015. Spurningalistinn var hálf-staðlaður, þ.e. sambland opinna spurninga og krossaspurninga. Þessi aðferð er sérlega gagnleg þegar fjöldi svarenda er lítill (Mikkelsen, 2005). Spurningalistinn var þannig samansettur að oftast en einu sinni var spurt um sama fyrirbæri. Þetta gaf möguleika á að bera saman mismunandi svör við svipuðum spurningum.

Spurningalistinn samanstóð af þrjátíu spurningum (Viðauki I). Spurningarnar skiptust í fjögur megin áherslusvið. Það fyrsta beindi sjónum að þekkingu og tengslum íbúa við svæðið umhverfis fyrirhugaðan Búrfellslund. Annað áherslusviðið fjallaði um vindmyllur og landslag og þekkingu íbúa á fyrirhuguðum áformum Landsvirkjunar í Búrfellslundi. Þriðja áherslusvið spurningalistans beindi sjónum að orkunotkun og loftlagsbreytingum. Í því fjórða og síðasta voru íbúar spurðir út í íbúaþróun og atvinnuástand í sínu sveitarfélagi. Í lok listans voru almennar bakgrunnsspurningar um aldur, kyn, búsetu og fleira. Til að greina betur áhrif vindmylla í íslensku landslagi voru notaðar ljósmyndir sem teknar voru á svæðinu umhverfis fyrirhugað framkvæmdarsvæði frá mismunandi sjónarhornum. Ljósmyndirnar voru alls tuttugu og ein. Sex þeirra mynduðu þrjú myndapör með og án mannvirkja. Á fimmtán myndanna var búið að setja inn vindmyllur með myndvinnsluforriti. Ljósmyndirnar fimmtán mynduðu sjö myndapör eða -syrpur með mismunandi fjölda vindmylla, sem voru enn fremur af ólíkri hæð (annars vegar er um að ræða 66 vindmyllur sem ná í 80 m hæð og hins vegar 87 vindmyllur sem ná í 64 m hæð), í mismunandi fjarlægð (annars vegar 1,5 km og hins vegar 4 km) og í mismunandi landslagi. Myndasyrpurar sjö eru eftirfarandi:

- 1) Ljósmynd A tekin til norðausturs yfir Bjarnalón og sýnir 66 vindmyllur 80 m háar, í 4 km fjarlægð.
Ljósmynd B tekin til norðausturs yfir Bjarnalón og sýnir 87 vindmyllur 64 m háar, í 4 km fjarlægð.
- 2) Ljósmynd C tekin frá Áfangagili til vesturs og sýnir 66 vindmyllur 80 m háar, í 4 km fjarlægð.
Ljósmynd D tekin frá Áfangagili til vesturs og sýnir 87 vindmyllur 64 m háar, í 4 km fjarlægð.
- 3) Ljósmynd E tekin af Þjóðvegi F26 til suðurs og sýnir 87 vindmyllur 64 m háar, í 1,5 km fjarlægð.
Ljósmynd F tekin frá Dómadalsleið til norðurs, sýnir 87 vindmyllur 64 m háar, í 1,5 km fjarlægð.
Ljósmynd G tekin frá Hólaskógi til austurs og sýnir 87 vindmyllur 64 m háar, í 1,5 km fjarlægð.
- 4) Ljósmynd H tekin af Þjóðvegi F26 til suðurs og sýnir 3 vindmyllur 64 m háar, í 1,5 km fjarlægð.
Ljósmynd I tekin af Þjóðvegi F26 til suðurs og sýnir 3 vindmyllur 80 m háar, í 1,5 km fjarlægð.
- 5) Ljósmynd J tekin frá Hólaskógi til austurs og sýnir 3 vindmyllur 64 m háar, í 1,5 km fjarlægð.
Ljósmynd K tekin frá Hólaskógi til austurs og sýnir 3 vindmyllur 80 m háar, í 1,5 km fjarlægð.
- 6) Ljósmynd L tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 3 vindmyllur 64 m háar, í 1,5 km fjarlægð.
Ljósmynd M tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 3 vindmyllur 80 m háar, í 1,5 km fjarlægð.
- 7) Ljósmynd N tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 3 vindmyllur 64 m háar, í 4 km fjarlægð.
Ljósmynd O tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 3 vindmyllur 80 m háar, í 4 km fjarlægð.

Til að kafa dýpra í viðhorf íbúa til fyrirhugaðra framkvæmda vegna Búrfellslundar voru einnig tekin viðtöl við íbúa sveitarfélaganna þriggja. Enn fremur voru tekin viðtöl við ferðaþjónustuaðila bæði í héraði og einnig ferðaþjónustuaðila sem staðsettir eru utan héraðs, en nýta svæðið fyrir sína starfsemi. Viðtöl flokkast undir eigindlegar rannsóknaraðferðir, en slíkar aðferðir byggja á hugmyndum þar sem áhersla er lögð á að einstaklingurinn sé virkur túlkandi veruleikans og á þann hátt er reynt að leggja áherslu á merkingu, upplifun og viðhorf þátttakenda. Notuð voru hálfstöðluð viðtöl sem einkennast af því að ákveðin atriði eru rædd en ekki er spurt staðlaðra spurninga. Á þann hátt gefst viðmælendum meira svigrúm til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri (Esterberg, 2002). Í viðtölunum var stuðst við ákveðinn viðtalsramma (Viðauki II & III) og til hliðsjónar var haft kort af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði þar sem afmörkun Búrfellslundar var dregin og sýndar þær sex vatnsaflsvirkjanir sem eru nú þegar á vatnasviði Þjórsár og Tungnaár. Á kortinu voru einnig sýndir helstu gististaðir í nágrenni Búrfellslundar þ.e. Áfangagil, Landmannahellir og Landmannalaugar og hluti af mörkum Friðlands að Fjallabaki. Afmörkun kortsins náði suður fyrir Heklu og Landmannalaugar, vestur fyrir Búrfellsvirkjun, norður fyrir Búðarhálsvirkjun og austur fyrir Vatnsfellsvirkjun, Landmannalaugar og mörk Friðlands að Fjallabaki (Viðauki IV).

4.2 Val úrtaks

Í sveitarfélögunum þremur sem til rannsóknar eru, þ.e. Ásahreppi, Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi, voru skráðir íbúar þann 1. janúar 2014 alls 2.276. Af þeim eru 1.773 18 ára og eldri (Hagstofa Íslands, 2015) og myndar sá hópur þýði spurningakönnuninnar. Rúmlega helmingur (57%) íbúa sveitarfélaganna þriggja býr í dreifbýli, og 43% í þéttbýli. Yfir 80% íbúa í þéttbýli býr á Hellu (Hagstofa Íslands, 2015a). Fjölmennasta sveitarfélagið er Rangárþing ytra þar sem rúmlega 2/3 hlutar þýðisins býr (Tafla 1). Til að fá óbjagað úrtak sem endurspeglar viðhorf íbúa með tilliti til búsetu var ákveðið að dreifa spurningalistanum á vettvangi, jafnt í dreifbýli sem þéttbýli. Undirbúningur fólst í kortlagningu allra sveitarbæja og þéttbýlisstaða á svæðinu, ásamt skráningu allra vinnustaða. Ákveðið var að dreifa spurningalistum á annan hvern bæ og á öllum helstu vinnustöðum. Á vettvangi var keyrt á milli bæja og stoppað við annan hvern bæ þar sem viðtakanda var afhentur spurningalistinn, og rannsakandi náði síðan í spurningalista á bakaleið. Þar sem enginn var heima var farið á næsta bæ. Í þéttbýli var farið á alla skráða vinnustaði og fólk beðið um að fylla út spurningalistann, jafnframt var spurningarlistum dreift í verslunarmiðstöðinni á Hellu. Rannsakandi ýmist beið á meðan fólk fyllti listana út, eða sem oftast varð raunin að listarnir voru skildir eftir og rannsakandi kom síðar og náði í þá. Alls söfnuðust 178 spurningalistar, eða 10% allra skráðra íbúa í sveitarfélögunum þremur. Svarhlutfall skiptist nokkuð jafnt milli kynja eða 51% karlar og 49% konur, sem endurspeglar samsetningu þýðisins. Alls 4% svarenda greindu ekki frá kyni.

Tafla 1. Yfirlit yfir úrtak spurningakönnunar í héraði og skipting eftir sveitarfélögum (Hagstofa Íslands 2015a).

SVEITARFÉLAG	Íbúafjöldi alls	Íbúafjöldi \geq 18 ára ¹⁾	Fjöldi svaraðra spurningalista ²⁾
Ásahreppur	193	151 (8%)	4 (3%)
Rangárþing ytra	1553	1201 (68%)	126 (11%)
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	530	421 (24%)	41 (10%)
Staðsetning óþekkt			7
ALLS	2276	1773	178

1) Prósentutölur í sviga sýna hlutfall íbúa 18 ára og eldri af heildarfjölda þýðisins (þ.e. 1773).

2) Prósentutölur í sviga sýna hlutfall svarenda í hverju sveitarfélagi.

Við val á viðmælendum, bæði meðal heimamanna og ferðaþjónustuaðila, var stuðst við markvisst úrtak. Með því er átt við að þátttakendur eru valdir eftir tilteknum einkennum sem endurspeglar mismunandi viðhorf sem geta leitt til upplýsandi niðurstaðna rannsóknar (Esterberg, 2002). Til að fá viðhorf ólíkra hagsmunaaðila voru íbúar greindir í þrjá hagsmunahópa, þ.e.: almenna íbúa,

opinbera aðila og ferðaþjónustuaðila. Heildarfjöldi viðmælenda í héraði var 23, þar af 13 almennir íbúar, 3 opinberir aðilar og 8 ferðaþjónustuaðilar (Tafla 2). Fjöldi valinna viðmælenda úr hverju sveitarfélagi samsvarar hlutfallslegum fjölda 18 ára og eldri eftir sveitarfélagi (sjá Töflu 1). Ferðaþjónustuaðilar sem hafa hagsmuna að gæta á áhrifasvæði Búrfellslundar eru ekki eingöngu heimamenn sem reka ferðaþjónustu á svæðinu, heldur einnig ferðaþjónustuaðilar sem koma með ferðamenn inn á svæðið en hafa höfuðstöðvar sínar annars staðar. Þess vegna var ferðaþjónustuaðilum enn fremur skipt í tvennt, þ.e. ferðaþjónustuaðilar í héraði og ferðaþjónustuaðilar utan héraðs, og valdir 8 úr hvorum hópi (Tafla 3). Upplýsingar um starfandi ferðaþjónustuaðila innan sveitarfélaganna þriggja fengust meðal annars á heimasíðum sveitarfélaganna. Alls reyndust vera 47 ferðaþjónustuaðilar í sveitarfélögum þremur og spanna þeir flestar tegundir ferðaþjónustu, s.s. gistingu, veitingar, rútuakstur, hestaferðir, ævintýraferðir, og söfn. Erfitt reyndist að skipta ferðaþjónustuaðilum í ákveðna flokka, þar sem flest fyrirtækin eru með fjölbáttan rekstur, t.d. gistingu, veitingar og afþreyingu. Valdur voru 14 fulltrúar af handahófi sem spanna róf reksturs ferðaþjónustuaðila á svæðinu (Tafla 4). Hjá tveimur ferðaþjónustufyrirtækum var rætt við tvo fulltrúa í sitt hvoru lagi, samtals voru því tekin 16 viðtöl við ferðaþjónustuaðila. Viðtölin voru öll nafnlaus, og viðmælendum tilgreint í upphafi viðtals að svo væri.

Tafla 2. Skipting viðtala eftir sveitarfélögum og stöðu viðmælenda.

SVEITARFÉLAG	Alm. íbúar	Opinberir aðilar	Ferðaþjónustuaðilar í héraði	Viðtöl (alls í héraði)
Ásahreppur	1	1	1	3
Rangárþing ytra	9	1	6	16
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	3	1	1	5
ALLS ÍBÚAR	13	3	8	24

Tafla 3. Skipting viðtala ferðaþjónustuaðila eftir staðsetningu fyrirtækis.

SVEITARFÉLAG	Ferðaþjónustuaðilar í héraði	Ferðaþjónustuaðilar utan héraðs	Viðtöl (alls ferðaþj.)
Ásahreppur	1	8	16
Rangárþing ytra	6		
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	1		
ALLS FERÐAÞJ.AÐILAR	8	8	16

Tafla 4. Viðmælendur ferðaþjónustufyrirtækja í rannsókninni í stafrófsröð.

Fyrirtæki (í stafrófsröð)	Starfsemi
<i>Viðmælendur í héraði</i>	
Áfangagil	Gistiskálar og tjaldstæði, auk astaða fyrir hesta
Hekluhestar	Hestaferðir
Herriðahóll	Skipulagðar hestaferðir og aðstaða fyrir viðburði
Hestakráin	Gisting, hestaferðir, veitingahús/krá
Hótel Rangá	Gisting, veitingar
Leirubakki / Hekluasetur	Gisting, safn, hestaferðir
South Iceland adventure	Skipulagðar ferðir á jeppum, snjósleðum og fjórhjólum. gönguferðir, klifur, og önnur afþreying
<i>Viðmælendur utan héraðs</i>	
Arctic adventures	Skipulagðar ferðir, s.s. jeppaferðir, gönguferðir, rafting og klifur
Eldhestar	Hestaferðir
Ferðafélag Íslands	Gisting og fjölbreyttar gönguferðir um Þjórsárdal, Fjallabak, o.fl.
Iceland travel	Fjölbreytilegar skipulagðar ferðir
Íslenskir fjallaleiðsögumenn	Fjölbreytilegar ferðir m.a. á jeppum
Trex	Rútuþyrirtæki sem er með áætlanuferðir inn á Fjallabak m.a. Landmannalaugar
Útivist	Fjölbreyttar gönguferðir um Þjórsárdal, Fjallabak, o.fl.

4.3 Úrvinnsla gagna

Að lokinni gagnasöfnun voru spurningalistarnir slegnir inn í tölfræðiforritið SPSS þar sem gögnin voru flokkuð og greind. Niðurstöður spurningakönnunarinnar eru kynntar með lýsandi tölfræði (þ.e. myndir, hlutföll, meðaltöl og staðalfrávik) og sem ályktunartölfræði til að kanna hvort um marktækan mun sé að ræða á milli mismunandi hópa. Í meginmáli skýrslunnar er fyrst og fremst greint frá niðurstöðum lýsandi hluta tölfræðinnar, fyrir utan umfjöllun þar sem sjónum er sérstaklega beint að því hvort að marktækur munur sé á viðhorfum svarenda til landslags með og án mannvirkja sem og viðhorfum til vindmylla eftir fjölda, hæð og fjarlægðar í landslagi. Aðrar niðurstöður ályktunartölfræðinnar er að finna í Viðauka V. Í ályktunartölfræðinni er annars vegar notast við t-marktektarpróf ef um var að ræða mun á milli tveggja hópa, eins og til dæmis á milli kynja. Hins vegar er notast við einhliða dreifigreiningu (e. *One – way ANOVA*) með Post Hoc prófunum Gabriels og Hochbers, GT2 þegar um var að ræða fleiri en tvo hópa eins og t.d. sveitarfélaganna þriggja, en slík próf henta vel til að greina mun á milli hópa með ólíkum fjölda (Field, 2013). Notast er við 5% marktekt, það er að marktækur munur er á milli hópa ef p-gildi er undir 0,05.


Viðtöl voru öll boðuð í gegnum síma og/eða tölvupóst, en flest viðtölin voru tekin á vettvangi, það er á heimili viðmælanda eða í móttöku fyrirtækisins, sem oftast en ekki var sami staðurinn. Viðtölin tóku allt frá 15 mínútum upp í 45 mínútur. Þau voru öll hljóðrituð með leyfi viðmælanda. Úrvinnsla viðtala fólst í að hlusta á viðtölin, afrita þau orðrétt yfir í tölvu, og að greina þau og flokka samkvæmt markmiðum rannsóknarinnar.

5. Niðurstöður


5.1 Viðhorf íbúa

5.1.1 Bakgrunnur svarenda

Flestir þeirra 178 íbúa sem svöruðu spurningalistanum eru á aldrinum 50 – 59 ára, eða 22% (Mynd 4), meðalaldur svarenda er tæp 48 ár. Yngsti þátttakandinn er 16 ára en sá elsti er 85 ára. Að meðaltali hafa svarendur búið 28 ár í sveitarfélaginu, um 15% hefur búið þar í minna en 5 ár og álíka margir hafa búið yfir 50 ár í sínu sveitarfélagi (Mynd 5).




Mynd 4. Aldur svarenda.



Mynd 5. Búsetulengd svarenda.


Flestir svarenda starfa við skrifstofu- og þjónustustörf (30%). Næst flestir starfa við landbúnað (19%) og sérfræðistörf (16%). Tæp 14% svarenda starfa við ferðaþjónustu (Mynd 6). Hlutfall þeirra sem búa í dreifbýli og þéttbýli er nokkuð jafnt, en 52% svarenda býr í dreifbýli og 48% í þéttbýli.



Mynd 6. Starf svarenda.

5.1.2 Þekking og tengsl íbúa við svæðið umhverfis fyrirhugaðan Búrfellslund

Þátttakendur voru spurðir að því hversu vel þeir þekktu til svæðisins norðan og austan við Búrfell í Þjórsárdal. Meirihluti svarenda þekkir svæðið vel eða mjög vel (61%) á meðan að um fimmtingur þekkir lítið eða ekkert til svæðisins (Mynd 7). Karlar þekkjast svæðið marktækt betur en konur. Að öðru leyti er ekki marktækur munur á milli svarenda greint eftir helstu bakgrunnsbreytum (Viðauki V).



Mynd 7. Þekking íbúa á svæðinu norðan og austan Búrfells í Þjórsárdal.

Viðmælendur þekkjast svæðið misvel, sumir hafa dvalið löngum á svæðinu á meðan aðrir hafa lítið sem ekkert haft af því að segja. Viðmælandi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sagðist þekkjast svæðið mjög vel og að hann hefði merkt þar


margar gönguleiðir. Viðmælandi í Rangárþingi ytra sagðist einnig þekkjast svæðið vel, og sagði m.a.:

Ég þekki svæðið mjög vel, er uppalin þarna á sumrin næstum því, maður þekkir alla króka og kima og þekkir allar draugasögurnar þarna, þannig að þetta hefur tilfinningalegt gildi og þetta er svona ákveðin vin í eyðimörkinni sérstaklega þarna þar sem réttirnar og Áfangagil er.

Annar viðmælandi í Rangárþingi ytra sagði hins vegar: „Ég þekki svæðið svona eins og hver annar Íslendingur, þekki það ekkert gríðarlega vel, hef kynnt mér betur svæðið í kringum Heklu“, og viðmælandi í Ásahreppi sagði: „Þetta er náttúrulega bara hálandið okkar“.


Þátttakendur voru spurðir um upplifun sína af svæðinu norðan og austan Búrfells með tilliti til fegurðar, aðgengis, kyrrðar, hreinleika og einnig hversu náttúrulegt þeir upplifa svæðið. Svarmöguleikarnir voru á 5 stiga Likert-kvarða þar sem 1 stendur fyrir mjög náttúrulegt, mjög hreint, mjög kyrrt, mjög aðgengilegt eða mjög fallett og 5 stendur fyrir hið gagnstæða, eða mjög manngert, mjög sódalegt, mjög hávært, mjög óaðgengilegt eða mjög ljótt. Meirihluti svarenda upplifir svæðið sem hreint (76%), kyrrlátt (75%), aðgengilegt (72%), fallett (66%) og náttúrulegt (63%) (Mynd 8). Nokkur hluti svarenda (12%) telur svæðið vera manngert. Einungis 1% telur

svæðið vera sóðalegt, og eftirtektarvert er að engum finnst svæðið vera hávært, og innan við 4% finnst svæðið vera ljótt (Mynd 8).




Mynd 8. *Upplifun íbúa á svæðinu norðan og austan við Búrfell í Þjórsárdal.*

Þátttakendur voru spurðir í opinni spurningu hvaða gildi svæðið norðan og austan Búrfells hefði fyrir þá. Um 31% svarenda telja að svæðið hafi lítið eða ekkert gildi fyrir þá, en helmingi færri, eða 15%, telja svæðið hafa mikið gildi fyrir þá. Tæp 9% svarenda nefnir að þeim þyki vænt um svæðið. Fjórðungur svarenda (25%) nefnir að gildi svæðisins felist í fegurð og margir telja því til stuðnings upp margar helstu náttúruperlur svæðisins. Einn þátttakandi lýsir gildi svæðisins eftirfarandi: „Mjög hátt gildi, opin fegurð, sýn frá Búrfelli og Heklu sýna víðáttu og fegurð landsins“. Tæp 13% svarenda telja að gildi svæðisins felist í því að vera byrjun á hálendi Íslands. Í því sambandi finnst einum þátttakanda svæðið „...marka einhvern vegin alltaf mörk síðmenningar og víðáttunar með þessi ótal mörgu veiðisvæði“, og annar sagði „Þetta er hluti af stærra svæði tengt Þjórsárdal og leiðinni inn í Landmannalaugar og Veiðivötn“. Um 10% svarenda telur að gildi svæðisins felist í því að vera ferðamannasvæði, en einungis einn þátttakandi nefnir að hann hafi „... sýnt ferðamönnum vindmyllurnar tvær“. Rúmlega 4% telur gildi svæðisins liggja í útivist, og nokkru fleiri (6%) telja gildi þess felast í stöðu þess sem ósnortið land. Tæp 4% svarenda álíta hins vegar gildi svæðisins liggja í orkuvinnslu og um 3% telur svæðið tilvalið fyrir vindmyllur, á meðan að tæp 2% telur vindmyllur skerða gildi svæðisins (Mynd 9).



Mynd 9. Gildi svæðisins norðan og austan við Búrfell í Djórsárdal að mati íbúa.

Þátttakendur voru spurðir um hver þeir telja vera helstu einkenni landslags á svæðinu norðan og austan við Búrfell. Flestir telja einkenni svæðisins felast í ásýnd sands (23%), auðna (19%) og hrauna (18%). Þessa ásýnd telja fimmtungur þátttakenda (22%) vera fallega. Einn svarandi lýsir svæðinu eftirfarandi: „Sandur og melur með útsýni sem er framandi“, og annar „Móbergshryggir, vikuropið braun, giljóttar blíðar fellanna, nánd við Heklu“. Margir nefna enn fremur fjallasýn og víðáttu, gróðurleysi og hrjóstrugt landslag. Um 10% svarenda telur Heklu vera einkenni fyrir svæðið eða eins og einn þátttakandi orðaði það: „Þar sem Hekla drottinnar sem drottning“. Hekla ber þannig höfuð og herðar yfir önnur fjöll svæðisins, en einungis 2% nefna Búrfell sem einkenni fyrir svæðið. Um 3% svarenda telja svæðið vera mikilvægt fyrir dýralíf, einn þátttakandi nefnir að svæðið sé mikilvægt sem heimkynni fyrir refinn. Fáir leiða hugann að þeim vatnsaflsvirkjunum sem eru nú þegar á svæðinu þegar spurt er um einkenni landslags á svæðinu, og eftirtektarvert er að einungis tæp 4% svarenda telur svæðið einkennast af virkjunum (Mynd 10).



Mynd 10. Einkenni landslags á svæðinu norðan og austan við Búrfell í Þjórsárdal að mati íbúa.

Viðmælandi búsettur í Rangárfingi ytra lýsir einkennum landslagsins á svæðinu á eftirfarandi hátt:

Svæðið er svona pínulítið afskekkt eða svona soldið út úr og tiltölulega lítið af fólki þótt það séu svona tiltölulega mikil umsvif í kringum virkjanirnar. Okkar frægasta eldfjall er nú þarna, þetta er nú alveg við rætur þess, Heklu sko, þannig að þetta er og hraunin og náttúrulega líka Búrfellið líka sjálft er mjög skemmtilegt fjall og svo hef ég persónulega verið að skoða birkiskógana náttúrulegu á þessu svæði þótt þeir séu kannski ekki akkurat þarna þeir eru í Búrfellinu.

Í huga viðmælanda í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru einkenni svæðisins einkum: „Þetta er náttúrulega bara hrjóstugt og svona afréttarsvæði sko. Maður sér til Heklu og til fjalla og slíkt. Það sem heillar mig eru virkjanirnar”, og annar viðmælandi í Rangárfingi ytra dregur fram vaxandi mikilvægi ferðaþjónustunnar á svæðinu:


Þetta er svona eins og almennt á Íslandi, svona dæmigerð íslensk öræfi. Nákvæmlega þessi blettur sem hugsaður er fyrir myllurnar heillar mig ekki sérstaklega en fjallasýnin þarna í kringum Búrfell, Þjófafossar og Rangá þetta eru miklar náttúruperlur og vaxandi stoppustaðir fyrir ferðamenn.

Aðrir telja að einkennum svæðisins felist í fjölbreytilegu landslagi, víðáttu og víðernum, eða eins og einn íbúi í Rangárfingi ytra orðaði það: „Það er náttúrulega bara þegar maður kemur þarna inn úr bara


ósnortið, manni finnst maður vera kominn úr byggð. Þetta er náttúrulega bara þerla hérna, Landmannaleið og Áfangagil, svaka flott landslag“, og annar sveitungi hans:

Víðerni, svartir sandar, fjölbreytni í landslagi heillar, þetta er ekki algengt erlendis, eins og að vera á tunglinu. Eins og þegar maður er að koma frá Landmannahelli og kemur þarna upp á hæðina og það er alveg ekkert á þessu svæði og við erum búin að vera að þræða hraun og annað og ekki mikið af fjöllum og ekki búin að sjá mikið frá okkur, svo komum við hérna upp á hæðina og sjáum þá mjög langt frá okkur og við erum að benda á jöklana. Ég er ansi hrædd um að þegar við værum að koma upp hæðina myndi athyglin fara bara á þessar vindmyllur heldur en jöklana sem eru þarna í baksýn.

Þátttakendur voru spurðir að því hvort það skipti þá máli að sveitarfélagið þeirra nái inn á hálendið. Mikill meirihluti (74%) telur svo vera (Mynd 11) og telja flestir (33%) megin ástæðu þess felast í mikilvægi svæðisins sem afréttarland fyrir sauðfjárbreit. Margir nefna einnig skipulagsmál (20%), mögulegar tekjur vegna landnýtingar á svæðinu (14%) og ferðamennsku og útivist (11%). Aðrar ástæður vega minna (Mynd 12).



Mynd 11. Viðhorf íbúa um mikilvægi þess að sveitarfélagið nái inn á hálendið.



Mynd 12. Megin ástæður þess að það skiptir íbúa máli að sveitarfélagið þeirra nái inn á hálendið.


5.1.3 Vindmyllur í náttúru Íslands

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir þekktu til vindmyllanna tveggja sem reistar voru á Hafinu norðan við Búrfell árið 2012. Meirihluti svarenda (72%) þekkir til þeirra (Mynd 13). Marktækur munur er á þekkingu íbúa eftir kyni, búsetu og búsetuformi (Viðauki V). Þannig þekkja karlar marktækt betur til vindmyllanna tveggja en konur; íbúar í Rangárþingi ytra þekkja mun betur til þerra en nágrennar þeirra í Skeiða- og Gnúpverjahreppi; og íbúar í dreifbýli þekkja betur til þeirra en íbúar í þéttbýli.



Mynd 13. Hlutfall íbúa sem þekkir til vindmyllanna tveggja á Hafinu.


Þegar þátttakendur voru spurðir að því hvort það sæist til þessara tveggja vindmylla frá heimili þeirra, sögðu 91% svo ekki vera, en 9% svarenda sjá hins vegar til þeirra frá heimili sínu. Hlutfallið var svipað þegar spurt var hvort þátttakendur teldu líklegt að það myndi sjást til fyrirhugaðra vindmylla í Búrfellslundi, þá telja 80% svarenda það ekki líklegt, tæp 9% telja það líklegt og 10% eru óvissir (Mynd 14).



Mynd 14. Sýnileiki vindmylla frá heimili íbúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Ásahreppi, og Rangárþingi ytra.

Þátttakendur voru því næst spurðir um viðhorf sitt til vindmyllanna tveggja við Búrfell, til vindmylla almennt á hálendinu og í náttúru Íslands, og til Búrfellslundar með allt að 80

vindmyllum. Meirihluti svarenda (71%) er jákvæður í garð vindmyllanna tveggja á Hafinu og eingöngu 12% eru neikvæðir. Þeir sem búa í þéttbýli eru marktækt jákvæðari gagnvart vindmyllunum tveimur en þeir sem búa í dreifbýli (Viðauki V). Rúmlega helmingur (55%) er jákvæður gagnvart vindmyllum almennt á hálendinu en tæplega helmingur (48%) er jákvæður gagnvart vindmyllum í náttúru Íslands. Rúmur fjórðungur (28%) er hins vegar neikvæður gagnvart vindmyllum á hálendinu og í náttúru Íslands. Um 45% svarenda eru jákvæðir gagnvart fyrirhuguðum Búrfellslundi en rúmur þriðjungur svarenda er neikvæður í garð Búrfellslundar (Mynd 15). Marktækur munur er á viðhorfi þátttakenda til vindmylla á hálendi Íslands eftir kyni, búsetuformi og menntun. Þannig eru karlar marktækt jákvæðari en konur; íbúar í þéttbýli marktækt jákvæðari en íbúar í dreifbýli; þeir sem eru grunnskólapróf marktækt jákvæðari en þeir sem eru með meiri menntun; og þeir sem eru með háskólapróf eru marktækt neikvæðastir. Marktækur munur er einnig eftir búsetuformi á viðhorfi þátttakenda til vindmylla almennt í náttúru Íslands þar sem íbúar í þéttbýli eru marktækt jákvæðari. Karlar eru enn fremur marktækt jákvæðari til Búrfellslundar en konur (Viðauki V).



Mynd 15. Viðhorf íbúa til vindmylla á Íslandi.

Viðtölin við íbúa endurspeglar blendnari viðhorf til vindmylla í íslensku landslagi. Íbúi í Rangárþingi ytra sagði til dæmis þegar hann var spurður út í viðhorf til vindmylla almennt: „Ég er í sjálfu sér jákvæður, ég geri mér grein fyrir því að þetta er góð leið og ódýr, það er að segja vindurinn, og við eigum nóg af honum til þess að afla orku“. Og annar viðmælandi í sama sveitarfélagi sagði: „Ég hafði svo sem enga sérstaka afstöðu til vindmylla fyrr en það var verið að fara að byggja á þessu svæði, og ég var ekkert í skjólinum með þær þegar ég sá þær birtast þarna“. Þegar viðmælendur voru spurðir út í kosti og galla vindmylla voru þeir flestir sammála um að helstu kostir þeirra væru að uppspretta orkunnar væri vindurinn og hversu afturkræfar þær væru. Að mati viðmælanda í Rangárþingi ytra þá: „.... raska [vindmyllur] umhverfinu mjög lítið, þetta er bara ein hola og lítil undirstaða og svo kemur bara vindmylla ofan á það, lítið mál að fjarlægja það ef að svo ber undir“. Helstu ókostirnir að mati viðmælanda eru fyrst og

fremst sjónmengun, það að þessi mannvirki væru mjög sýnileg í landslaginu. Viðmælandi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi telur helsta ókostinn vera sjónmengun, og nefndi jafnframt: „... *en fegurðin býr í augum þeirra sem horfir, þannig að þetta er mjög huglægt sko*”. Áhyggjur vegna hávaða frá vindmyllunum var ofarlega í hugum margra viðmælanda. Kona í Rangárþingi ytra meðal annars: „*Mikill hávaði í þeim ... ég er mjög hrædd við að þetta spilli hálendiskyrröðinni*”. Almennt sögðust viðmælandur vera jákvæðir í garð tilraunavindmyllanna tveggja á Hafinu. Ungur viðmælandi í Rangárþingi ytra lýsir vel viðhorfi flestra viðmælanda: „*Það er náttúrulega sjálfsagt að gera tilraunir, þær voru settar upp sem tilraunataki og maður er alltaf frekar jákvæður gagnvart tilraunum*”. Þegar spurt var um vindmyllur í náttúru Íslands eru flestir viðmælandur á þeirri skoðun að það þurfi að vanda valið vel áður en vindmyllur eru reistar, eða eins og íbúi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi orðaði það: „*Þær þurfa að vera á réttum stöðum*”. Annar eldri íbúi í Rangárþingi ytra sagði:

Það þarf að gæta sín svakalega vel á því hvar þær verða reistar. Ég er hlynntur því að það verði miklu fleiri vindmyllur reistar vegna þess að við eigum svo víða rústað umhverfi, en það á að gæta afskaplega vel að staðsetningu þeirra með tillit til víðernis.

Yngri kona einnig búsett í Rangárþingi ytra sagði: „*Myndi ekki vilja sjá þær upp á hálendi út af víðernum og á láglandi getur þetta skadað fugla*”. Annar eldri íbúi í sama sveitarfélagi sagði: „... *það þarf auðvitað að vera sátt eðlilega hvar þú atlar að hafa þær, en auðvitað er Ísland stórt land og við ættum að geta fundið staði hér sem yrði svona ákveðin sátt um það mundi mér þykja*”. Yngri íbúi í Rangárþingi ytra sagði hins vegar: „*Ég vil bara ekki sjá þær ... en ef við þyrftum meiri orku þá væri þetta í lagi*”.

Þegar viðmælandur voru spurðir að því hvort þeir vildu sjá vindmyllur á hálendinu eða á láglandi, voru mjög skiptar skoðanir á því hvort hentaði betur. Þeir sem telja láglandi vera betri kost, vilja flestir vernda víðerni hálendisins, eða eins og yngri karlmaður í Rangárþingi ytra sagði:

Þær stinga dálítið í augu. Það er nóg samt búið að djöflast á hálendinu sko. Mun minna mál á láglandi þar er svo mikið manngert umhverfi og háspennulínur út um allt. Þær eru svo nokkuð afturkræfar þannig að það er allavega minna mál þar.

Annar eldri íbúi í Rangárþingi ytra tók í svipaðan steng:

Ég er á móti vindmyllum á hálendi Íslands, ég vil að hálendið fái að vera í friði, ég vil að hálendið fái að vera alveg óspillt. Það sem er sérstakt við Ísland, það er þessi óspillta náttúra í öllu sínu veldi, hálendið hjá okkur þetta er stærsta, er ekki talað um að þetta sé stærsta óbyggða svæði Evrópu. Auðvitað myndi ég vilja hafa þær miklu frekar við sjóinn þessar vindmyllur eða á láglandi á ákveðnum stöðum, það getur líka verð aðdráttarafl að hafa vindmyllur á ákveðnum stöðum.

Eldri karlmaður búsettur í Rangárþingi ytra taldi ekki skipta máli hvort vindmyllur væru staðsettar á hálendi eða láglandi, en:

„... það þarf bara að passa að þær verði á afmörkuðu svæði og reyna að forðast það að þær séu þar sem að hérna er nú þegar ósnortið land og hefur þýðingu fyrir ferðamenn, mér finnst að það eigi að forðast það”.

Kona búsett í Skeiða- og Gnúpverjahrepp sagði: „*Mér finnst þær alveg eiga rétt á sér þar sem þær eru ekki mikið fyrir fólki, vildi ekki hafa þær nálगत mér*”. Annar íbúi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hafði ekki áhyggjur af því að vindmyllur yrðu dreifðar út um allt á hálendinu: „*það þarf ekki að hafa áhyggjur af því að vindmyllum verði dreift um hálendið því það er svo dýrt að flytja ramagnið frá þeim*”. Yngri kvenmaður í Ásahreppi telur mikilvægast að staðsetning vindmylla sé þannig að nýtingin verði sem best: „*Ég hef eiginlega ekki skoðum á því, vil bara sjá þetta þar sem við fáum besta nýtingu þar sem er hagstæðast að hafa þetta*”.

Þegar viðmælendur voru spurðir að því hvort þeir væru hlynntir því að reistar yrðu 80 vindmyllur í Búrfellslundi, voru mjög skiptar skoðanir á meðal þeirra. Íbúi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hafði eftirfarandi að segja um Búrfellslund:

... er mjög jákvæð þetta er náttúrulega, þetta svæði er náttúrulega ónýtt eða bara drasl. Þetta er hvorki gróður eða, þetta er eiginlega ekki neitt, bara hraun og uppsafnaður vikur og sandur sem er búið að dæla upp úr lóninu. Þetta er eiginlega leiðindar landsvæði. Þú sækir ekkert þangað, fyrst og fremst er þetta bara sjónrænt, af því að þetta breytir sjónrænni upplifun að koma þarna, maður sér vindmyllur í stað þess að sjá ekkert, þetta er ekki að kæfa neitt að mínu mati. Það er ekki einu sinni hægt að rækta gras þarna, það er nánast ekkert dýralíf, gróðurfar og engar skemmtilegar bergmyndanir eða í rauninni neitt. Þannig að þannig séð er þetta ideal sko.

Eldri karlmaður í sama sveitarfélagi er sama sinnis: „*Ég er nokkuð jákvæður. Held að það myndi ekki pirra mig neitt sérstaklega þó að það myndi fjölga vindmyllum þarna*”. Og eldri karlmaður búsettur í Rangaárþingi ytra tók í sama streng: „*Hið besta mál. Það er hægt að nota þetta til alls konar útivistar*”. Miðaldra karlmaður í Rangárþingi ytra sá enn fremur ýmsa möguleika tengda þessum framkvæmdum:

Mjög jákvæður, svo hefur maður séð erlendis að það er gert útivistarsvæði í kringum svona vindmyllugarða eins og hjólabrautir eða göngustígar eða eitthvað slíkt, það væri hægt að gera útivistarsvæði í kringum þetta, held að ef eitthvað er, að þetta myndi hafa jákvæð áhrif, fólk myndi hafa gaman að því að skoða þetta.

Aðrir viðmælendur voru ekki eins jákvæðir út í fyrirhugaðan vindmyllulund. Einn íbúi í Rangárþingi ytra lýsir vel viðhorfi margra er hann segir:


Þetta er farið að nálgast hálendið og manni er soldið annst um það, auðvitað er búið að gera helling á þessu svæði, búið að virkja þetta soldið mikið. Hvað kostar það skiptir líka máli, og hvað á að nota þetta í ef það á bara að halda áfram að selja rafmagn á spottprís í stóriðju þá

er ég bara ekki hrifin af því ... Bara svona út af almennri orkustefnu í landinu sem er kannski ekki bara vindmyllurnar þær heldur að selja orkuna í stóriðju eða selja um sæstreng. ... ef við byggjum við orkuskort þá myndi maður segja að þetta svæði væri mikilvægt og þessar framkvæmdir eru það afturkræfar að þá myndi maður ekki setja sig á móti þeim. En miðað við núverandi ástand þá held ég að það sé í raun ekki þörf á því.

Annar íbúi í Rangárfingi ytra taldi áformin samræmast illa aukinni ferðamennsku á svæðinu: ... að hafa einhvern vindmyllugarð þarna, ég er ekki hrifinn af því. Já bara það er alltof mikil sjónmengun, þegar verið er að reyna að byggja upp ferðamannaiðnað á Íslandi og þetta er mikið sko, þú keyrir sko framhjá þessu upp í Hrauneyjarsfoss og Sigöldu og svo framvegis og getur farið norður ... þá keyrir þú framhjá þessu, þannig að ég veit ekki, við erum að reyna að skapa okkur, hvað ég að segja túristavænt land. Þannig að ég veit ekkert hvort að útlendingar eru nokkuð hrifnir af því að berja þetta augum. Mér finnst bara mikilvægt að halda þessu eins ósnortnu eins og hægt er”.

Og enn annar íbúi í sama sveitarfélagi sem hefur miklar áhyggjur af þessum áformum sagði: „*Einu orði sagt hræðilegt get ekki hugsað þá hugsun til enda ætli maður verði ekki eins og öfgasinnarnir að binda sig við gröfur ef þeir fara í þær framkvæmdir*”.


Þátttakendur voru spurðir hvort að Búrfellslundur með allt að 80 vindmyllum myndi hafa áhrif á hvort þeir myndu ferðast um svæðið norðan og austan við Búrfell í Þjórsárdal. Rúmur helmingur svarenda (56%) telur að það muni ekki hafa nein áhrif á ferðavenjur þeirra um svæðið. Tæp 20% telur að þeir kæmu frekar ef reistar yrðu vindmyllur á svæðinu og álíka margir segjast munu síður koma eða ekki koma á svæðið (Mynd 16). Marktækur munur er á svörum þátttakenda eftir búsetuformi og menntun (Viðauki V). Íbúar í dreifbýli, og þeir sem eru með hærri menntun, munu síður koma á svæðið verði Búrfellslundur reistur.



Mynd 16. Áhrif vindmylla í Búrfellslundi á ferðabegðun íbúa um svæðið norðan og austan Búrfells í Þjórsárdal.

Niðurstöður viðtalskönnunarinnar endurspeglar þessa afstöðu. Flestir viðmælendur telja að fyrirhugaðar 80 vindmyllur í Búrfellslundi munu ekki hafa áhrif á ferðahegðun þeirra. Þeir sem fara um svæðið á hestum eru þeir sem helst eru á annarri skoðun, eða eins og einn viðmælandi í Ásahreppi sagði: „Ég myndi ekki vilja fara þarna, bara til hvers, ég færi ekki á hesti þarna”.

Þátttakendur voru næst spurðir að því hver þeir teldu vera hæfilegan fjölda vindmylla á svæðinu við Búrfell. Af þeim sem tóku afstöðu (58%) er tæp 17% sem ekki vill sjá neinar vindmyllur á svæðinu, tæp 23% sem telur þessar tvær vindmyllur sem nú þegar eru á Hafinu vera hæfilegan fjölda. Tæp 11% telur hins vegar í lagi að meira en 100 vindmyllur væru á svæðinu og 10% telur 10-19 vera hæfilegan fjölda. Annar fjöldi vindmylla fékk minna vægi (Mynd 17).



Mynd 17. Hæfilegur fjöldi vindmylla á svæðinu norðan og austan Búrfells að mati íbúa.

Þegar viðmælendur eru spurðir að því hvaða svæði þeim finnst henta best undir vindmyllulund nefna nokkrir að þeir vilja frekar sjá vindmyllur reistar vestan við Þjórsá, eða á svipuðum slóðum og tilraunavindmyllurnar tvær standa í dag og norður að Búðarhálsvirkjun: „Það væri miklu nær að vera [með vindmyllurnar] í kringum Búðarhálsvirkjun þá ertu nær öllum tengivirkjum þá er þetta líka meira úr byggð” sagði íbúi í Rangárþingi ytra. Íbúi í Ásahreppi tekur í sama streng:

... hafa þetta þar sem ekki er mikil umferð t.d. í kringum Búðarhálsvirkjun, það er náttúrulega allt bara ljótt og ónýtt þar, þar sem búið er að eyðileggja skilurðu og enginn kemur þangað.

Ég held að það séu allir sammála því að hafa þetta ekki þarna, hafa þetta þarna upp frá.

Margir viðmælendur eru hins vegar sáttir við fyrirhugaða staðsetningu Búrfellslundar, og taka undir eftirfarandi orð eins íbúa í Rangárþingi ytra: "Finnst þetta alveg lógískur staður sem þeir hafa valið, þetta er mjög slétt þarna, og þarna er ekkert fyrir þannig að þeir vita alveg sínu viti með að hafa valið þennan stað”.


Viðmælendur voru enn fremur spurðir um framtíðarsýn sína fyrir fyrirhugað virkjanasvæði. Viðhorf viðmælenda skiptast í tvo hópa, annars vegar þá sem vilja halda svæðinu eins óspilltu og unnt er miðað við núverandi aðstæður, og hins vegar þá sem eru jákvæðir fyrir því að svæðið verði tekið undir vindmyllulund. Eftirtektarvert er að allir þrír sveitarstjórnaraðilarnir sjá fyrir sér að svæðið verði nýtt undir vindmyllur. Einn þeirra sagði í þessu sambandi „Ég sé vindmyllurnar fyrir mér þarna á þessu svæði í sjálfu sér í framtíðinni og finnst þetta mjög snidugt. Þú finnur varla betri stað, bæði vindurinn þarna er mjög góður, það er búið að reyna á það“; og annar sagði: „... það eru virkjanir vind- og vatnsorka ég held að vindorka sé aðeins framtíðin“; og sá þriðji: „Ég vil bara sjá vindmyllur og möguleika til að nýta þetta sem útivistarsvæði, nota þessa stíga sem settir verða á þessu svæði“. Nokkrir íbúar tóku í sama streng, en aðrir íbúar vilja að svæðið fái að halda sér eins og það er í dag, eða eins og eldri karlmaður í Rangárþingi ytra sagði: „Ég vil bara sjá þetta óspillt, það er mín framtíðarsýn með þetta, hafa þetta bara þannig að þetta njóti sín í þeirri mynd sem það er“.

Þátttakendur voru því næst beðnir um að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga um vindmyllur. Svarmöguleikar voru á 5 stiga Likert-kvarða þar sem 1 stendur fyrir *mjög sammála* og 5 stendur fyrir *mjög ósammála*. Einnig var möguleiki á að svara *veit ekki*. Af þeim sem tóku afstöðu eru svarendur almennt jákvæðir í garð vindmylla. Langflestir (86%) telja vindmyllur vera umhverfisvæna leið til orkuöflunar. Litlu færri (82%) telja vindmyllur vera jákvæða viðbót í orkuvinnslu hér á landi. Mikill meirihluti (tæp 74%) telur þó að banna eigi vindmyllur í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum, og sami fjöldi telur að vindmyllur eigi að vera á ákveðnum skilgreindum svæðum. Meirihluti svarenda (68%) telur vindmyllur vera áhugaverð mannvirki. Rúmur meirihluti (57%) telur að vindmyllur geti enn fremur skapað störf í sveitarfélaginu. Varðandi fullyrðingar um að það eigi einungis að byggja vindmyllur á afskekktum stöðum utan sjónmáls og að vindmyllur eigi frekar heima á láglandi en hálendi eru álíka margir sammála og ósammála. Hins vegar eru töluvert fleiri ósammála (45%) en sammála (28%) þeirri fullyrðingu að þeir vilji frekar sjá vindmyllur á landbúnaðarsvæðum heldur en í óbyggðum. Um 31% hefur áhyggjur af umhverfisáhrifum vindmylla, á meðan að tæpur helmingur (43%) hefur litlar eða engar áhyggjur af umhverfisáhrifum vindmylla. Um 20-25% telja vindmyllur hafa neikvæð áhrif á líðan fólks, dýralíf, og fuglalíf. Rúmlega fjórðungur (28%) telur vindmyllur minnka verðmæti lands, en um 44% telur svo ekki vera. Tæpur þriðjungur (30%) svarenda telur tíu vindmyllulundi með tíu vindmyllum vera æskilegri en einn vindmyllulund með 100 vindmyllum, en um fjórðungur (28%) er þessu ósammála. Yfir helmingur (54%) svarenda telur vindmyllur vera æskilegar í íslensku landslagi en rúmur fimmtungur (22%) telur þær vera óæskilegar. Innan við

fimmtungur (18%) telur að vindmyllur muni auka aðdráttarafl svæða fyrir ferðamennsku, en rúmur helmingur (54%) svarenda er því ósammála. Flestir (67%) eru ósammála þeirri fullyrðingu að þeir muni forðast að ferðast um svæði þar sem eru vindmyllur (Mynd 18).


Viðmælendur hafa hins vegar flestir aðallega áhyggjur af hávaða frá vindmyllum og að ljós frá þeim geti haft truflandi áhrif, og jafnvel valdið þirringi eins og einn íbúi í Skeiða-Gnúpverjahreppi sagði: „Ég held að það eigi eftir að vera ákveðinn þirringur ef það verða blikkljós á öllum vindmyllum, [sérstaklega] í nærumhverfi“. Og annar íbúi í Rangárþingi ytra sagði: „Fólk sakir soldið í myrkerið og svona fjarveru frá mannanna verkum sérstaklega þarna, held að það yrði ekkert sérstaklega gott, en þau eru náttúrulega nauðsynleg, en ég held að þau geti haft neikvæð áhrif“. Karlmaður í Rangárþingi ytra efast hins vegar um að ljósinn þurfi að vera svo sýnileg:

Ég held að menn þurfi að skoða hvort þessi ljós þurfa að vera svona rosalega áberandi, í fyrsta lagi vilja menn meina að þau þurfi það ekki þar sem þetta er svona lágt, og í öðru lagi væri hægt að beina ljósunum meira upp með einhvers konar hundakraga.



Mynd 18. *Viðborf íbúa til vindmylla.*


Þátttakendur voru enn fremur spurðir að því hvort þeir væru hlynntir því að vindlundur væri byggður í innan við 5 km fjarlægð frá heimili þeirra. Um helmingur svarenda (52%) er því andvígur en tæpur fimmtungur (18%) er því hlynntur (Mynd 19).



Mynd 19. Afstaða íbúa til staðsetningar vindmyllulunds nærri heimili þeirra (þ.e. innan við 5 km).

5.1.4 Orkunotkun og loftlagsbreytingar

Þátttakendur voru því næst spurðir út í viðhorf sín til sex mismunandi orkugjafa sem eru nýttir, eða áform eru um að nýta, á Íslandi. Svarmöguleikarnir voru sem fyrr 5 stiga Likert-kvarði: *mjög jákvætt, jákvætt, ásættanlegt, neikvætt, og mjög neikvætt*. Einnig gátu svarendur valið kostinn *engar skoðun*. Íbúar virðast almennt vera jákvæðir í garð þeirra orkugjafa sem nýttir eru á Íslandi. Langflestir (84%) svarenda eru jákvæðir í garð sjávarfallaorku og örfáir (2%) eru á móti slíkri orku. Litlu færri (74%) eru jákvæðir í garð vatnsaflsvirkjanna, fimmtungur (19%) telur þann kost vera ásættanlegan, en tæp 7% er neikvæður. Alls 73% svarenda er jákvæður í garð vindorku, um 19% telur vindorku vera ásættanlegan orkukost, en rúm 7% er neikvæður í garð vindorku. Tæp 70% svarenda er jákvæður í garð jarðvarma, 18% telur þann kost ásættanlegan en 13% eru neikvæðir. Öllu færri (68%) eru jákvæðir í garð líforku, 22% fannst slík orka ásættanleg og 10% eru neikvæðir í garð líforku. Rúmur helmingursvarenda (58%) er neikvæður í garð jarðolíu, um 20% finnst sá kostur ásættanlegur en 22% eru jákvæðir (Mynd 20).



Mynd 20. Viðborf íbúa til mismunandi orkugjafa.


Viðmælendur voru spurðir nánar út í þá tvo virkjanakosti sem algengastir eru hér á landi í dag, þ.e. vatnsaflsvirkjanir og jarðvarmavirkjanir. Viðmælendahópurinn er klofinn í afstöðu sinni til vatnsaflsvirkjana, annað hvort voru viðmælendur jákvæðir eða neikvæðir. Íbúi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem er mjög jákvæður út í vatnsaflsvirkjanir sagði: „*Finnst þetta umhverfisvænasta orka sem þú getur fengið, hún er líka stöðug þannig að það er ekki öllu fórn að fyrir það, enda til mikils að vinna að nota orkuna með þessari aðferð*“. Annar íbúi í sama sveitarfélagi tók í svipaðan steng: „*Mér finnst í lagi að nota vatnið sem við höfum til þess að virkja, það er svo umhverfisvæn virkjun*“. Íbúi Rangárþingi ytra talar hins vegar fyrir munn margra sem voru á annarri skoðun:

Ég er ekki mjög hrifin af þeim, mér finnst allt í lagi að hafa þær hérna til að koma Íslendingum upp úr moldarkofunum, ég er ekki að tala um að fara aftur í þá, en hvenær verður stoppað og í hvað fer orkan, mér finnst það nú kannski líka skipta svolitlu máli, það er ekki eins og bændur séu að fá rafmagnið á niðurgreiddu verði eða grænmetisbændur, maður spyr sig hver er að hagnast af þessari raforku sem er verið að framleiða í mjög miklu magni.

Viðmælendur voru í heildina mun jákvæðari gagnvart jarðvarmavirkjunum, eldri íbúi í Rangárþingi ytra sagði til að mynda: „*Ég er frekar jákvæður, það er hins vegar mikið vandfundnari staður sem að hérna er síðlegt að reisa jarðvarmavirkjanir vegna þess að mestu jarðvarmaauðlindirnar eru á ... náttúruþerlum og þær má ekki snerta*“. Annar íbúi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi leit hins vegar á jarðvarmavirkjanir sem „*umhverfisógn*“.

Þátttakendur voru því næst spurðir hvað þeim þætti um raforkuframleiðslu Íslendinga. Hvort þeim þætti mikilvægt að auka raforkuframleiðslu á Íslandi, draga úr raforkuframleiðslu eða hvort raforkuframleiðslan væri hæfileg eins og hún er í dag. Rúmlega helmingur svarenda (54%) finnst

mikilvægt að auka raforkuframleiðslu á Íslandi, á meðan að um 8% finnst mikilvægt að draga úr henni (Mynd 21).



Mynd 21. Staða raforkuframleiðslu á Íslandi að mati íbúa.


Viðmælendur höfðu einnig ákveðnar skoðanir um stöðu raforkuframleiðslu hér á landi. Íbúi í Rangárfingi ytra fannst of mörgum spurningum ósvarað áður en hann gæti tekið afgerandi afstöðu:

Svo er heldur ekki búið að svara því í raun og veru er þörf fyrir alla þessa raforku sem er verið að reyna að búa til, í hvað á hún að fara og svo framvegis, það liggur ekkert fyrir ennþá. Þannig að hérna ef að það er bara markmið að reyna að búa til eins mikla orku eins og hægt er og reyna svo að flytja hana úr landi að þá finnst mér það alveg glórulaust.

Hjá öðrum íbúa í Rangárfingi ytra barst talið að því hversu kærulausir Íslendingar væru þegar kemur að umgengni við landið:


Mér finnst að Íslendingar hafa verið alltof kærulausir í umgengni sinni um landið þegar kemur að sjónmengun [vegna virkjana]. Þegar ég var krakki þá var Hellisheiði nánast ósnortin öræfi, núna væri þetta að mínu viti gífurlega verðmætt þarna við fótspor höfuðborgarinnar, en á undanförunum 30 árum og það er eiginlega þannig ennþá að þá virðist allt vera leyfilegt á Hellisheiði. Það er alveg sama hvort það er að ryðja vegi, byggja enn eina háspennulínuna eða grafa eða byggja gufuafsvirkjanir með viðeigandi mengun, bæði efnamengun og sjónmengun. Þannig að ég held að þetta segi okkur það að okkur vantar ekki vindmyllur til þess að taka eða bæta við rafmagnsmöstrin”.

Þátttakendur voru í framhaldinu spurðir hvort þeir hefðu áhyggjur af hlýnun jarðar og/eða loftslagsbreytingum. Rúmlega helmingur (57%) svarenda hefur miklar og mjög miklar áhyggjur af loftslagsbreytingum ásamt hlýnun jarðar. Minni hluti (13%) svarenda hefur hins vegar litlar eða engar áhyggjur af loftslagsbreytingum (Mynd 22).



Mynd 22. Áhyggjur íbúa af loftslagsbreytingum.


Þátttakendur voru enn fremur spurðir út í skoðun sína á verði á raforku annars vegar til almennings og hins vegar til stórnotenda rafmagns. Meirihluti svarenda (70%) telur almenning vera að greiða of hátt raforkuverð, en innan við 2% telur verð til almennings vera of lágt. Viðhorf svarenda snýst hins vegar við þegar spurt var um raforkuverð til stórnotenda rafmagns hér á landi, en þar telja tæp 60% svarenda raforkuverð vera of lágt, en 17% telja verðið vera of hátt (Mynd 23).



Mynd 23. Viðhorf íbúa á verðlagningu rafmagns.


5.1.5 Íbúaþróun og atvinnuástand

Þátttakendur voru nú spurðir út í stöðu sveitarfélagsins í búsetu og atvinnumálum. Spurt var hvort fólksfækkun væri áhyggjuefni í sveitarfélaginu. Tæpur þriðjungur svarenda (29%) telur það vera áhyggjuefni, litlu fleiri (33%) telur það hins vegar ekki vera áhyggjuefni (Mynd 24).




Mynd 24. Mat íbúa á því hvort fólksfækkun sé ábyggjufeni í sveitarfélaginu.

Spurt var um stöðu atvinnumála í sveitarfélaginu og hvort þátttakendur teldu raforkuframleiðslu vera góðan kost til atvinnusköpunar. Rúmlega helmingur svarenda (52%) telur stöðu atvinnumála í sveitarfélaginu vera góða, en mun færri (15%) telja stöðuna vera slæma (Mynd 25). Meirihluti svarenda (64%) er á þeirri skoðun að raforkuframleiðsla sé góður kostur í atvinnusköpun í dreifbýli, en 11% lítur á það sem slæman slæman kost (Mynd 26).



Mynd 25. Staða atvinnumála í sveitarfélaginu.



Mynd 26. Raforkuframleiðsla sem kostur til atvinnusköpunar í dreifbýli.

Í viðtölunum voru skiptar skoðanir á því hvort raforkuframleiðsla hefði ávinning fyrir sveitarfélagið. Miðaldra íbúi í Rangárþingi ytra sagði:

Vonandi jákvæð áhrif, vonandi einhver störf og það er það sem skiptir máli að þetta komi þeim til góða sem búa við þetta. Þyrftum að fá fasteignagjöld en ekki vitað neitt um það ennþá. ... Myndi bara miðast við flatamál þannig að við vildum sjá einhvers konar hlutdeild í því verðmæti sem þetta skapar. Það finnst mér algjört skilyrði, við höfum ekkert við þetta að gera ef við höfum ekkert úr þessu. Það togast á í manni fleira en eitt sjónarmið og ef þessar vindmyllur væru bara eitthvað monumentar og væru ekki að skapa verðmæti að þá þætti mér þetta ljótt.

Annar yngri íbúi í Rangárþingi ytra sagði: „*Skammvinnur gróði væntanlega, þeir horfa yfir ána og sjá hvað þeir hafa það gott þarna hinum megin, en ég held að þeir megi passa sig því þetta er ekki tekið aftur skó*”, og íbúi í Ásahreppi sagði:

Við erum svo rík hérna megin í Ásahreppi ég veit bara með virkjanir hjá okkur þetta er búið að skemma rosalega mikið inn í sveitarfélag sumir eru búnir semja og það má ekki segja frá samningnum þá fá allir svona misefnaða krónutölu, þetta er búið að vera mjög leiðinlegt gegnum árin með þessum virkjunarmálum.

Aðrir viðmælendur töldu ávinninginn fyrir sveitarfélagið vera neikvæðan þar sem þeim finnst mikilvægara að leggja áherslu á að byggja upp ferðaþjónustu og telja að vindlundur muni hafa neikvæð áhrif á þá uppbyggingu, eða eins og eldri íbúi í Rangárþingi ytra sagði:

Ég hugsa að það hefði engin áhrif önnur en hugsanlega neikvæð áhrif á ferðamenskuna. Ég veit svo sem ekkert hvernig þessi orka verður nýtt, en ég reikna með því að það muni gilda það sama með vindmylluorkuna og raforkuna að hún skapar einhverja vinnu þegar verið er að vinna þessar virkjanir og síðan er orkan alltaf flutt langt í burtu, það er eiginlega ekkert nýtt allavega ekki í þessu sveitarfélagi.

Og annar íbúi í sama sveitarfélagi sem tók í svipaðan streng:

Fyrir sveitarfélagið held ég að það sé soldið dýrmætt að þetta sé sko, reynt að hafa þetta eins ósnortið eins og hægt er sko, vegna ferðaþjónustu. Sveitarfélög hafa meira út úr vatnsaflsvirkjunum heldur en vindmyllugörðunum, vegna þess að það er ekki búið að skilgreina í raun og veru fasteignagjöld af vindmyllum þannig að kannski verða engar tekjur af vindmyllugarðinum þannig að það er miklu heillavænlegra fyrir stjórn sveitarfélagsins að hérna hugsa meira um túrismann heldur en vindmyllur sem gefa þeim ekki neitt í staðinn fyrir að missa túristaflauminn.


Íbúar virðast þannig almennt jákvæðir með stöðu atvinnumála í heimabyggð og fleiri en færri á þeirri skoðun að til framtíðar litið sé ferðaþjónusta sú atvinnugrein sem muni gefa mest til sveitarfélaganna.

5.1.6 Vindmyllur, landslag og Búrfellslundur

Þátttakendur voru beðnir um að meta landslag með tilliti til fegurðar á sex ljósmyndum sem teknar voru í og umhverfis fyrirhugaðan Búrfellslund. Ljósmyndirnar sex eru eftirfarandi:


- 1) Ljósmynd A er tekin á svæði fyrirhugaðs Búrfellslundar til suðurs eftir þjóðvegi 26 með Búrfell og Bjólfell í bakgrunni.
- 2) Ljósmynd B er tekin til austurs af þjóðvegi nr. 33 yfir hraun og sandauðn með háspennumastur fyrir miðri mynd.
- 3) Ljósmynd C er tekin til austurs frá Hólaskógi með Heklu í bakgrunni.
- 4) Ljósmynd D er tekin til austurs af þjóðvegi nr. 33 yfir hraun- og sandauðn.
- 5) Ljósmynd E er tekin frá sama sjónarhorni og ljósmynd C, en hnikað örlítið meira til austurs svo háspennumöstur koma inn í forgrunn vinstra megin.
- 6) Ljósmynd F er tekin til suðurs yfir frárennisskurð Sultartangavirkjunar með Búrfell og Bjólfell í bakgrunni.

Þátttakendur voru beðnir um að svara spurningunni: „Hversu fallett finnst þér eftirfarandi landslag?“ Svarmöguleikar voru settir fram á 5 stiga Likert-kvarða þar sem 1 = mjög fallett og 5 = alls ekki fallett. Af þessum sex landslagsmyndum er falletgasta landslagið að mati svo til allra svarenda (94%) landslag á ljósmynd C, sem sýnir útsýni frá Hólaskógi yfir að Heklu án nokkurra mannvirkja. Sama landslag (ljósmynd E) fellur niður í þriðja sæti (68%) þegar háspennumastur er komið inn á hana. Í öðru sæti er landslag á ljósmynd A, sem sýnir landslagið norðan við Búrfell. Á myndinni eru engin mannvirki fyrir utan einn malarveg. Minnsta fylgi fá ljósmyndir F og B sem sýna manngert landslag með veituskurðum og háspennumöstrum (Mynd 27).



Mynd 27. Viðborf íbúa til fegurðar landslags. Ljósmynd C þykir sýna fallegasta landslagið á meðan að ljósmynd B sýnir það sísta að mati svarenda.

Ef borin eru saman viðhorf svarenda til ljósmynda sem sýna landslag frá svipuðu sjónarhorni með og án mannvirkja er tölfræðilega marktækur munur á viðhorfi svarenda, þar sem landslag án mannvirkja þykir marktækt fallegra en landslag með mannvirkjum (Myndir 28 -36).



Mynd 28. Samanburður á viðhorfi íbúa til landslags á ljósmyndum C og E.

Ljósmynd C, mynd 29: $\bar{X} = 1,34$; $S = 0,61$

Ljósmynd E, mynd 30: $\bar{X} = 2,23$; $S = 1,19$


$t = -9,262$; $p < 0,001$



Mynd 29. Ljósmynd C tekin frá Hólaskógi til austurs með Heklu í bakgrunni. Engin mannvirki sjáanleg.



Mynd 30. Ljósmynd E tekin frá Hólaskógi til austurs með Heklu í bakgrunni. Háspennumöstur og raflínur í vinstri jaðri.



Mynd 31. Samanburður á viðhorfi íbúa til landslags á ljósmyndum B og D.

Ljósmynd B, mynd 32: $\bar{X} = 2,63$; $S = 1,19$

Ljósmynd D, mynd 33: $\bar{X} = 2,20$; $S = 1,13$


$t = 3,956$; $p < 0,001$



Mynd 32. Ljósmynd B tekin til austurs af þjóðvegi nr. 33. Háspennumastur fyrir miðri mynd ber við himinn.



Mynd 33. Ljósmynd D tekin til austurs af þjóðvegi nr. 33. Engin mannvirki.



Mynd 34. Samanburður á viðhorfi til landslags á ljósmyndum A og F.

Ljósmynd A, mynd 35: $\bar{X}= 1,84$; $S= 0,95$

Ljósmynd F, mynd 36: $\bar{X}= 2,57$; $S= 1,22$

$t=-6,951$; $p<0,001$




Mynd 35. Ljósmynd A tekin til suðurs frá þjóðvegi nr. 26 með Búrfell og Bjölfell í bakgrunni.



Mynd 36. Ljósmynd F tekin til suðurs frá Sultartangavirkjun yfir frárennslisskeurð virkjunarinnar, Búrfell og Bjölfell í bakgrunni.

Á spurningalistanum voru enn fremur 15 ljósmyndir (A-O) þar sem vindmyllur höfðu verið settar inn í mismunandi landslag með myndvinnsluforriti (sjá bls. 10-11). Vindmyllurnar sem settar voru inn á myndirnar voru hafðar í mismunandi stærð, fjölda og fjarlægð. Á ljósmyndum A, B, C, D, E, F og G var settur inn vindlundur í samræmi við matskosti Landsvirkjunar, sem samanstóð annars vegar af 66 vindmyllum sem voru 80 m háar og hins vegar af 87 vindmyllum sem voru 64 m háar. Á ljósmyndum A-D er vindlundurinn hafður í 4 km fjarlægð, en á ljósmyndum E-G í 1,5 km fjarlægð. Á ljósmyndum H, I, J, K, L, M, N og O voru einungis settar in þrjár vindmyllur, en prófaðar sömu breytur hvað varðar stærð vindmylla og fjarlægð að þeim, og á myndum A-G með vindmyllulundinum, þ.e. 64 m og 80 m hæð; og 1,5 km og 4 km fjarlægð. Þátttakendur voru beðnir um að svara spurningunni: *Hvert er viðhorf þitt til vindmylla á eftirfarandi myndum?* og voru svarmöguleikarnir sem áður á 5 stiga Likert-kvarða þar sem 1 stendur fyrir mjög jákvætt og 5 fyrir mjög neikvætt (Mynd 37).

Niðurstöður sýna að þátttakendum þykir neikvæðast ef vindmyllur skyggja á útsýni að Heklu og Búrfelli, en þykir síður neikvætt ef bakgrunnurinn er hraun- og sléttlendi. Álíka margir (40%) eru jákvæðir og neikvæðir til vindmyllulundar í landslagi á ljósmyndum A, B, C og D. Ljósmynd A sýnir vindmyllulund í 4 km fjarlægð séð norðaustur yfir Bjarnalón með 66 vindmyllum sem eru 80 m á hæð; ljósmynd B sýnir einnig vindmyllulund í 4 km fjarlægð í sama landslagi og ljósmynd A en með 87 vindmyllum sem eru 64 m á hæð; ljósmynd C sýnir vindmyllulund í 4 km fjarlægð séð vestur frá Áfangagili með 66 vindmyllum sem eru 80 m á hæð; og ljósmynd D sýnir vindmyllulund í 4 km fjarlægð í sama landslagi og ljósmynd C, en með 87 vindmyllum sem eru 64 m á hæð. Óverulegur munur er á viðhorfi þátttakenda hvað varðar mismunandi hæð vindmylla. Sá munur getur mögulega stafað af því að spaðar hærri vindmyllanna falla meira í skýin séð frá Áfangagili. Minni jákvæðni (26-35%) er meðal svarenda við vindmyllulundi í landslagi á ljósmyndum E, F og G. Ljósmynd E sýnir vindmyllulund, með 87 vindmyllum sem eru 64 m á hæð, í 1,5 km fjarlægð á hálfgrónu flatlendi með Búrfell og hluta af Heklu við sjóndeildahringinn; ljósmynd F sýnir vindmyllulund, með 87 vindmyllum sem eru 64 m á hæð, í 1,5 km fjarlægð á ógrónu flatlendi séð frá Dómadalsleið; og ljósmynd G sýnir vindmyllulund, með 87 vindmyllum sem eru 64 m á hæð, í 1,5 km fjarlægð á graslendi og Heklu í bakgrunni. Svarendur eru síst jákvæðir (26%) gagnvart vindmyllulundi á ljósmynd G. Niðurstöðurnar sýna þannig að hvað varðar vindmyllulund með allt að 80 vindmyllum að þá skiptir fjarlægð að honum mun meira máli en hæð vindmyllanna. Enn fremur að mikilvægt sé að vindlundurinn falli sem mest inn í landslagið.



Mynd 37. Viðborf íbúa til vindmylla í mismunandi landslagi (skv. ljósmyndum A til O.)

Flestum þátttakendum (um 45%) finnst jákvæðast að sjá vindmyllur í flötu og gróðurlausu landslagi (ljósmyndir L – O), og jákvæðara að þær séu fjær (ljósmyndir N og O sem sýna vindmyllur í 4 km fjarlægð) en nær (ljósmyndir L og M sem sýna sömu vindmyllur í 1,5 km fjarlægð), sem er í samræmi við viðhorf þátttakenda til vindmyllulundarins. Eftirtektarverður munur er á lýsandi viðhorfi íbúa til vindmyllanna þriggja á ljósmyndum L - M og á ljósmynd F, sem sýnir vindmyllulund í sama landslagi í sömu fjarlægð (þ.e. 1,5 km). Um 30% er neikvæður til vindmyllanna þriggja á myndum L og M á meðan að um 40% er neikvæður til vindmyllulundar í sama landslagi. Svarendur eru þannig neikvæðari til vindmyllulundar í þessu landslagi. Þá eru þátttakendur almennt jákvæðari í garð vindmylla á hálfgrónu landi með Búrfell í baksýn (ljósmyndir H – I) en á grónu landi með Heklu í baksýn (ljósmyndir J – K).

Viðmælendur hafa skiptar skoðanir á því hversu mikil áhrif vindmyllur og vindlundur myndu mögulega hafa á upplifun þeirra af svæðinu umhverfis Búrfell. Flestum viðmælendum finnst neikvæðast að sjá vindmyllur þar sem þær skyggja á fjallasýn, sérstaklega á Heklu, sem er í samræmi við niðurstöður spurningakönnunarinnar. Einn viðmælandi í Rangárþingi ytra lýsir viðhorfi margra er hann segir: „*Mín upplifun á þessu væri mjög neikvæð. Það truflar mig að geta ekki horft á fjöllin nema í gegnum svona eins og grindverk af vindmyllum*”. Annar viðmælandi í sama sveitarfélagi bætir við:

Ég hugsa að ég myndi ekki líta á þetta svæði sem jafn ósnortna náttúru eins og áður, ég til dæmis hef mjög gaman að því að taka ljósmyndir og ég held að ég myndi ekki hafa jafn gaman að því að eiga myndir af Heklu eða Búrfelli ef að ég þyrfti alltaf að hafa vindmyllurnar í forgrunni og svo má kannski nefna það að við höfum hérna á undanföllum árum haft umtalsverðar tekjur af kvikmyndagerðafólki sem hér hefur stundum dvalið jafnvel vikum saman og ég sé heldur ekki fyrir mér að þessi mannvirki myndu auðvelda því fólki að finna stað.

Annar viðmælandi í sama sveitarfélagi tekur dýpra í árina: „*Mér finnst þetta bara alls ekki passa við þetta landslag, þetta er íslenskt landslag og ég sé þetta ekki fyrir mér*”. Íbúi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hefur hins vegar litlar áhyggjur af áhrifum vindmylla á upplifun fólks á þessu svæði og segir t.d. um ljósmynd G: „*mér finnst þetta í sjálfu sér alveg allt í lagi, ég þekki Hólaskóg og það er ekki útsýnisstaður í sjálfu sér, það er áfangastaður. Svæðið er soldið mikið raskað fyrir*”. Annar viðmælandi telur vindmyllurnar á ljósmynd G einnig geta orðið ásættanlegar þar sem að unnt sé að keyra vestan vindmyllanna, þar sem óskert útsýni sé að Heklu:

Þær trufla mig ekki, svo rústað umhverfi hvort sem er, eina sem truflar mig er mynd G það sér ekki almennilega til Heklu, en ég veit að það er vegur á milli vindmyllanna og Heklu, þar sem er óskert sýn til Heklu.

Annar viðmælandi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er sama sinnis, en telur mikilvægt að líta á framkvæmdina sem slíka í stærra samhengi:


Svæðið sem slíkt ekkert sérstakt, það er raskað. Það er fjaraskinn í raun og veru í kringum þetta og það er kannski eitt sem maður hefur ákveðnar áhyggjur af, af því að þetta er á einu stöku svæði, Hekla er náttúrulega dómerandi þarna þannig að ég er ekki alveg viss um að vindmyllur trufla neitt sérstaklega útsýni á Heklu nema bara á litlu svæði ... allar virkjanir hafa náttúrulega áhrif bæði í nágrenni og í fjarlægð víðsvegar, en það eru heildaráhrifin og það er ekkert nákvæmlega þarna sem er að skemmast.

Íbúi í Ásahreppi leggur hins vegar áherslu á að alltaf verði erfitt að gera öllum til hæfis:

Auðvitað vill maður helst hafa ekki neitt, en það stendur ekkert annað til boða, þetta er framtíðin og þá eru þetta líka mögnuð mannvirki að sjá. Ég tel að þetta muni hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif á ferðamenn, en það er bara eins og það er, mismunandi skoðanir fólks.

Niðurstöður bæði spurningakönnunarinnar og viðtalskönnunarinnar endurspeglar þannig mjög skiptar skoðanir íbúa hvað varðar viðhorf til vindmylla og vindmyllulunda í íslensku landslagi. Nánari útlístaun á niðurstöðum hvernar myndar er gefin hér að neðan.

Alls 59% þátttakenda í spurningakönnuninni telja vindmyllur í landslagi á ljósmynd G (Mynd 39), þar sem vindmyllur verða hluti af útsýni frá Hólaskógi að Heklu, vera neikvæðar og mjög neikvæðar, á meðan 26% telja þær vera jákvæðar og mjög jákvæðar (Mynd 38).




Mynd 38. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd G.



Mynd 39. Ljósmynd G. Horft frá Hólaskógi til austurs, yfir fyrirbugaðan Búrfellslund að Heklu. Vindlundurinn samanstendur hér af 87 64 metra háum vindmyllum í 1,5 km fjarlægð.

Tæplega helmingur (49%) þátttakenda telur vindmyllur í landslagi á ljósmynd E (Mynd 41), þar sem horft er til suðurs eftir þjóðvegi nr. 26 að vindmyllum í Búrfellslundi, vera neikvæðar og mjög neikvæðar, en 33% svarenda telja þær vera jákvæðar og mjög jákvæðar (Mynd 40).



Mynd 40. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd E.




Mynd 41. Ljósmynd E. Horft til suðurs eftir þjóðvegi 26, Búrfell fyrir miðri mynd. Vindlundurinn samanstendur hér af 87 64 metra háum vindmyllum í 1,5 fjarlægð.

Einn viðmælandi í Rangárþingi ytra sagði er hann virti fyrir sér mynd 41:

... maður keyrir bara þarna framhjá eins og er án þess að líta til hægri eða vinstri og er ekkert að spá í þessu umhverfi, þannig að ef það kæmu einhverjar 80 myllur þarna þá myndi maður náttúrulega, þá kemst maður ekki hjá því að finnst þetta annað hvort ljótt eða ekki.

Hlutföll milli jákvæðra og neikvæðra viðhorfa eru jafnari hvað varðar vindmyllur í landslagi á ljósmynd F (Mynd 43), þar sem horft er til norðurs frá Dómadalsleið nærri vegamótum við þjóðveg nr. 26. Viðhorf um 41% svarenda til vindmylla í þessu landslagi er neikvætt á meðan að um 35% er jákvætt (Mynd 42).



Mynd 42. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd F.




Mynd 43. Ljósmynd F. Horft til norðurs frá Dómadalsleið. Vindlundurinn samanstendur hér af 87 64 metra háum vindmyllum í 1,5 fjarlægð.

Ekki er mikill munur á afstöðu þátttakenda til vindmylla á ljósmyndum J og K (Myndir 44 og 46), sem báðar sýna útsýni yfir að Heklu frá Hólaskógi, þar sem settar hafa verið inn á myndina þrjár vindmyllur í mismunandi stærð (þ.e. 80 m og 64 m) en í sömu fjarlægð, þ.e. 1,5 km. Viðhorf um 44% svarenda er neikvætt til vindmylla á ljósmynd K (Mynd 45), og á ljósmynd J (Mynd 47). Á meðan að viðhorf 36% svarenda er jákvætt til vindmylla á ljósmynd K á móti 37% á ljósmynd J.




Mynd 44. Ljósmynd K. Horft frá Hólaskógi að Heklu. Þrjár 80 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.



Mynd 45. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd K.




Mynd 46. Ljósmynd J. Horft frá Hólaskógi að Heklu. Þrjár 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.



Mynd 47. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd J.

Á ljósmynd B (Mynd 49), sem sýnir útsýni norðaustur yfir Bjarnalón og vindmyllulund með 87 64 m háum vindmyllum handan lónsins, er rúmlega 36% svarenda jákvæður hvað varðar vindmyllulund í þessu landslagi, á meðan 43% er neikvæður (Mynd 48).




Mynd 48. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd B.



Mynd 49. Ljósmynd B. Horft norðaustur yfir Bjarnalón. Vindlundurinn samanstendur af 87 64 metra háum vindmyllum í 4 km fjarlægð.

Ljósmynd A (Mynd 51) sýnir sama landslag og útsýni, en vindlundurinn samanstendur hér af hærri og færri vindmyllum, þ.e. 66 80 m háum vindmyllum. Alls 38% svarenda er jákvæður á meðan 41% íbúa er neikvæður (Mynd 50).



Mynd 50. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd A.




Mynd 51. Ljósmynd A. Horft norðaustur yfir Bjarnalón. Vindlundurinn samanstendur af 66 80 metra háum vindmyllum í 4 km fjarlægð.

Munur á viðhorf þátttakenda til vindmylla á ljósmynd H, með þremur 64 m háum vindmyllum í 1,5 km fjarlægð, og á ljósmynd I, með þremur 80 m háum vindmyllum í sömu fjarlægð, virðist vera óverulegur (Myndir 52 - 55).




Mynd 52. Ljósmynd H. Horft suður þjóðveg nr. 26 að Búrfelli. Þrjár 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.



Mynd 53. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd H.




Mynd 54. Ljósmynd I. Horft suður þjóðveg nr. 26 að Búrfelli. Þrjár 80 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.



Mynd 55. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd I.

Mjög lítil munur er einnig meðal svarenda hvað varðar viðhorf þeirra til ljósmynda D og C (Myndir 57 og 59), sem sýna útsýni frá Áfangagili vestur yfir Búrfellslund. Alls 38% er jákvæður og mjög jákvæður til vindmyllanna á ljósmynd D (87 64 m háar vindmyllur) en 41% neikvæður og mjög neikvæður (Mynd 56).




Mynd 56. *Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd D.*



Mynd 57. *Ljósmynd D 64 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð. Mynd tekin til vesturs frá Áfangagili.*

Nökkru fleiri (41%) eru jákvæðir og mjög jákvæðir í garð stærri vindmyllanna á ljósmynd C (66 80 m háar vindmyllur) en til þeirra lægri á ljósmynd D, og að sama skapi færri (37%) sem eru neikvæðir og mjög neikvæðir (Mynd 58).




Mynd 58. *Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd C.*



Mynd 59. *Ljósmynd C. 80 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð. Mynd tekin til vesturs frá Áfangagili.*


Mörgum viðmælendum varð að orði er þeir skoðuðu þessar ljósmyndir hve nálægt Áfangagili vindlundurinn væri. Kona í Rangárþingi ytra sagði: „Þetta er bara af og frá, draugasögurnar eiga soldið eftir að missa bláinn ef það verða þarna blikkandi vindmyllur“.

Lítill munur er á viðhorfi þátttakenda til vindmylla á ljósmyndum L og M (Myndir 60 og 62), sem sýna þrjár vindmyllur í gróðurlausu flatlendi, annars vegar 64 m háar (ljósmynd L) og hins vegar 80 m háar (ljósmynd M). Á báðum ljósmyndunum eru rúmlega 43% svarenda jákvæðir og mjög jákvæðir í garð vindmylla í þessu landslagi og rúmlega 31% neikvæðir og mjög neikvæðir (Myndir 61 og 63).



Mynd 60. Ljósmynd L tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir þrjár 64 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.


Mynd 61. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd L.



Mynd 62. Ljósmynd M tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir þrjár 80 metra háar vindmyllur í 1,5 km fjarlægð.


Mynd 63. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd M.

Ljósmyndir N og O (Myndir 64 og 66) sýna sama landslag og sömu uppsetningu af vindmyllunum þremur og ljósmyndir L og M hér að ofan, en vindmyllurnar þrjár eru hér í 4 km fjarlægð frá áhorfanda. Alls 45% svarenda er jákvæður og mjög jákvæður til vindmylla á ljósmynd N á meðan að 30% er neikvæður og mjög neikvæður (Mynd 65). Svipaðar niðurstöður eru á viðhorfi íbúa til vindmylla á ljósmynd O, þar sem 46% svarenda er jákvæður og mjög jákvæður en 29% neikvæður og mjög neikvæður (Mynd 67). Eftirtektarvert er að fleiri eru jákvæðir í garð hærri vindmyllanna.



Mynd 64. Ljósmynd N tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir þrjár 64 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð.

Mynd 65. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd N.




Mynd 66. Ljósmynd O tekin frá Dómadalsleið til norðurs og sýnir 80 metra háar vindmyllur í 4 km fjarlægð.

Mynd 67. Viðhorf íbúa til vindmylla á ljósmynd O.

5.1.7 Samanburður á viðhorfi íbúa til mismunandi fjölda og stærðar vindmylla


Stærð og fjöldi vindmylla í fyrirhuguðum Búrfellslundi á ljósmyndum A (sjá Mynd 51 bls. 56) og B (sjá Mynd 49, bls. 56), sem teknar eru norðaustur yfir Bjarnalón, hafa ekki áhrif á viðhorf þátttakenda spurningarkönnunarinnar (Mynd 68).



Mynd 68. Samanburður á viðhorfi íbúa til vindmylla á ljósmynd A (vindlundur með 66 80m háum vindmyllum) og B (vindlundur með 87 64m háum vindmyllum).

Ljósmynd A: \bar{X} = 3,11; S = 1,33
 Ljósmynd B: \bar{X} = 3,16; S = 1,35
 t = -1,576; p = 0,117

Viðhorf svarenda til fjölda og stærðar vindmylla í Búrfellslundi séð vestur frá Áfangagili á ljósmyndum C (sjá Mynd 59, bls.58) og D (sjá Mynd 57, bls. 58) sýna hins vegar marktækan mun (Mynd 69). Þátttakendum finnst marktækt jákvæðara að hafa færri og stærri vindmyllur í Búrfellslundi séðum frá þessu sjónarhorni.




Mynd 69. Samanburður á viðhorfi íbúa til vindmylla á ljósmynd C (vindlundur með 66 80 m háum vindmyllum) og D (vindlundur með 87 64 m háum vindmyllum).

Ljósmynd C: \bar{X} = 3,05; S = 1,29
 Ljósmynd D: \bar{X} = 3,15; S = 1,32
 t = -3,514; p = 0,001

Niðurstöður sýna jafnframt marktækan mun á viðhorfi þátttakenda til vindmyllulundar í mismunandi landslagi samkvæmt ljósmyndum E, F, og G. Ljósmynd E – hálfgróið flatlendi með Búrfelli í baksýn (sjá Mynd 41, bls. 54), ljósmynd F – ógróið flatlendi (sjá Mynd 43, bls. 54), og ljósmynd G – algróið land, Hekla í baksýn (sjá Mynd 39, bls. 53). Þátttakendur eru marktækt

neikvæðastir í garð vindmyllulundar á ljósmynd G þar sem vindmyllurnar manngera útsýni frá Hólaskógi að Heklu, en eru síður neikvæðir í garð vindmyllulundar á ljósmynd F þar sem vindmyllurnar eru á ógrónu flatlendi. Niðurstöður viðtala við íbúa endurspeglar þessar niðurstöður spurningakönnunninnar.



Mynd 70. Samanburður á viðhorfi íbúa til vindmylla á ljósmynd E (vindlundur á hálfgrónu landi með 87 64 m háum vindmyllum), á ljósmynd F (vindlundur á ógrónu landi með 87 64 m háum vindmyllum), og á ljósmynd G (vindlundur á grónu landi með 87 64 m háum vindmyllum).

Ljósmynd E: \bar{X} = 3,34, S = 1,29

Ljósmynd F: \bar{X} = 3,18, S = 1,28


Ljósmynd G: \bar{X} = 3,58, S = 1,25

Ljósmynd E vs F (t = 3,826; p < 0,001)

Ljósmynd E vs G (t = -4,244; p < 0,001)

Ljósmynd F vs G (t = -6,403; p < 0,0001)

Ekki er marktækur munur á viðhorfi þátttakenda hvað varðar stærð vindmylla í landslagi á ljósmyndum H (sjá Mynd 52, bls. 57) og I (sjá Mynd 54, bls. 57), sem sýna útsýni frá þjóðvegi nr. 26 til suðurs í átt að Búrfelli (Mynd 71).



Mynd 71. Samanburður á viðhorfi íbúa til vindmylla á ljósmynd H (þrjár 64 m háar vindmyllur), og á ljósmynd I (þrjár 80 m háar vindmyllur).


Ljósmynd H: \bar{X} = 3,12; S = 1,23

Ljósmynd I: \bar{X} = 3,11; S = 1,23

t = 0,533; p = 0,595


Ekki er heldur marktækur munur á viðhorfi þátttakenda hvað varðar stærð vindmylla í landslagi, á ljósmyndum J (sjá Mynd 46, bls. 55) og K (sjá Mynd 44, bls. 55), þar sem horft er frá Hólaskógi

að Heklu (Mynd 72); né heldur á ljósmyndum L (sjá Mynd 60, bls. 59) og M (sjá Mynd 62, bls. 59) sem sýna vindmyllur á ógrónu flatlendi. Þetta þýðir að það er ekki munur á viðhorfi íbúa til mismunandi hæðar vindmylla, eftir því hvort þær eru 64 metra eða 80 metra háar, í þessum landslagsgerðum (Mynd 73).



Mynd 72. Samanburður á viðhorfi íbúa til vindmylla á ljósmynd J (þrjár 64 m háar vindmyllur), og á ljósmynd K (þrjár 80 m háar vindmyllur).


Ljósmynd J: $\bar{X}= 3,24$; $S= 1,28$
 Ljósmynd K: $\bar{X}= 3,25$; $S= 1,28$
 $t=-0,631$; $p=0,529$



Mynd 73. Samanburður á viðhorfi íbúa til vindmylla á ljósmynd L (þrjár 64 m háar vindmyllur), og á ljósmynd M (þrjár 80 m háar vindmyllur).

Ljósmynd L: $\bar{X}= 2,93$; $S= 1,27$
 Ljósmynd M: $\bar{X}= 2,92$; $S= 1,29$
 $t=-0,257$; $p=0,797$

Marktækur munur á viðhorfi svarenda til vindmylla á ljósmyndum N (sjá Mynd 64, bls. 60) og O (sjá Mynd 66, bls. 60), sem sýna nákvæmlega sama landslag og ljósmyndir L og M, þ.e. útsýni frá Dómadalsleið til norðurs, en á þessum myndum er fjarlægðin að vindmyllunum lengri, eða 4 km. Í þessu landslagi eru þátttakendur eru marktækt jákvæðari til hærri vindmylla í þegar fjarlægðin er 4 km (Mynd 74).



Mynd 74. Samanburður á viðhorfi íbúa til vindmylla á ljósmynd N (þrjár 64m háar vindmyllur í 4 km fjarlægð), og á ljósmynd O (þrjár 80m háar vindmyllur í 4 km fjarlægð).

Ljósmynd N: \bar{X} = 2,87; S = 1,24

Ljósmynd O: \bar{X} = 2,84; S = 1,25

t = -2,264; p = 0,025

Viðhorf viðmælenda til hæðar vindmylla eftir því hvort þær væru 64 m eða 80 m háar, endurspeglar mismunandi viðhorf þeirra. Íbúi búsettur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sagði í þessu sambandi: „Skynsamlegra að nota stærri, það er svo lítil munur á þeim”. Kona búsett í Ásahreppi tekur undir þetta: „Held það sé skárri að hafa stærri og færri þetta er ekki eins ógnandi ef þær eru færri”. Yngri íbúi segir hins vegar: „Þessar lægri og fleiri, út af því að ef maður er að tala um fjölda eins og 80 eða svoleiðis sér maður engan mun á 60 eða 100 en maður sér hins vegar mun ef þær gnæfa mikið upp úr, maður sér það frekar”. Annar eldri íbúi í Rangárþingi ytra tekur undir þetta: „lægri gerðin, því stærri sem þær eru því svona ágengari eru þær á sjóndeildarbringnum finnst mér”. Flestir viðmælendur sáu hins vegar lítinn mun á vindmyllum eftir hæð, sem er í samræmi við niðurstöður spurningakönnunarinnar. Viðmælendur höfðu einnig skiptar skoðanir um litaval á vindmyllunum og töldu sumir að það væri til bóta að mála þær í lit sem tónaði vel við umhverfið. Íbúi í Rangárþingi ytra sagði: „Ef þær væru málaðar í t.d. jarðlitum þá væru þær minna áberandi”. Undir þetta tók íbúi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi: „Myndi vera til bóta að lita þær ... Hafa þær ekki snjóhvítar heldur grálitaðar”.

Þegar fjöldi vindmylla eru kominn yfir ákveðna stærð, í þessu tilfalli yfir 60 vindmyllur, er ekki munur á viðhorfi fólks á því hvort þær séu 66 eða 87. Fleirum finnst þó jákvæðara að hafa færri og stærri vindmyllur.

5.2 Viðhorf ferðaþjónustunnar

5.2.1 Sérstaða svæðisins og nýting norðan og austan við Búrfell í Þjórsárdal fyrir ferðaþjónustu

Langflestir ferðaþjónustuaðilar nefna að það sem helst dragi fólk á svæðið umhverfis Búrfell í Þjórsárdal sé sú staðreynd að um það liggir ein helsta leiðin inn á hálendi Íslands. Flestir eru á þeirri skoðun að sérstaða svæðisins norðan og austan Búrfells felist fyrst og fremst í:

- staðsetningu þess á hálendisbrúninni sem gerir það að inngangi að hálendinu.
- staðsetningu þess við rætur Heklu sem gnæfir yfir svæðinu eins og voldugur almáttugur.
- víðernis- og eyðimerkurásýnd, sem sé mikilvæg auðlind fyrir ferðaþjónustuna.

Einn viðmælandi sagði um andrúmsloftið sem myndast þegar komið er að afleggjaranum við Dómadalsleið:

Það er alveg merkilegt að þegar þú kemur þarna upp eftir með rútu og þú keyrir í gegnum allt Hekluhraunið og allt þetta svo kemurðu inn í Dómadalinn og þá tæmist loftið úr rútnni, það heyrir það kemur svona *vbóoo* í hvert skipti bara þarna við afleggjarann. Fólk verður bara heillað og þarna gerist það manni finnst það soldið merkilegt.

Fulltrúar ferðaþjónustufyrirtækja sem fara í skipulagðar ferðir inn á hálendið og keyra í gegnum þetta svæði eru allir á þeirri skoðun að ferðamenn þeirra fái hálendistilfinninguna þegar þeir koma þarna upp á hálendisbrúnina, hvort sem komið er frá Þjórsárdal eða um Landveg:

Þetta náttúrulega er inngangurinn inn á hálendið það er sú sérstaða, þetta er leiðin sem farin er inn á hálendið, þetta er eina leiðin sem hægt er að keyra. Það er bara mjög sérstakt að keyra frá Selfossi, keyra í Árnes og í gegnum Þjórsárdalinn. Það er mjög fallett að keyra í gegnum Þjórsárdalinn og allt í einu kemurðu upp í svona allt annað umhverfi, þegar þú kemur þarna þar sem að vindmyllurnar eru þá horfirðu yfir svona auðn þú byrjar að sjá svona týpíska íslenska eyðimörk svo er keyrt og þú keyrir inn í Landmannalaugar þá allt í einu kemur svona vin inn í eyðninni. Þannig að þetta er mjög fallett svæði og er mjög fjölbreytt, það breytist alltaf á hverjum einasta hálf tíma það er alltaf eitthvað nýtt í umhverfinu á hálf tíma fresti. Það er mjög sérstakt.

Annar viðmælandi sem býr ekki í héraði en býður upp á ferðir um svæðið leggur enn fremur áherslu á að svæðið norðan og austan Búrfells sé hluti af leiðinni inn í Landmannalaugar:

Ég held að vegna þess að Landmannalaugar er oft staðurinn sem að fólk fer á, þótt það sjái ekki annað af hálendinu, þannig að þetta er svona hálendisupplifunin í hugum margra [ferðamanna], sumir fara náttúrulega Sprengisand eða yfir Kjöl eða hvað sem er en fyrir mjög marga er þetta svona nasapefurinn af hálendinu. Ferðamenn eru að sækjast eftir víðáttunni. Landmannalaugar eru náttúrulega mjög þekktur staður þannig að margir vilja sjá Landmannalaugar per se og það er hluti af þessari upplifun að komast þangað, hvað sérðu á

leiðinni. Það er líka bara upplifun að þarna keyri ég lengi lengi í auðninni, þangað til að ég kem að þessu ótrúlega og fallega umhverfi í Landmannalaugum. Fyrir marga er líka leiðin bara mjög einstök, og líka Dómadalsleiðin hún er ekki síður svona fjölbreytileg, hin er kannski meira svona eintóna fólk upplifir Dómadalsleiðina sem fallegri leið, hraunið og gróðurinn, þennan stíganda líka að fara í gegnum mosavaxið hraunið og þangað til þú ert komin í svona minni gróður.

Aðrir leggja meiri áherslu á ásýnd svæðisins sem ónsnortinna víðerna, og telja svæðið sem slíkt vera hálfgerðar óbyggðir og að svæðið sé þannig hluti af miklu stærra svæði sem sé hálendi Íslands:

Þú ert kominn inn í hálfgerðar óbyggðir, þú ert komin inn í efstu byggðir Landsveitar og það byrjar hérna gönguleið sem er reyndar búin að teygja niður að Leirubakka frá Rjúpnavöllum og upp í Áfangagil, Hellismannaleið, þannig að hún sker þetta svæði, þannig að þetta er hluti af þessu óbyggðarsvæði sem teigir sig hérna niður eftir.

Það fer að miklu leyti eftir hvort tveggja starfsemi og staðsetningu ferðaþjónustufyrirtækjanna hvernig viðmælendur upplifa svæðið norðan og austan Búrfells. Þeir aðilar sem eru með starfsemi sína í héraði virðast vera í meiri tengslum við svæðið sjálft og líta síður eingöngu á það sem ferðaleið til að komast á annað svæði. Ferðaþjónustuaðili í héraði sem fer í hestaferðir um svæðið segir til dæmis:

Það er náttúrulega mjög mikil sérstaða þarna upp á víðerni að gera. Þegar við erum að koma hérna frá Landmannahelli komum við þarna upp á hæðina og það er alveg bara ekkert á þessu svæði og við erum búin að vera að þræða hraun og annað og ekkert mikið af fjöllum og ekki búin að sjá mikið frá okkur og svo komum við hérna upp á hæðina og sjáum þá mjög langt frá okkur. ... Víðerni og svartir sandar, það má ekki gleyma því að fjölbreytni í landslagi er líka það sem er að heilla og það sem okkur finnst verðlaust, það hefur bæði gildi í sjálfu sér og líka bara þetta er ekkert algengt erlendis, það má ekki gleyma því að landslag sem okkur finnst algengt hér er ekki algengt erlendis og fólki finnst þetta alveg magnað, þeim finnst eins og þeir séu komnir á tunglið.

Annar heimamaður tekur undir þetta þegar hann lýsir reynslu sinni af upplifun erlendra ferðamanna á íslenskri náttúru í hestaferðum þar sem ríðið er meðfram Þjórsá og upp að Áfangagili: „*Auðnin, þegar búin er að ríða í gegnum skóginn þarna þar sem Íslendingum finnst mjög merkilegt að fara í gegnum, finnst Þjóðverjum ekkert merkilegt, en að koma út úr [skóginum] og hafa bara auðn það finnst Þjóðverjum rosalega merkilegt*“. Fleiri taka undir þessa áherslu á víðernisupplifun svæðisins:

Það er víðáttan, þú ert búinn að vera kannski hér inn á milli og svo opnast þetta svona ofboðslega, Búrfelli náttúrulega svo flott frá þessu sjónarhorni. Svo náttúrulega bara upplifun að finna veður og vinda hérna á milli fjallanna, og svo þegar komið er inn í Áfangagil ertu

kominn í gott skjól og ótrúlega vinalegt umhverfi. Að koma hérna niður, niður bröttu brekkuna og niður að kofanum og finna hvernig það heldur utan um mann þarna. ... svo förum við hérna hring förum út að Vaðlagjá og svona millileiðir sem er mjög fallett, það er náttúrulega allt tengt þessu.

Viðmælendur eru almennt sammála um að það sé erfitt að taka fyrirhugað framkvæmdarsvæði, eða svæðið umhverfis það sérstaklega út, þar sem að það sé ekki einn ákveðinn staður á þessu svæði sem dragi ferðamenn sérstaklega að. Þess í stað tala viðmælendur um að svæðið sé hluti af mun stærra svæði og myndi innan þess ákveðna heild, eða eins og einn viðmælendi sagði:

Þetta er svæði sem er kannski ekki svo mikið stoppað við, þetta er svona framhjáhlaupssvæði, en þetta er líka svæði sem þú telur þig vera komna inn á hálendið. Þannig í fljótu bragði ertu að upplifa víðáttu þegar þú ert komin þarna upp eftir Við förum inn í Landmannalaugar og Landmannahellir og bara þessi photo shoot sem eru á leiðinni það er að sjá Heklu, nánast hver einasti hópur vill stoppa og taka mynd af Heklu. Við erum ekki endilega alltaf að keyra Dómadalsleiðina, við erum líka að fara upp fyrir og þá ertu líka að keyra í gegnum svæðið, en þetta er ekki endilega svæði sem þú ert mikið að stoppa á, en kannski bara stoppað hérna á brúninni fyrir ofan Búrfell. Um leið og þú ert komin upp úr Þjórsárdalnum að þá ertu svona komin upp úr byggðinni, byrjuð að upplifa hálendið.

Þeir aðilar sem bjóða upp á hestaferðir fara augljóslega mun hægar í gegnum svæðið og stoppa einnig á fleiri stöðum en þeir sem eru akandi. Í slíkum ferðum eru oftast þræddar allar helstu perlur svæðisins. Austan Búrfells eru það helst Tröllkonuhlaup, Rangárbotnar og Fossabrekkur, en vestan og norðan Búrfells er það Þjórsárdalurinn sem skartar bæði sögulegum minjum á borð við Þjóðveldisbærinn og Stöng, og náttúrulegum minjum eins og Hjálparfoss, Gjánna og Háafoss: „Tröllkonuhlaupið er alltaf skoðað. Þarna stoppa flest allar rítur líka. Svo ríðum við þarna meðfram og kíkjum alltaf á Þjófafossinn, svo förum við beint inn á Rjúpnaleið upp að Rjúpnavöllum, þar förum við hér beint yfir í Áfangagið“;

Allur Þjórsárdalurinn er skoðaður, það eru fossarnir, Þjóðveldisbærinn og Stöng. Þetta er mikil ferðamennska þarna og líka gangandi fólk, ég náttúrulega mæti gríðarlega mikið af gangandi fólki þarna þegar ég er með mína hestahópa, og þarna er ég að eyða þremur dögum á þessu svæði.

Almennt finnst viðmælendum núverandi nýting á svæði fyrirhugaðs Búrfellslundar henta vel undir þá ferðaþjónustu sem nú þegar á sér þar stað. Á þetta jafnt við um heimamenn sem og þá sem nýta svæðið fyrir sína starfsemi en eru með höfuðstöðvar sínar annars staðar. Í hugum flestra viðmælenda er svæðið fjölfarið, þar sem að um það liggja mikilvægar leiðir inn á hálendið. Síðastliðna áratugi hefur nýting svæðisins umhverfis Búrfell fyrir hesta- og gönguferðamennsku

farið vaxandi. Bæði viðmælendur í héraði og utan héraðs þekkja til fjölda göngu- og reiðleiða á svæðinu, og sem dæmi um lengri gönguleið nefna flestir Hellismannaleið, nokkurra daga gönguleið sem nú er búið að stika. Einn ferðapjónustuaðili í héraði sagði m.a.:

Svæðið er nýtt alveg helling, það eru ekkert mörg svæði sem eru með tærnar við Heklu, og eru bæði með aðalbraut inn á Fjallabakið og yfir á annan af tveimur vegum sem ganga yfir Ísland. Og að það skuli vera gönguleið og reiðleiðir með þessu öllu saman á milli tveggja fjalla, ég meina mér finnst það vera alveg talsvert nýtt.

Ekkert eitt atriði einkennir þá ferðamenn sem viðmælendur þjónusta í dag. Allar tegundir ferðamanna sækja á svæðið, sem eru samkvæmt viðmælendum að miklum meirihluta erlendir ferðamenn. Á þetta jafnt við um heimamenn og þá sem starfa utan héraðs:

... við erum með alla flórana af ferðamönnum, við erum með fólk sem getur verið að fara í dagsferð úr skipi, ferð sem er 15 daga á landinu í rútu, fólk sem er að keyra í 4 daga, fólk sem er að keyra í 20 daga. Svona allar tegundir, ég myndi segja að okkar farþegar eru frekar í eldri kantinum.

Allir viðmælendur telja hins vegar að megin væntingar þeirra ferðamanna sem sækjast eftir því að fara upp á hálendið séu að upplifa íslenska náttúru og ósnert víðerni. Enginn munur er þar á íslenskum og erlendum ferðamönnum. Eldri ferðamenn virðast sækjast meira eftir sjónrænni upplifun á meðan að þeir yngri sækjast meira eftir útivist og ævintýramennsku, þótt allur gangur sé þar á að sögn viðmælenda. Nokkrir bentu í þessu sambandi á mótsögnina sem felst í auknum straumi ferðamanna inn á víðerni landsins:

Þeirra [ferðamannanna] kröfur eru að upplifa Ísland ósnert, það er það sem fólk gerir þegar það er að fara inn á hálendi Íslands. Það er náttúrulega ákveðin tvískinnungur í því, við erum að selja fólki ferðir þangað og þá aukum við traffíkina hjá okkur. Það er gott þegar við seljum mikið, við getum samt bara farið upp í ákveðinn fjölda ferðamanna.

Ferðamenn koma til Íslands til þess að sjá óspillta náttúru og víðerni, þó að náttúran og víðernin munu minnka og minnka þá munu væntingar ferðamannanna ekkert minnka, þeir munu ennþá vilja sjá það sama þó að framboðið verði ekki það sama.

Þeir viðmælendur sem bjóða upp á skipulagðar gönguferðir telja helsta einkenni gönguferðamanna vera það að þeir hafi þegar ferðast mjög mikið og víða, „fólk sem ... er búið að fara á svona marga þekktu ferðamannastaði oft búnir að ganga í suður Ameríku, Asíu og Afríku, þannig að þetta er fólk sem búið er að ferðast döldið”. Hestaferðamenn velja Ísland hins vegar flestir vegna

íslenska hestsins sem þeir þekkja vel. Þeir eru lang flestir miklir náttúruunnendur og væntingar þeirra liggja í því að ríða á góðum hrossum um óspillta náttúru landsins:

Þetta eru allt saman náttúruunnendur, þetta er fólk sem er að koma og upplifa óspillta íslenska náttúru. Í lengri ferðunum er fólk sem vill upplifa Ísland, fólk sem vill upplifa þetta sérstaka, þeir vilja upplifa þetta óspillta hálendi, þeir vilja ríða á milli jöklanna. Fólk vill upplifa náttúruna eitt, tvö og þrjú. Hesturinn og samþætting hests og náttúru.

Þeir vilja fara um óspillt svæði, þeir vilja ríða á góðum hrossum á óspilltu svæði, það eru ekki uppbyggðir reiðvegir til dæmis sem slíkir það eru samt náttúrulegar götur þarna mjög góðar og mjög víða það er það sem þeir eru að fá. Þeir eru að upplifa landið á þann hátt og við náum sem betur fer að setja ferðirnar okkar þannig að þú sért ekki að fara meðfram vegi eða allavega bara í lágmarki, þannig að þú sért ekki í námunda við bílveg, eða eins og skal segja þessa siðmenningu.

Þeir vilja sjá náttúruna fyrst og fremst og ósnortna náttúru, það er það sem þeir eru að sækja hér það er náttúran og þeir upplifa náttúrulega hestinn. Þetta er hestafólk sem er að koma til mín en jafnframt er það að skoða náttúruna og fólk getur bara grátið yfir fegurðinni, kyrrðinni og ómengaðri náttúrunni.

Samkvæmt forsvarsmanni Áfangagils, sem býður upp á gistingu í skála og á tjaldsvæði, er þeirra langstærsti hópur ferðamenn sem eru í göngu- eða hestaferðum, en einnig koma til þeirra ferðamenn sem eru á bílum og fara í styttri ferðir út frá Áfangagili. Hann telur að flestir þeir ferðamenn sem sækja Áfangagil heim hafi að markmiði að komast í ró og burt frá erli hversdagsins:

Fólk er að sækjast eftir því að horfa á ósnortna náttúru og fallegt landslag og friðsældina, það er það sem fólk sækir í. Fólk er að skipta um umhverfi, fara úr erli sem það er í dagsdaglega og vill slaka á í einhverju allt öðru umhverfi.

Þannig virðast ferðaþjónustuaðilar nokkuð sammála um að megin aðdráttarafl svæðisins fyrir ferðamennsku liggja í töfrum íslenskrar náttúru og þeirri umgjörð sem ósnert ásýnd íslenskra víðerna setur henni. Einn viðmælandi nefndi hins vegar Búrfellstöð, sem megin aðdráttarafl skólahópa sem hann fer með um svæðið þar sem markmiðið er að skoða þá grænu orkukosti sem Ísland býður upp á:

Við erum líka með háskólahópa sem heita Green energy, við tókum á móti bandarískum háskólanemum sem eru í allskonar verkfræði og þeir koma hérna og eru í 8 - 10 daga og við erum að sýna þeim svona græna orku og nýtingu þeirra. Þeir fá einingu fyrir að koma og þetta er unnið með Háskólanum í Reykjavík og þeir eru hluti af þessu, við förum í heimsókn

í Búrfell og við keyrum þá hérna í gegn, fórum meðan var verið að byggja Sultartangann þá fórum við þangað, en núna höfum við verið að fara bara í Búrfellið á sýninguna.

Ferðamenn sem fara um fyrirhugað framkvæmdasvæði Búrfellslundar eru samkvæmt ofangreindu mjög fjölbreyttur hópur. Þeir koma víða að og eru á öllum aldri og endurspegla þverskurð allra ferðamanna sem koma til landsins. Þennan fjölbreytileika má fyrst og fremst rekja til þess að stór hluti af ferðamönnum sem fara um svæðið eru á leið til annarra svæða sem eru í nálægð við fyrirhugaðan Búrfellslund, en enginn einn ákveðinn áningarstaður er á sjálfu svæðinu.

5.2.2 Framtíðarvæntingar ferðapjónustuaðila til svæðisins

Þegar ferðapjónustuaðilar eru spurdir um framtíðarsýn þeirra hvað varðar þróun ferðamennsku á svæðinu norðan og austan Búrfells í Þjórsárdal, er um helmingur viðmælenda á þeirri skoðun að mikilvægi svæðisins felist í því að halda því eins ósnortnu og mögulegt er. Ekki er munur á skoðunum heimamanna og þeirra sem búa annars staðar á landinu: „Ég vil bara sjá þetta óspillt það er mín framtíðarsýn, hafa þetta bara þannig að þetta njóti sín í þeirri mynd sem það er“ (ferðapjónustuaðili utan héraðs). „Ég vil hafa bara ósnortið land þarna, þetta er upphafið inn á hálendið okkar, inn á Sprengisand og inn í Arnarfell og Landmannalaugar, þannig að ég vil eiginlega halda þessu svolítið ósnortnu þarna“ (ferðapjónustuaðili innan héraðs). Sem jaðarsvæði hálendisins geta mörk milli hálendis og byggðar hins vegar verið óljós:

Mín framtíðarsýn er kannski bara fyrir hálendið að hægt sé að halda hálendinu ósnortnu. Það í raun og veru á að vera sérstaða Íslands það er þetta stóra ósnortna víðerni og það er það sem til framtíðar verður gildi Íslands.

Hinn helmingur viðmælenda er ekki með eina ákveðna sýn um framtíð svæðisins fyrir ferðamennsku. Einn viðmælandi lagði áherslu á að fyrirhugað framkvæmdasvæði væri fyrst og fremst gegnumkeyrslusvæði og hefði sem slíkt ekki afgerandi áhrif á framtíð ferðapjónustu á svæðinu:

Nei ég er ekki með neina framtíðarsýn þetta er í dag bara svæði sem menn ferðast um á milli staða og á milli svæða. Ég held að það sé ekkert akkurat þarna sem menn eru að stoppa og skoða og dvelja.

Flestir viðmælendur eru hins vegar með ákveðna framtíðarsýn hvað varðar Hellismannaleið og telja að hún eigi eftir að þróast sem ákjósalegur kostur fyrir þá ferðamenn sem kjósa að fara um fáfarnari staði þar sem þeir geta betur notið kyrrðar og einveru:

Þetta er tiltölulega ósnortið svæði, ekki eins mikill átrodningur þarna eins og víða annars staðar, eins og í Landmannalaugum og Þórsmörk. Þetta er ekki svo svakalega fjölmennt þetta er ekki með tærnar þar sem Laugavegurinn er með hælana. Ég væri ekkert hrifin af því að vera að fara þangað, en ég held að framtíðin byggi svolítið á þessu að hafa svolítið ósnortið

svæði, hæfileg traffík þar sem ekki er allt útvaðandi í göngustígum þar sem hver gengur í hælana á öðrum, að þetta sé soldið svona frjálst og opið svæði.

Bein nýting svæðisins fyrir ferðaþjónustu telja þannig flestir að liggi í auknum göngu- og hestaferðum. Einn heimamaður sem býður upp á hestaferðir um svæðið, sér til dæmis fyrir sér að í framtíðinni geti hann endurvakið gamlar gönguleiðir sem farnar voru hér áður:

Bara að halda áfram með hestaferðirnar og með þessar gönguferðir með þessa trússhesta sem er svolítið að fara aftur til fortíðar, til dæmis þegar póstmennirnir og þegar verið var að fara með sauðfé hérna frá Skaftártungu í Landsveitina, og það eru svona gamlar stikur út um allt eða gamlar vörður og svona hugsunin er að feta sig í fótspor þessa fólks sem var að ferðast um hálendi Íslands og þá bæði með Íslendinga og [erlenda] ferðamenn. Þannig að ég sé mikla möguleika þar og svo náttúrulega bara að halda áfram með hestaferðirnar með svona fámenna hópa til að fólk fái að upplifa íslenska náttúru.

Ferðaþjónustuaðilar utan héraðs sem skipuleggja ferðir inn á hálendið eru allir á svipaðri skoðun, að ferðamennska eigi eftir að aukast á og umhverfis fyrirhugað framkvæmdasvæði, og þá sérstaklega meðal göngu- og hestafólks sem vill komast í einveru og ró, og horfa þar einkum til Hellismannaleiðar:

Ég held að ferðamennska eigi eftir að aukast þarna á milli Áfangagils og Rjúpnavaða. Laugavegurinn er orðin svo ásetinn að það er fullt af fólki sem vill ekki fara þar sem allir eru að fara og þá ertu með Hellismannaleiðina þótt hún sé ekki eins falleg.

Nú er þessi gönguleið milli Landmannalauga og Þórsmörk orðin mjög þekkt víða og nú er byrjað að þróa þessa Hellismannaleið sem ég held að fleiri munu reyna að nýta sér, fólk mun örugglega lengja ferðirnar og kannski verða Landmannalaugar svona miðstöðin. Margir vilja fara þessa leið til að komast í einveruna.

Þeir ferðamenn sem núna sækja á svæðið eru að sögn viðmælenda fyrst og fremst göngu- og hestaferðamenn, eða fólk sem er á leið inn á hálendi. Þetta eru í dag ferðamenn sem flestir eru náttúruunnendur að leita eftir upplifun kyrrðar í stórbrotinni náttúru. Um framtíðarferðamenn hafa viðmælendur ekki myndað sér miklar skoðanir. Tveir viðmælendur sem starfrækt hafa ferðaþjónustu lengi innan sveitarfélagsins í langan tíma leggja áherslu á að mikilvægt sé að viðhalda góðri náttúruupplifun gesta:

Við erum búin að vera hérna í tíu ár og við heyrum af gestum sem hafa komið til Íslands áratugum saman og verið í Landmannalaugum á hverju einasta ári. Við heyrðum hérna fyrstu árin nokkrum sinnum að fólk væri hætt að fara þangað vegna þess að það væri svo margt fólk, og þá náttúrulega er spurning um að það þarf að opna önnur svæði varlega þannig að fólk geti notið þeirra en það má ekki spilla þeim.

Ég veit nákvæmlega hverjar óskir ferðamanna eru því ég hef verið í þessum bransa í svo mörg ár, ég byrjaði 1990 að ferðast með hestafólk um allt Suðurland og Austurland og þeir sem koma til mín með svona 10 ára millibili sjá hvað er að gerast hérna og þeim finnst það miður. Það er orðinn átroðningur á svæðum sem við erum að fara á og þeir sjá ekkert nema fólk, þá bara hugsa þeir til baka, æ þetta var svo skemmtilegt þegar það var færra fólk þarna. Útlendingar vilja hafa landið okkar eins og við, allavega við sem erum svona náttúruunnendur, ósnortið.

Viðmælendur eru allir á þeirri skoðun að ferðamennska eigi eftir að aukast mikið í framtíðinni og því sé mikilvægt að hlúa vel að þessari atvinnugrein með ákveðinni uppbyggingu og stýringu. Hvernig nákvæmlega sú uppbygging og stýring verði best gerð til framtíðar virðast viðmælendur ekki hafa miklar skoðanir á hvað varðar þetta svæði. „*Ja ég veit ekki alveg, það þarf ákveðna uppbyggingu*“ (ferðaþjónustuaðili utan sveitarfélagsins). En fleiri virðast vera á þeirri skoðun að halda því eins og það er í dag:

Almennt hlýtur það að vera tengt ferðaþjónustu og auðvitað hugsanlegt að við njótum góðs af þessari orkuuppbyggingu sem að auðvitað verður hérna. Ég geri mér alveg grein fyrir því að vindmyllum mun fjölga og það verður virkjað meira í Þjórsá. Ég reikna með að það muni einhvern veginn nýtast til uppbyggingar hér og hugsanlega þá bætast samgöngur. ... Já ég held að ferðamönnum muni halda áfram að fjölga um áfyrirsjáanlega framtíð, það er ekkert sem bendir til annars, það hefur fjölgað núna hátt í 200 þúsund manns á ári og ég held það muni halda áfram að vera aðalaðdráttaraflíð, víðerni og ósnortin náttúra á Íslandi. Finnst að við eigum frekar að stíla inn á það og fjárfesta í ferðaþjónustu til dæmis með því að byggja upp og gera einhver eldfjallasetur og fleira. Ég hugsa að við gætum alveg stillt þessu upp svona sem andstæðum þar sem að valið stæði á milli vindmylla og ferðaþjónustu(ferðaþjónustuaðili í sveitarfélaginu).

Varðandi mögulega uppbyggingu mannvirkja sem og þjónustu fyrir ferðamenn á svæðinu nefndi einn viðmælandi að það væri mikilvægt að mannvirki á þessu svæði féllu sem best inn í náttúruna og gætu þannig bætt upplifun ferðamanna sem færu um svæðið. Hann sá hins vegar ekki að vindmyllur myndu uppfylla það hlutverk:

Einhverskonar mannvirki sem féllu inn í náttúruna en hjálpuðu til bæði við að þjónusta ferðamenn og auka upplifun þeirra af Íslandi. Ég sei til dæmis fyrir mér eitthvað mannvirki sem væri söfn og sýningar og miðstöðvar fyrir göngufólk og þess háttar. Til dæmis eins og söguldabærinn í Þjórsádal. Ég get ómögulega litið á vindmyllur með sömu augum og Þjóðveldisbæinn, mér finnst að mannvirki á borð við Þjóðveldisbæinn eða uppbyggingu á

einhverju gömlu, smalakofum eða réttum eða einhverju slíku, það fyndist mér falla mjög vel inn í náttúruna en vindmyllur eru svona frekar merki um tækni heldur en mannvirki.

5.2.3 Viðhorf ferðaþjónustuaðila til Búrfellslundar

Svo til allir viðmælendur þekkja til fyrirhugaðra framkvæmda Landsvirkjunar um uppbyggingu vindmyllulundar við Búrfell, og hefur meirihluti þeirra kynnt sér fyrirhuguðuð áform, en nokkrir sögðust þó ekki hafa kynnt sér þau af neinu ráði. Ekki var munur eftir staðsetningu eða tegund ferðaþjónustu á því hvort að fólk hafði kynnt sér framkvæmdirnar. Einungis tveir viðmælendur, báðir utan héraðs, höfðu ekki heyrt af áformunum. Það sem kom viðmælendum mest á óvart þegar þeir skoðuðu kortið sem sýndi fyrirhugaða staðsetningu Búrfellslundar var sjálf staðsetning hans. Flestir höfðu gert sér í hugarlund að vindlundurinn yrði staðsettur á svipuðum stað og tilraunavindmyllurnar tvær sem fyrir eru: „*Já, en ég gerði mér ekki grein fyrir að þetta atti að taka svona mikið pláss, mér fannst það allt í lagi að þessu yrði plantað hérna á sama stað og hinar eru á*“ (ferðaþjónustuaðili í héraði).

Viðhorf viðmælenda til tilraunavindmyllanna tveggja eru almennt jákvæð. Þeir telja langflestir (12) vindmyllur vera góða viðbót við raforkuframleiðslu landsins og telja jafnframt vert að skoða þann möguleika betur. Þá eru flestir þeirra einnig sáttir við staðsetningu þessara tveggja vindmylla:

Ég var spenntur fyrir þessari fyrstu hugmynd að setja þessar tvær, mér finnst gott að við skoðum fleiri orkugjafa heldur en bara að gera lón og stíflur, og þetta að nýta vind er klárlega það sem hægt er að nýta .

Gott framtak að prófa vindmyllur, við eigum að prufa vindmyllur á Íslandi og sjá hvernig þær virka. Það er mjög ánægjulegt að þær skili góðum árangri. Svo er alltaf spurningin svona til langframa hvar eiga þær að standa. Meðan við erum með þessar tvær þá hugsar maður já þarna er þessi tilraun, skyldi þetta virka, gaman að vita það.

Nokkrir viðmælendur voru hins vegar neikvæðir í garð tilraunavindmyllanna. Þeir telja þær vera of áberandi í landslaginu og að ljósin frá þeim hafi truflandi áhrif:

Það er ekkert frábært, þetta stakk strax í augun þessi blikkandi ljós og þegar maður er að koma eða bara sjálfur að ganga þarna og þegar maður kemur með ferðamenn og ætlar að fara að njóta víðernisins að þá eru þarna blikkandi ljós.

Nú þegar eru komnar tvær vindmyllur þarna sem eru þegar farnar að trufla, sjóntruflun og ekki gaman að sjá þetta úr fjallakofanum okkar Kletti. Frá Kletti finnst fólki það vera komið

alveg inn á afrétt eins og það er náttúrulega, en þá blasa við þessi blikkandi ljós sem eru þarna.

Þegar viðmælendur voru hins vegar spurðir út í viðhorf þeirra til þess að reisa 80 vindmyllur austan Þjórsár, á fyrirhuguðu svæði Búrfellslundar, vour langflestir neikvæðir í garð framkvæmdarinnar, en nokkrir höfðu ekki myndað sér skoðun. Heimamenn eru allir neikvæðir, fyrir utan einn sem þó sagðist fremur velja vatnsaflsvirkjanir fram yfir vindmyllur:

Ég myndi ekki nenna að setja mig á móti þessu, af því að ég skil þetta. Ég skil líka virkjanir, ég veit hvar þarf að setja þær og hvers vegna. Ég viðurkenni það, að ég vildi frekar sjá fleiri vatnsaflsvirkjanir og losna við þetta.

Það virðist einkum vera staðsetning vindmyllulundarins sem stendur í ferðabjónustuaðilum. Þeim finnst ekki æskilegt að hafa vindmyllulund svona nálægt vinsælli ferðaleið, fyrst og fremst vegna þeirrar miklu sjónmegnunar sem af vindmyllunum mun óneitanlega stafa. Þá er mögulegur hávaði frá þeim einnig áhyggjuefni sumra:

Ég vil þetta bara ekki vegna þess að það er bæði af þessu sjónmengun og mikill hávaði. Ég til dæmis hef farið að þessum vindmyllum sem eru þarna, mér finnst þetta ekki skemmtilegt og mér finnst heldur ekki gaman þegar ég fer erlendis og keyri framhjá myllusvæði, mér finnst það lýti á landsvæðinu sem ég er á. Mér finnst þetta neikvætt.

Ekki líst mér á það, ekki ef það á að fara að dreifa þeim hér. Bara vegna þess að meira og minna allir okkar gestir sem koma hingað á sumrin eru á leiðinni inn í Landmannalaugar. Þetta er svo stórt svæði, ég gerði mér ekki grein fyrir því, ég væri nú smeyk við þetta, mér finnst þetta dálítið mikið. Þetta er vinsælasta ferðamannaleið svæðisins.

Ekki þetta svæði sem þið kallið Búrfellslund, en ég myndi ekki gera athugasemdir ef þær yrðu settar nær þeim sem fyrir eru. Mér finnst svæðið vera alltof stórt og teygir sig alltof nálægt byggðinni og verði svona óþarflega fyrirferðamikil. Og mér finnst þetta mjög neikvætt ef þetta á að vera svona eins og ef að vindmyllurnar eiga að vera kennileiti inn á hálendið þær eiga ekki að vera það, það eru vörður sem ég vildi ganga eftir.

Staðarhaldari í Áfangagili tekur undir þetta og telur fyrirhugaða staðsetningu Búrfellslundar vera of nálægt þeim:

Ég er ekkert rosalega jákvæður. Þetta hefði beinustu áhrifin á okkur í Áfangagili, þetta hefði alveg gríðarleg áhrif á okkur verð ég að fullyrða, þetta er bara nánast við dyrnar hjá okkur, þetta blasir við ef við myndum horfa frá húsunum sem eru þarna, að þá bara blasir þetta við þarna fyrir framan. Á ekki heima á svæði þar sem ferðamenn sækja.

Nokkrir nefna enn fremur að hluti svæðisins sem valið hefur verið undir vindmyllulundinn sé enn lítið raskað og geti þannig flokkast sem ósnortin náttúra á hálendinu:

Mér finnst þetta hérna í vestari hluta þessa svæðis í lagi, þú ert komin í virkjanirnar og á svæði sem er búið að raska. En ég set meira spurningarmerki við þetta hérna og það sem ég geri mér ekki alveg grein fyrir er hversu víða þær muni koma til með að sjást. Því það skiptir líka máli. Þar sem þú kemur núna inn í Áfangagil þá ertu í raun og veru bara einn í þessu frumstaða húsi þar, en ef þú ert í hlaðinu og það sem ber fyrir augum þaðan eru 80 vindmyllur þá hefur það áhrif á upplifunina, það hlýtur að vera. En á móti kemur að kannski eru ekkert svo margir sem eru að stoppa við þetta svæði, þannig að mín viðbrögð eru að það er kannski alveg hægt að finna verri stað heldur en þetta, það er þó allavega verið að setja þetta þarna í kantinn. Fyrir mig persónulega segi ég að ef við getum fundið góðan stað sem væri nær landi sem nú þegar er búið að snerta við, þá væri það heppilegri kostur.

Þessi staðsetning á þessum 80 vindmyllum, við erum að tala um hálendi Íslands annars vegar og hins vegar þessa ósnortu náttúru og þá tilfinningu sem maður getur upplifað þegar maður kemur upp á hálendið, þá svona mun þetta blasa við manni, velkomin á hálendið hér eru 80 vindmyllur. Vil ekki sjá þær á þessu svæði. Við erum ekki á móti vindmyllum og nýtingu auðlinda og vindmyllur hafa margt mjög jákvætt, jákvæð nýting á þessari auðlind og framleiða heilmikla orku, en það hlýtur að vera hægt að finna þeim annan stað hér á þessu ágæta landi. ... ef þetta er í byggð þá gæti svona vindmyllugarður þess vegna haft eitthvað aðdráttarafl og verið jákvæður. Ég hef ferðast um í löndum þar sem er mikið af vindmyllum á ákveðnum svæðum en það er svona í byggð og mjög áhugavert að koma að þeim og skoða þær og fræðast um þær, en þarna er þetta komið inn á svona aðra auðlind okkar Íslendinga, hálendið og náttúra landsins. Kröfur og ábyrgð okkar sem búum í þessu landi er að varðveita náttúruna eins og hún er og skila henni þannig til komandi kynslóða og um leið er náttúran þannig aðdráttaraflíð fyrir ferðamenn. Það eru óskir og kröfur ferðamanna örugglega að rjúfa ekki þessa óbyggða-víðernis tilfinningu og upplifun sem þú hefur af náttúrunni í dag.

Aðrir telja að framkvæmdin sem slík þurfi ekki að vera neikvæði í sjálfu sér:

Veit ekki alveg, það er rosa mikið af vindmyllum í Danmörku og þær þykja rosalega flottar, ljósmyndarar að taka mynd af þeim, þær eru náttúrulega að skemma útsýnið yfir hafið en þær eru ekki fyrir neinum. Þær eru ekki fyrir sérstaklega mörgu fólki þarna en taka ansi mikið pláss. ... Þetta er ekki skemmtilegasti staðurinn því það er rosalega mikil traffik sem fer þarna í gegn, en það er fullt af öðrum virkjunum þarna bara aðeins öðruvísi, minna áberandi oft á tíðum, þú sérð þær ekki fyrir en þú keyrir yfir eða framhjá. Ég þekki þetta ekki nógu vel, hef ekki sérþekkingu um þetta en mér finnst þetta lýti. Mér finnst þetta rosalega fjölmennur

staður, en ég skil að þetta er nálægt línunum, en þessar línur fara upp þarna og ég held að það ætti að vera hægt að komast í þetta þar.

Við fyrstu sýn þá finnst mér þetta ekki alveg nógu aðlaðandi, finnst þetta soldið miklar andstæður við það svæði sem fólk er að leita, [þ.e.] eftir óbyggðum og óspilltri náttúru, þótt það sé engin náttúra óspillt, þú ert kannski með mannvirki þarna í nágrenninu, en samt sem áður mundi þetta breyta ásýnd verulega á þessu svæði, þetta er náttúrulega bara auðn meira og minna, bara sandar og hraun.

Viðmælendur telja almennt erfitt að segja til um ákjósanlegan fjölda vindmylla á svæðinu. Nokkrir eru á þeirri skoðun að svæðinu sé best borgið án vindmylla, aðrir leggja áherslu á að hafa þær sem fæstar.

Veit ekki, þegar ég fór þarna um síðast og var að horfa á þessar tvær þá hugsaði ég já allt í lagi þetta er svona merki um að ég er að koma til byggða, og fannst þetta kannski ekki vera neitt stórkostlegt mál en ég veit ekki alveg hvenær það fer að verða of mikið.

Aðrir lögðu áherslu á að ef verið væri að setja upp vindmyllur á annað borð, að þá væri betra að hafa þær fleiri saman á einu svæði frekar en dreifa þeim nokkrum saman á mörg svæði „*Bar sem þær eru margar saman svona þá liggur við að þær verði eins og fjall, en þegar þær eru fáar þá eru þær alveg skelfilegar?*”.

Meirihluti viðmælenda telur ólíklegt að Búrfellslundur muni koma til meða að hafa afgerandi áhrif á ferðaleiðir þeirra ferðaðþjónustufyrirtækja sem nýta þetta svæði í dag. Hins vegar telja þeir líklegt að 80 vindmyllur munu hafa áhrif á upplifun þeirra ferðamanna sem um svæðið fara. „*... ég held að ferðamenn myndu alveg koma, þeir vita ekkert hvernig þetta var áður, en upplifunin væri allt öðruvísi?*”.

... upplifun mögulega, en ekki ferðaðþjónustu á þessu svæði. Ég held að ef að þessar vindmyllur yrðu mjög sýnilegar á einhverjum af þessum stöðum sem ferðamenn eru á þá muni það vissulega hafa áhrif á upplifunina en það mun ekki hafa áhrif á fjölda ferðamanna þarna á svæðinu, þar sem vindmyllur verða náttúrulega ekki í bæklingunum.

Ég held að þetta muni ekki breyta því hvort við færum ferðir á þetta svæði, en ég held að þetta breyti verulega upplifuninni, að ferðamennirnir sem fara þarna um að þeir muni njóta ferðarinnar öðruvísi.

Nokkrir voru á þeirri skoðun að þær virkjunarframkvæmdir sem þegar eru komnar á Íslandi hafi ekki haft mikil áhrif á ferðaðþjónustu.

Ferðamennska þróast bara alveg eins. Ef þú hefðir spurt fyrir 40 árum hvernig heldurðu að feramennska myndi þróast ef settar yrðu 40 virkjanir á svæðið, þá hefðu allir sagt að það myndu engir ferðamenn fara þarna, en það er ekkert reyndin. Ég held að partur af því sem að ferðamenn eru hrifnastir af er að við erum með umhverfissvæna orkugjafa og þetta er mjög umhverfissvænn orkugjafi, sennilega umhverfissvænni heldur en Hellisheiðavirkjun.

Almennt telja ferðaþjónustuaðilar, hvort sem þeir starfa í héraði eða utan þess, að Búrfellslundur muni einna helst hafa áhrif á göngu- og hestaferðamennsku á svæðinu umhverfis Búrfell, og ítreka þannig það sem þeir hafa áður sagt varðandi viðhorf þeirra til sérstöðu svæðisins og nýtingu af hálfu ferðaþjónustufyrirtækjanna sem og framtíðarsýn þeirra á svæðinu fyrir ferðaþjónustuna. Hvað varðar gönguleiðir á svæðinu nefna hér einnig langflestir Hellismannaleið: Svona þegar maður horfir á þetta hérna þá vakna spurningar um það hvaða áhrif þetta hefur á þessa Hellismannaleið, þó að við höfum ekki verið í því þá eru kraftmiklir aðilar sem hafa verið að stika þessa leið og gert mjög skemmtilega hluti.

Við höfum verið að fara Hellismannaleið og við komum að uppbyggingu hennar með félögum okkar í Landmannahelli. Alveg tvímælalaust held ég að þetta myndi draga úr áhuga fólks á að fara þá leið. Þetta eru bara mannvirki af þeirri stærð og gerð að þú vilt ekki endilega fara í gönguferð með þetta fyrir augunum. Áhrifin verða aðallega á þá sem ferðast um þetta [ákveðna] svæði og ég er ekkert viss um að það muni breyta eða hafa áhrif á fólk að ferðast á ákveðna staði eins og inn í Landmannalaugar og um Sprengisand, önnur en bara svona neikvæð áhrif og sorgleg og þú verður dapur í huganum við það að hafa farið um þetta svæði og sú tilfinning situr alveg eftir ekki bara hjá viðkomandi þann dag sem þú ert í ferðinni heldur jafnvel lengur.

Það myndi breyta ásýnd þessa svæðis verulega og hafa áhrif á Hellismannaleið. Ég tel að það myndi spilla fyrir og rýra gildi hennar, en maður hefur gert sér vonir um að hún myndi vaxa í framtíðinni til að létta kannski á Laugavegsléiðinni eða taka við fleirum þetta er mjög áhugaverð gönguleið, og líka áningarstaðurinn Áfangagil, ég held að það muni líka hafa áhrif á þann stað. Þetta svæði er svona samtengt þessi Landmannafréttur það byrjar á þessu svæði og fer svo inn í Landmannalaugar, þetta er svona fjölbreytt land og kemur á óvart þegar fólk fer að kynna því.

Ég veit að það er allt önnur upplifun ef þú ert að ganga þegar það eru vindmyllur eða þegar þú sérð ekki til neinna framkvæmda. Ég held að þetta mundi hafa áhrif á Hellismannaleið af því að til dæmis að fyrsti áfanginn fyrir marga er frá Rjúpnavöllum til Áfangagils. Þá hefur þetta líklega áhrif allan daginn og þá kannski spyrðu þig líka hvort þú ætlir að taka þennan dag og það fer eftir því hvernig ferðamaður þú ert hvort þetta sé enn spennandi leið þegar

Það er hætt að vera ósnortið víðerni. Ég geri ráð fyrir að Hellismenn hugsi um hvaða áhrif framkvæmdin hafi á uppbyggingu ferðaþjónustu á leiðinni, hún minnkar þetta ósnortna.

Einn heimamaður tekur enn sterkar í árina: „Það myndi bara drepa allavega gönguferðirnar með trússbesta. Ég myndi aldrei ganga þarna með hóp af fólki með trússbesta. Það myndi eyðileggja upplifunina alveg 100 prósent”. Staðahaldari í Áfangagili tekur í sama streng og leggur áherslu á að svæðið geti ekki boðið upp á þá ferðaþjónustu sem það hefur hingað til gert.

Þetta fælir fólk frá að stoppa hjá okkur ef það er hljóð- og sjónmengun af þessu, þá dregur það úr áhuganum á að stoppa þarna, því að okkar sérstaða er friðsældin, það er svo lítil traffík hérna, það er ekki verið að keyra hérna í gegn ef við berum okkur saman við Landmannahelli þar sem er stöðug traffík í gegnum hlaðið. Mjög margir sem koma hérna tala um að þeir fái að vera í friði. Tel þetta muni helst hafa áhrif á fólk sem er að ganga Hellismannaleið, svona mestu áhrifin á gönguhópana. Ég hef töluverðar áhyggjur af sjónmengun, það eru ljós blikkandi á þessum vindmyllum sem eru þarna í dag, sem mér finnst trufla verulega þar að auki þá vitum við í raun ekki hver hljóðmengunin af þessu er heldur, verða hvinur af þessu eða hvað, það er eitthvað sem hefur ekki almennilega komið fram.

Þeir ferðaþjónustuaðilar sem eru með hestaferðir um svæðið telja að verði Búrfellslundur að veruleika þurfi mögulega að breyta hluta reiðleiða þar sem þeir telja sig ekki geta farið með hross inn á virkjunarsvæðið.

Þetta er svo stór hluti, ekki bara hjá mér heldur öllum sem eru í hestaferðaþjónustu vegna þess að við erum svo mikið að súma á þetta svæði af því að þetta er svona hjartað og héðan erum við svo að fara norður, austur, suður, vestur. Ég hef ekki hitt neinn útlending sem finnst þetta spennandi og ég held að þetta drepri soldið niður Þjórsárdalsdæmið sem er verið að fara að byggja upp núna.

... Ég myndi ekki fara, það er bara einfalt mál vegna þess að það er bara of áhættusamt. Hestarnir verða hræddir vegna þess að það eru hvinur af þessu allavega í roki þá heyrir þetta alveg langar leiðir og við erum með lausa hesta og þetta er slysagildra.

Það er ekki hægt að ríða í gegnum þetta, svo er líka hljóðmengun það er mjög óþægilegt. Ég veit að þó svo að Þjóðverjar séu vanir að hafa svona vindmyllur þá vilja þeir ekki sjá þetta í náttúrunni hérna sem er ósnortin”.

Þeir ferðapjónustuaðilar sem nýta svæðið fyrst og fremst til að komast inn á önnur svæði, eru líka uggandi vegna Búrfellslundar: „Í *mínum huga er vegurinn upp í Landmannalaugar partur af Landmannalaugum og allur sá fjölbreytileiki sem það er*”;

... en hérna mín upplifun á þessu væri mjög neikvæð það væri svarið. Það er talið að það komi á milli tvö og þrjú þúsund manns inn á Landmannalaugar og það fólk myndi allt fara fram hjá þessum vindmyllum á leiðinni.

Þetta er bara aðalbrautin hvort sem það er inn á Sprengisand eða inn að Fjallabaki þú getur tengst inn á syðri Fjallabak líka, þetta er bara aðalbrautin þannig að ég veit ekki alveg með að setja svona bara á veginn.

Þetta er svo mikill miðpunktur til allra átta þegar maður er komin á þetta svæði þá er svo mikð val, ætlarðu inn að Hofsjökli, Arnarfelli, ætlarðu að fara á Sprengisand, ætlarðu í Landmannalaugar eða austur úr eða ætlarðu bara að fara niður Land í Landsveitina. Þannig að þetta er afskaplega mikið hjarta þarna, enda Þjórsárdalur er bara stóra hjartað okkar á þessu svæði.

Víðmælendur telja hins vegar langflestir að aðdráttarafli vinsælustu ferðamannastaða á Fjallabaki og á hálendinu sé það mikið að Búrfellslundur mun ekki hafa afgerandi áhrif á ákvörðun ferðamanna að ferðast til þeirra. Margir ítreka í þessu sambandi að vindmyllurnar muni aftur á móti hafa áhrif á upplifun ferðamanna á leiðinni að áfangastað, og á þann hátt skerða víðernisupplifun þeirra. Mestu áhrifin eru sjónræn, og því skiptir máli hversu langt að þær muni sjást:

Það fer svolítið eftir því hversu víða þú sérd þær, núna þegar þú kemur að þessum tveimur þá starir þú bara á þær, það er ekki hægt annað. Ef þú ert komin með 80 þá er þetta farið að hafa veruleg áhrif á upplifun á þessu svæði, svo geri ég mér ekki grein fyrir því hversu víða þú kemur til með að sjá þetta.

Ferðamenn eru soldið þannig að out of sight er out of mind, en það skiptir ekki máli bara alltaf þegar þú séð þær þá er það að hafa áhrif, sama hvort sem þú ert að keyra framhjá þeim eða ert þarna að sjá þær. Það er ekki hægt að segja já ok svo keyri ég bara framhjá þeim og síðan eru þær bara í fjarska, þá eru þær jafnvel ljótari. En þar sem þær sjást ekki þar held ég að þær skipti engu máli. En alls staðar sem þær sjást munu þær hafa mikil áhrif á upplifun, hvort sem þær eru í fjarska eða nálægt, 20 eða 200.

Eins og í viðtölunum við íbúa, voru Ljósmyndir A - G (sjá Myndir 37, 39, 41, 43, 49, 51, 57 og 59, bls. 51-58) þar sem búið er að setja Búrfellslund inn í mismunandi landslag með myndvinnsluforriti (sjá bls. 10-11) einnig lagðar fyrir ferðapjónustuaðila. Eins og fram kemur hér að framan eru vindmyllurnar í Búrfellslundi hafðar í mismunandi stærð, fjölda og fjarlægð. Vindlundurinn er hafður í samræmi við matskosti Landsvirkjunar, en tveir kostir gefnir, þ.e. annars vegar 66 vindmyllur sem er 80 m háar og hins vegar 87 vindmyllur sem er 64 m háar. Á ljósmyndum A-D er vindlundurinn hafður í 4 km fjarlægð, en á ljósmyndum E-G í 1,5 km fjarlægð.

Eftir að hafa skoðað ljósmyndir A – D (útsýni að Búrfellslundi yfir Bjarnalón (A og B) og frá Áfangagili (C og D)) þar sem fyrirhugaður Búrfellslundur er orðinn hluti landslagsins á svæðinu, voru flestir viðmælendur á þeirri skoðun að þessi mannvirki passi ekki inn í þetta landslag. Enginn munur var á skoðunum viðmælenda hvað þetta varðar eftir því hvort þeir væru heimamenn eða ekki. Misjafnar skoðanir voru meðal viðmælenda hvað varðar mismunandi fjölda og stærð vindmyllanna. Flestir viðmælendur sáu hins vegar lítinn mun á því hvort að vindlundurinn samanstæði af 64 m eða 80 m háum vindmyllum og fannst það þar af leiðandi ekki skipta máli. „Þetta er ekkert augnauði, þetta er ekki óspillt náttúra lengur. Þetta er ákveðin sjónmengun en það er spurning um hljóðmengun maður veit ekki hvernig það virkar. Eftir þessum myndum að dæma sé ég ekki stóran mun á stærðinni“. Og fleiri taka í svipaðan streng:

Þetta mun hafa neikvæð áhrif á upplifun. Stærðin skiptir ekki máli, þegar þær eru komnar skiptir engu máli hvort þær eru 20 eða 100 bara það að þær séu þarna. Held að þessar lægri muni ekki hafa neitt minni áhrif á upplifun ferðamanna heldur en þessar hærri, en það getur verið munur á hávaðamengun. Ég hef heyrt að það sé mikil hávaðamengun af vindmyllum.

Ég er til dæmis mikið inni í Áfangagili og þarna er mikil friðsæld og fegurð, maður sér bara allt í kringum sig ósnortna náttúru, maður er rétt við Heklu, þetta er svo fallett svæði, og þetta er nánast bara eins og að horfa bara á blokkaríbúðir þarna fyrir mér, og ég held að það yrðu margir útlendingarnir mínir bara sárir yfir þessu að sjá þetta þarna. Mér finnst þetta eyðileggja þetta svæði og Hekla mín þarna þetta er ósköp að sjá þetta. Ég fer bara næstum því að gráta þegar ég sé þetta mér finnst þetta sorglegt.

Nokkrir voru á þeirri skoðun að betra væri að hafa fleiri og lægri vindmyllur þar sem þær sæjust að öllum líkindum ekki jafn víða að „Ef þær eru þessar stærri þá hafa þær áhrif á upplifunina á stærra svæði, að því leyti myndi maður segja að þær ættu að vera lægri þá standa þær minna út úr, eða eru ekki eins sýnilegar eins langt að“ (ferðapjónustuaðili utan héraðs).

Mér finnst þetta ekki fallett. Hærrí vindmylla sést í meiri fjarlægð, meiri sjónmengun af henni. Þetta er svo skrýtin hlutur, þetta er svo ónáttúrulegt. Ég hefði haldið að aðrar virkjanir myndu hafa áhrif. Ég held að Íslendingar sem ferðast um þetta svæði muni blóta þessu um aldur og ævi, ég held að það sé engin spurning en ég er ekki viss um að útlendingar muni fatta þetta. Þeir munu örugglega einhverjir vera bara þetta er ekki fallett staður fyrir þetta (ferðaþjónustuaðili utan sveitarfélagsins).

Ég held að fleiri og lægri væri skárri kostur, vegna þess að þú sérð bara á myndunum að um leið og þetta fer að skaga upp í himininn þá fara þær að vera miklu meira áberandi heldur en ef það er fjall á bak við, þannig að um leið og þær eru farnar að skaga hærra að þá held ég að það sé verra (ferðaþjónustuaðili innan sveitarfélagsins).

Einn viðmælandi taldi hins vegar það betra að hafa vindmyllurnar færri og hærrí „Þetta virkar svolítið sláandi, ég er svo sem ekki á móti vindmyllum sem slíkum ef það er hægt að finna þeim stað. Held að hærrí og færri væri betri kostur“.

Hvað varðar viðhorf ferðaþjónustuaðila til vindmylla á ljósmyndum E, F og G, sem sýna Búrfellslund samanstanda af 64 metra háum vindmyllum séðum frá mismunandi sjónarhorni, og nú í styttri fjarlægð en á myndum A-D, eða í 1,5 km fjarlægð, eru viðmælendur almennt neikvæðir og á það bæði við um ferðaþjónustuaðila í héraði og utan. Ferðaþjónustuaðilar utan héraðs höfðu meðal annars eftirfarandi um myndirnar að segja: „*Vindmyllurnar passa ekki inn í neitt, þetta er bara mjög leiðinlegt ef það þarf að gera þetta svona. Bara að sjá þetta svona þetta er bara agalegt?*“, „*Alveg sama hvort það er, finnst þær bara ljótar, finnst þetta alveg falleg mannvirki en ekki á þessu svæði. Mér finnst þetta bara ekki passa í þessu landslag?*“, „*Mér finnst þær bara falla illa inn í landslagið og algjörlega skemma þessa óbyggðartilfinningu, fallegu upplifun um fegurð landsins og ósnortuð svæði. Nú er ég alls ekki á móti vindmyllum, ég tel að þær ættu bara að vera einhvers staðar annars staðar?*“. Heimamenn voru almennt á sama máli. „*Þetta er bara rosalega dapurt, hefði mjög mikil áhrif á ferðamenn þetta er bara sláandi. Það er mjög ógnandi eins og að fara inn á ábattusvæði?*“.

Þetta hefði alveg gríðarleg áhrif á friðsældina þarna. Finnst þetta bara vera hörmung, finnst þetta ekki eiga heima þarna. Þetta er hálendið þarna og við höfum verið að akitera fyrir hvað hálendið er friðsælt og fallett hjá okkur og þetta er ekkert í samræmi við það sjónarmið, þannig að mér finnst þetta mjög neikvætt ef þetta er gert svona.

Eins og á Hellismannaleið það er bara upplifun að koma þarna upp og sjá yfir á góðum degi það er bara lyginni líkast. Það er bara mjög flott þetta er svo opið hérna. Mér finnst þetta bara alls ekki passa í þetta landslag, þetta er íslenskt landslag og ég sé þetta ekki fyrir mér.

Þetta er bara lýti fyrir mér. En það skiptir engu máli hvað fólki finnst eða hver þeirra upplifun er, mönnum er alveg slétt sama um það, eru bara að þæla í einhverjum auðfengnum aurum núna á þessum árum.

Þegar viðmælendur eru spurðir um viðhorf þeirra til flugöryggisljósa sem fylgja vindmyllum, og hvaða áhrif slík ljós myndu mögulega hafa á vetrarferðamennsku á svæðinu eru uppi misjafnar skoðanir eru á meðal viðmælenda. Þrír þeirra komu alveg af fjöllum, þar sem þeir höfðu ekki hugmynd um að það væru ljós á vindmyllunum „*Vissi ekki einu sinni að það væru ljós þarna. Það væri allavega ansi skrautlegt að keyra þarna í gegn ef það væri blikkeljós*”. Einn þeirra telur að ljósin geti mögulega breytt áformum hans um frekari uppbyggingu vetrargönguferða á svæðinu „*Er ljós á þeim. Þetta myndi örugglega hafa áhrif á það, ég hugsa að þetta gæti alveg orðið til þess að við sækjum eitthvað annað í þessar vetrarferðir okkar inn í Hólaskóg*”. Mestar áhyggjur hvað varðar ljósmengun frá vindmyllulundinum snerust hins vegar að norðurljósaferðum „*Já, því að fólk er að koma eða fara í norðurljósaferðir þarna á þetta svæði til að losna við ljósmengun. Líka þeir sem eru að gista þarna uppi Hrauneyjum til að komast upp fyrir alla ljósmengun*”.

Já ég hugsa að það væri allavega erfiðara að selja norðurljósaferðir og erfiðara að sjá norðurljósin. Þessar tvær vindmyllur sem núna eru komnar að þær senda í svartasta skammdeginu frá sér áberandi blikkandi ljós sem sjást mjög víða að. Þetta væri eins og flugvöllur og ég býð eiginlega ekki í það ef það verða 80 myllur til viðbótar sem að þarf að lýsa með sama hætti.

Einn viðmælandi tók dýpra í árina:

Við erum að selja norðurljósin og bara náttúruna þessa villtu náttúru, við erum algjörir sóðar þegar kemur að orkunýtingu og það er mjög erfitt að útskýra fyrir útlendingum af hveru við erum ekki að reyna að draga úr ljósmengun. Ég hef því mjög miklar áhyggjur af ljósmengun og það myndi pirra mig og þessi hvítu blikkandi ljós sem eru þarna núna, það finnst mér vera langversti hluturinn, og ég spyr hvort það sé ekki einhver leið til að komast fram hjá því. Ég trúi því ekki að þetta þurfi, vegna þess að hver einasti flugmaður er með sín kort yfir sín svæði og það eru ákveðin svæði sem eru bara bannsvæði sem þú mátt ekki fljúga yfir, staðallinn er 500 metrar, en það eru ákveðin svæði sem er bara bannað að fljúga yfir þannig að það væri hægt að gera eitthvað svoleiðis.

Nokkrir viðmælendur höfðu hins vegar engar áhyggjur af ljósmengun frá vindmyllulundinum „*Við sjáum ljósin af þessum tveimur í myrkerinu núna og eins og ég segi það truflar mig ekki þegar maður sér það héðan*”, „*Ég held að ljós séu alltaf bara falleg og góð. Öll lýsing er bara jákvæð en það breytir ekki um heildarupplifuninni*”.

Ég geri mér nú enga grein fyrir því, ég held að það myndi ekki hafa afgerandi áhrif. Ef þú ætlar að koma til Íslands þá kemur þú til Íslands, þótt það séu einhver ljós þarna á vindmyllum, það myndi ekki vera afgerandi þáttur, það myndi ekki auka gæðin, en eðlilega ef það eru vindmyllur þá verða að vera ljós.

Ferðaþjónustuaðilarnir voru að lokum beðnir um að benda á aðrar mögulegar staðsetningar fyrir vindmyllulund. Langflestir leggja áherslu á að vindmyllulundir verði reistir á svæðum sem þegar er búið að raska. Meirihluti þeirra segjast geta sætt sig við að hafa vindmyllulundinn vestan við Þjórsá á sama svæði og tilraunavindmyllurnar tvær standa í dag. Margir setja hins vegar stórt spurningamerki við austasta hluta fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis sem þeir telja að nái inn á svæði sem flokka megi sem ósnert víðerni. Nokkrir viðmælendur vilja ekki sjá vindmyllur neins staðar á svæðinu.

Ef það væri hægt að setja fleiri þar sem hinar tvær eru fyrir, þeim megin við ána eða allavega norðanmegin við veginn, ég hugsa að það væri eitthvað sem mætti frekar skoða. Þetta er svona samtengt þessi Landmannafréttur það byrjar hér á þessu svæði og fer svo inn í Landmannalaugar.

Kannski er ekki rými fyrir þær hinum megin en ég hefði viljað sjá þetta takmarkast við að vera vestan við Þjórsána og þá á þessum forsendum að ég held að þetta henti best þar sem búið er að raska fyrir. Maður sér svo sem alveg hvað þeir eru að hugsa hérna það eru þéttir strengir hérna sem líka reyndar hafa áhrif á það hversu mikið menn sækja á svæðið þetta er rokrassgat hérna. Í byggð horfir þetta öðruvísi við þar sem búið er að raska svo mikið fyrir.

Svæðið í kringum Búðarhálsvirkjun var einnig nefnt, þar sem að á því svæði væru vindmyllurnar ekki jafn áberandi og ekki í alfaraleið:

Það væri allavega miklu nær að vera hérna í kringum Búðarhálsvirkjun. Þótt það sé náttúrulega mikið trekk hérna á milli fjallanna Valafells, Heklu og Búrfells að þá þekki ég alveg þokkalega svæðið þar, ég fer hérna uppá Sprengisand og þarf að eiga við norðanáttina þegar hún fer beint í trýnið á manni. Í kringum Vatnsfellið að þar er stöðugasti vindurinn en svo er annað mál hvort það hentar, þetta er meira úr byggð en þeir eru hvort sem er alltaf að fara þarna í eftirliti með þessum stöðvum.

Og svæðið fyrir ofan Háafoss:

Veit ekki hvort það sé bara út af einhverjum vindstreng þarna eða bara nálægð við línurnar en þessi heiði hér fyrir ofan Háafoss og Hrunamannafrétti, það er nánast ekkert farið um hana, þar er svæði sem er nálægt línunum en enginn fer á.

Og voru nefnd svæði eins og Kjalarnes, Reykjanes eða strandlengjan í Austur Skaftafellssýslu sem góð svæði undir vindmyllulundi, sem og svæðið norðan við Þórisvatn, vestan við Ljósufjöll við Austurbotna:

Ef þú ferð norður fyrir Þórisvatn, vestan við Ljósufjöll, við Austurbotna. Þetta svæði er svo gjörsamlega gróðurlaus sandauðn, þetta svæði hef ég verið að tala fyrir að breyta í villidýragarð, að þarna megi fólk fara á mótorhjólum, torfæruhjólum, jeppunum og gera allan andskotan sem þeir vilja því það er ekki nema nokkrar vikur á milli þess sem þú eyðileggur allt þarna og þangað til það er komið sandur yfir allt þarna aftur. Þetta svæði gæti hentað fyrir vindmyllur, en gallinn væntanlega fyrir vindmyllur, ég veit ekki hvort það skiptir máli en það er mikið sandfok þarna. Þú sæir það ef þú værir að fara inn í Jökulheima en það er voða lítil umferð þarna á þessari leið. Þannig ef það væri virkilega verið að leita að svæði sem yrði minnst fyrir þá væri þetta svona eitt af þeim svæðum. Því fólk er ekkert að þvælast á þessu svæði nema einstaka veiðimenn sem eru að fara inn í Austurbotna.

Einnig kom það viðhorf fram að best væri að hafa vindmyllulundi úti á sjó.

6. Umræður

6.1 Viðhorf íbúa nærsamfélagsins til vindlunda á Tungnaár-Þjórsvæðinu

Ásýnd svæðisins norðaustan Búrfells í Þjórárdal hefur síðastliðna fimm áratugi smátt og smátt verið að breytast. Samfara uppbyggingu stöðugt fleiri vatnsaflsvirkjana á Tungnaár-Þjórsvæðinu hefur landslag svæðisins orðið manngerðara. Hugmyndir Landsvirkjunar um að reisa vindmyllulund með allt að 80 vindmyllum á svæðinu falla þannig að miklu leyti innan svæðis sem þegar er manngert. Vindmyllur eru hins vegar nýtt og áberandi form í íslensku landslagi, sem mun manngera landslagið umhverfis fyrirhugað framkvæmdasvæði meira og á annan hátt en nú er. Fyrirhugað framkvæmdarsvæði fyrir Búrfellslund liggur ofan byggðar, á mörkum hálendis og láglandis, rétt ofan við hálendislínu miðhálendisins eins og hún var dregin samkvæmt lögum árið 1999 (Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997). Auk þess að vera mikilvægt orkunýtingarsvæði, hefur svæðið lengst af verið nýtt sem afréttarland þriggja sveitarfélaga þ.e. Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Rangárþings ytra og Ásahrepps. Með vaxandi ferðamennsku á hálendinu, hefur mikilvægi svæðisins fyrir ferðamennsku aukist en sem jaðarsvæði suðurhálendisins myndar svæðið umhverfis Búrfell dyr að hálendinu þar sem um svæðið liggur ein vinsælasta ökuleið ferðamanna inn á hálendið. Svæðið norðaustan Búrfells myndar enn fremur dyr að Friðlandi að Fjallabaki sem er vinsælasta ferðamannasvæði hálendisins (Ferðamálastofa, 2014), en afleggjarinn um Dómadalsleið liggur frá eystri jaðri fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Með tilliti til ferðamennsku og útivistar mun áhrifasvæði Búrfellslunda þannig ná langt út fyrir fyrirhugað framkvæmdarsvæði.

Upplifun fólks á landslagi er mjög mismunandi, einkum eftir því hvort um er að ræða íbúa eða aðkomufólk. Sýnt hefur verið fram á (Urry, 2002) að á meðan að upplifun aðkomufólks byggir fyrst og fremst á fyrstu hughrifum, byggir upplifun heimafólks af landslagi fyrst og fremst á þeim tengslum sem það hefur haft við það. Niðurstöður þessarar rannsóknar á viðhorfum íbúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Rangárþingi ytra og Ásahreppi sýna að meirihluti íbúa þekkja almennt vel til svæðisins umhverfis fyrirhugaðan Búrfellslund. Meirihluti íbúa telur svæðið hafa náttúrulegt yfirbragð, vera fallegt, hreint og kyrrlátt. Eftirtektarvert er að einungis um tíundi hluti upplifir svæðið sem manngert. Í hugum íbúa er svæðið fyrst og fremst hrjóstrugur afréttur sem einkennist af gróðurlitlum sand- og hraunsléttum og mikilli víðáttu. Íbúar telja nálægð sveitarfélagsins við hálendismörk landsins vera jákvæða. Þeir eru enn fremur almennt ánægðir með stöðu atvinnumála í heimabyggð.

Meirihluti íbúa þekkir til tilraunavindmyllanna tveggja á Hafinu, og tæplega tíundi hver sér þær frá heimili sínu. Íbúar eru flestir jákvæðir í garð þessara tilraunavindmylla og einnig til vindmylla almennt í náttúru Íslands, sem er í samræmi við rannsóknir á viðhorfum almennings til vindmylla erlendis á svæðum þar sem eru fáar vindmyllur (t.d. Elliott, 1994; Wolsink, 1994; Krohn og Damborg, 1999; Pasqualetti, 2001, Landry, o.fl. 2012). Íbúar eru hins vegar ekki eins hrifnir af hugmyndinni um vindlund, en þriðjungur íbúa er neikvæður í garð fyrirhugaðs Búrfellslundar. Þessar niðurstöður eru einnig í samræmi við erlendar rannsóknir sem sýna að viðhorf almennings til vindmylla almennt hefur verið að verða neikvæðara samfara fjölgun vindlunda (t.d. Ladenburg og Dahlgaard, 2012; Molnarova, o.fl., 2011; Wolsink, 2007). Niðurstöður viðtalskönnunarinnar undirstrika blandin viðhorf íbúa til Búrfellslundar. Það eru fyrst og fremst sjónræn áhrif vindmyllanna sem íbúar hafa áhyggjur af, en möguleg hávaðamengun er einnig áhyggjuefni margra. Samt sem áður eru þrír fjórðu hlutar íbúa á þeirri skoðun að Búrfellslundur muni ekki hafa afgerandi áhrif á ferðir þeirra um svæðið, að undanskyldum hestamönnum sem hafa nýtt svæðið til útreiðatúra, íbúum dreifbýlisins og þeirra sem eru meira menntaðir. Erlendar rannsóknir sýna að með markvissri uppbyggingu afþreyingar og þjónustu fyrir ferðamenn samhliða uppbyggingu vindlunda má hins vegar auka aðdráttarafl virkjanasvæðis fyrir ferðamennsku (Heidberg, o.fl., 2009; Riddington o.fl., 2008). Fyrirhuguð staðsetning Búrfellslundar virðist á hinn bóginn standa í mörgum, og vilja íbúar almennt sjá staðsetningu vindlundarins vestan Þjórsár, eða nær tilraunavindmyllunum tveimur. Það svæði telja þeir vera mannvirkjasvæði, raskað vegna vatnsorkuveranna í Þjórsá, á meðan að svæðið austan árið einkennist enn af lítt raskaðri náttúru.

Niðurstöður sýna að marktækur munur er á viðhorfi íbúa til fegurðar landslags með og án mannvirkja á borð við veituskurði, háspennumöstur og vegi, þar sem landslag án mannvirkja þykir mun fallegra en sama landslag með mannvirkjum. Niðurstöður sýna enn fremur að íbúum þykir neikvæðast ef vindmyllur skerða fjallasýn, sérstaklega ef þær skyggja á útsýni að Heklu og Búrfelli. Þetta undirstrikar mikilvægi víðáttunnar í hugum Íslendinga (t.d. Þorvarður Árnason, 2005) sem aftur endurspeglast í markaðsetningu ferðaþjónustunnar á íslenskum víðernum (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Anna Karsldóttir, 2009). Niðurstöður bæði spurningakönnunarinnar og viðtalskönnunarinnar endurspeglar að öðru leyti skiptar skoðanir íbúa hvað varðar viðhorf til vindmylla og vindlunda í íslensku landslagi.

Ekki er marktækur munur á viðhorfi íbúa hvað varðar mismun á hæð vindmylla, þ.e. á milli vindmylla sem eru 64 metra háar og vindmylla sem eru 80 metra háar. Sama á við um fjölda vindmylla í vindlundu, þegar um er að ræða mun á milli 66 og 87 vindmylla. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður Krohn og Damborg (1999) sem sýna að stærð vindlunda hafi lítil áhrif á viðhorf heimamanna. Niðurstöðurnar sýna hins vegar að fjarlægð að vindmyllum, bæði einstaka vindmyllum og vindmyllulundum, er sá þáttur sem skiptir íbúa mestu máli, og að vindmyllurnar falli sem mest inn í landslagið og spilli sem minnst víðáttunni og upplifun á víðernum.

6.2 Áhrif fyrirhugaðra vindmylla í Búrfellslundi á ferðamennsku

Fyrirhuguð staðsetning Búrfellslundar er á jaðri suðurhálandisins. Suðurhálandið er mikilvægt svæði fyrir íslenska ferðaþjónustu þar sem á svæðinu eru margir af fjölsóttustu ferðamannastöðum hálandisins, eins og Landmannalaugar og Veiðivötn, og jafnframt margar af vinsælustu ferðaleiðum á hálandinu, s.s. leiðin um Dómadal til Landmannalauga, leiðin um Fjallabak nyrðri og Sprengisandsleið (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2012). Tæp 80% af öllum skráðum gistinguþingum í skálum í óbyggðum voru á suðurhálandinu árið 2014 (Hagstofa Íslands 2015b). Vinsælustu ferðamannastaðirnir umhverfis fyrirhugaðan Búrfellslund eru Þjórsárdalur, Rangárbotnar, Hekla og Dómadalsleið. Einnig eru Áfangagil og Hólaskjól vinsælir áfangastaðir ferðamanna, sérstaklega hestamanna og göngumanna. Um Áfangagil liggur einnig gönguleið sem nýtur vaxandi vinsælda, svokölluð Hellismannaleið, sem nær frá Rjúpnavegum í vestri um Áfangagil að Landmannahelli og þaðan áfram í Landmannalaugar. Tvær meginleiðir inn á hálandið liggja enn fremur um fyrirhugað framkvæmdasvæði, annars vegar um Þjórsárdal (þjóðvegur nr. 32) og hins vegar upp Land (þjóðvegur nr. 26) sem gerir svæðið að nokkurs konar inngangi að hálandinu.

Sérstaða svæðisins norðan og austan Búrfells að mati ferðaþjónustunnar liggur fyrst og fremst í i) staðsetningu þess á hálandisbrúninni sem gerir það að inngangi að hálandinu; ii) staðsetningu þess við rætur Heklu sem ein og sér er að mati ferðaþjónustuaðila mikið aðdráttarafl ferðamanna og hefur þannig mikið gildi fyrir ferðaþjónustuna og þá sérstaklega fyrir ferðaþjónustu nærsamfélagsins; og iii) víðernis- og eyðimerkurásýnd þess, sem ferðaþjónustuaðilar telja vera sérstöðu Íslands og mikilvæga auðlind fyrir þeirra starfsemi. Ferðaþjónustuaðilar eru almennt á þeirri skoðun að sem jaðarsvæði hálandisins sé þetta svæði hluti af stærri heild sem sé suðurhálandið, og leggja áherslu á að það sé haft í huga við skipulagningu þess og uppbyggingu.

Þeir ferðamenn sem fara um svæðið í dag spanna allt róf ferðamanna frá náttúrusinum til þjónustusinna (Anna Dóra Sæþórsdóttir, o.fl. 2015), og eru þeir ýmist á leið inn á hálendið eða af því. Þeir ferðamenn sem dvelja á svæðinu eru hins vegar einkum í hesta- og gönguferðum. Allir ferðaþjónustuaðilar sem rætt var við, bæði í nærsamfélaginu og utan þess, leggja áherslu á að óspillt náttúra sé sú upplifun sem að viðskiptavinir þeirra eru aða sækjast eftir. Að mati ferðaþjónustunnar liggur megin aðdráttarafl svæðisins norðan og austan við Búrfell í töfrum íslenskrar náttúru og þeirri umgjörð sem ósnert ásýnd íslenskra víðerna setur henni. Þessi skoðun ferðaþjónustuaðila er í samræmi við niðurstöður könnunar meðal ferðamanna á svæðinu en um 80% ferðamanna finnst svæðið umhverfis fyrirhugað vindmyllustæði vera fallett og yfir 80% telja að víðerni séu hluti af aðdráttarafli svæðisins (Anna Dóra Sæþórsdóttir, o.fl. 2015). Íslensk víðerni hafa enda lengi verið nýtt í markaðsetningu Íslands sem ferðamannalands, og margar rannsóknir sýna að víðerni gegna mikilvægu hlutverki fyrir íslenska ferðaþjónustu (t.d. Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2012; 2014) Rannsóknir sýna einnig að hratt hefur verið gengið á íslensk víðerni síðastliðna áratugi (Rannveig Ólafsdóttir og Micael Runnström 2011b; 2011c; Taylor, 2011; Tims, 2014, Rannveig Ólafsdóttir, o.fl. 2015). Það er því mikilvægt fyrir íslenska ferðaþjónustu að viðhalda víðernisásýnd hálendisins og þá skipta jaðarsvæði hálendisins miklu máli. Sýnt hefur verið fram á (þ.e. Hendee, o.fl. 1990; Lesslie, o.fl. 1991) að framkvæmdir á jaðarsvæðum víðerna hafa áhrif á upplifun ferðamanna á víðernum þar sem gæði víðerna rýrna eftir því sem gengið er á víðernisheildina. Þótt svæðið umhverfis Búrfell sé nú þegar manngert að miklu leyti, þá sýna niðurstöður þessarar rannsóknar og niðurstöður rannsókna á viðhorfum ferðamanna á svæðinu (þ.e. Anna Dóra Sæþórsdóttir, o.fl. 2015) að bæði ferðamenn og ferðaþjónustuaðilar upplifa svæðið enn að miklu leyti sem víðerni. Hversu mörgum mannvirkjum má bæta á svæðið svo þessi upplifun breytist, er erfitt að svara. Fyrirhugað framkvæmdarsvæði Búrfellslundar teygir sig hins vegar í átt að Friðlandi að Fjallabaki og nær inn á nýtt tiltölulega óraskað svæði. Með því móti skerðist hlutverk svæðisins sem auðlind í formi víðerna fyrir ferðaþjónustuna.

Væntingar ferðaþjónustunnar hvað varðar nýtingu svæðisins norðan og austan Búrfells til framtíðar eru ólíkar. Skiptast þar einkum á sjónarmið þeirra sem sjá hag fyrir ferðaþjónustuna í að nýta sjálft svæðið og þeirra sem fyrst og fremst líta á það sem gegnumkeyrslusvæði til að komast á önnur svæði. Ferðaþjónustuaðilar sem nýta svæðið fyrir hesta- og gönguferðir eru neikvæðari en þeir sem einungis keyra þar í gegn. Þeir sem eru til dæmis með hestaferðir á svæðinu telja að verði Búrfellslundur að veruleika munu þeir þurfa að breyta hluta reiðleiða sinna þar sem þeir telja sig ekki geta farið með hross inn á virkjunarsvæði. Báðir þessir hópar hafa hins vegar miklar væntingar til Hellismannaleiðar sem vaxandi aðdráttarafl fyrir ferðamenn sem og telja hana

mikilvægan valkost á móti ásetnum Laugaveginum, sem undirstrikar að þessi gönguleið er komin á kortið sem einn af seglum svæðisins fyrir ferðaþjónustu.

Niðurstöður sýna að viðhorf ferðaþjónustuaðila til tilraunavindmyllanna tveggja á Hafinu eru almennt jákvæð en að blendin viðhorf eru til Búrfellslundar. Þessar niðurstöður eru í samræmi við viðhorf íbúa nærsamfélagsins. Ferðaþjónustuaðilar telja ólíklegt að Búrfellslundur muni koma til með að hafa afgerandi áhrif á ferðaleiðir þeirra ferðaþjónustufyrirtækja sem nýta þetta svæði í dag, og benda í því sambandi á að þær virkjunarframkvæmdir sem þegar eru komnar á hálendinu hafi að þeirra mati ekki haft mikil áhrif á ferðaþjónustuna. Aftur á móti telja þeir líklegt að 80 vindmyllur munu hafa áhrif á upplifun þeirra ferðamanna sem um svæðið fara. Niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir ferðamenn sem ferðuðust um svæðið sumarið 2014 (þ.e. Anna Dóra Sæþórsdóttir, o.fl. 2015) sýna hins vegar að meiri hluti ferðamanna telur að vindlundurinn muni ekki hafa áhrif á ferðavenjur þeirra um svæðið á meðan að þriðjungur ferðamanna telur að þeir muni síður eða ekki ferðast um svæðið ef vindlundurinn verður reistur. Rannsóknir á áhrifum vindlunda erlendis á ferðamennsku sýna að vindlundi hafa ekki leitt til fækkunar ferðamanna á landsvísu (þ.e. Heiberg, o.fl., 2009; Riddington, o.fl., 2008). Samkvæmt líkani Butlers (1980) um lífsferil ferðamannastaða breytist samsetning ferðamanna hins vegar í samræmi við magn manngerðra þátta, frá þeim sem sækjast eftir að upplifa það upprunalega í fjöldaferðamennsku. Að sama skapi breytast tengsl ferðamanna og náttúru, en þeir fyrrnefndu hafa annars konar tengsl við náttúruna en fjöldaferðamenn.

Í samræmi við viðhorf íbúa, þá hugnast ferðaþjónustuaðilum ekki fyrirhuguð staðsetning Búrfellslundar, og þá einkum hve langt austur vindlundurinn nær. Í hugum flestra ferðaþjónustuaðila einkennist svæðið austur af Búrfelli af víðernisásýnd, sem flestir álíta að muni glatast ef vindlundurinn verður að veruleika á því svæði sem fyrirhugað er. Ferðaþjónustan telur þannig að með tilliti til atvinnugreinarinnar sé æskilegra að finna vindmyllulundinum heppilegri staðsetningu. Í því sambandi er einkum bent á svæðið í kringum Búðarhálsvirkjun þar sem að á því svæði yrðu vindmyllurnar að öllum líkindum ekki jafn áberandi, og ekki í alfaraleið. Þannig telur ferðaþjónustan mikilvægt að velja vindlundum staðsetningu þar sem sjónræn áhrif vindmylla verði sem allra minnst, sem getur hins vegar reynst erfitt í berangurslegu íslensku landslagi. Með því að velja þeim stað fjærri alfaraleið lágmarki það hins vegar þau áhrif. Margar erlendar rannsóknir sýna (t.d. Leung og Yang, 2012) að sjónræn áhrif vindmylla er sá umhverfisþáttur sem er hvað erfiðast að finna sátt um meðal ólíkra hagsmunaaðila. Þá hafa margir ferðaþjónustuaðilar áhyggjur af því að möguleg ljósmengun frá vindmyllunum muni hafa neikvæð áhrif á upplifun

ferðamanna, sem og á norðurljósaferðir, sem samkvæmt viðmælendum hafa verið einn mikilvægasti vaxtarbroddur vetrarferðamennsku á svæðinu.

Niðurstöður sýna enn fremur að fjöldi og stærð vindmylla í vindlundi eru ekki afgerandi þættir í mótun viðhorfa ferðaðjónustuaðila. Þegar fjöldi vindmylla er kominn yfir ákveðið hámark, í þessu tilfalli yfir 60 vindmyllur, er ekki marktækur munur á viðhorfi eftir því hvort fjöldi vindmylla er 66 eða 87, eða hvort hæð þeirra er 64 metrar eða 80 metrar. Fjarlægð að vindmyllunum virðist hins vegar mun frekar vera afgerandi þáttur, og að vindlundurinn falli sem mest inn í landslagið. Þetta er í samræmi við áherslu ferðaðjónustunnar á mikilvægi ósnortinnar náttúru og víðernisásýndar fyrir atvinnugreinina. Eftirtektarvert er að í þessari rannsókn er enginn afgerandi munur á viðhorfum ferðaðjónustuaðila eftir því hvort þeir búi og starfi í héraði, eða hvort þeir nýti svæðið fyrir sína þjónustu en eru með höfuðstöðvar starfsemi sinnar annars staðar. Þetta er í mótsögn við niðurstöður Rannveig Ólafsdóttur og Kristínar R. Kristjánsdóttur (2008) um áhrif virkjunar við Hagavatn á ferðamennsku.

6.3 Vindmyllur, íbúar og ferðaðjónusta

Bent hefur verið á að ferðaðjónusta og orkuframleiðsla séu í eðli sínu ólíkar atvinnugreinar sem báðar byggjast á nýtingu náttúrunnar en kalla fram ólík tengsl fólks við umhverfi sitt (Gunnþóra Ólafsdóttir, 2009). Þessi ólíku tengsl endurspeglast að nokkru leyti í niðurstöðum þessarar rannsóknar. Bæði íbúar og ferðaðjónustuaðilar eru almennt jákvæðir í garð vindorku, telja slíkan orkukost samræmast umhverfiskröfum samtímans um græna orku. Hins vegar vegur þungt, sérstaklega í hugum ferðaðjónustuaðila, hin miklu sjónrænu áhrif sem vindmyllunum fylgja. Ferðaðjónustuaðilar telja slík sjónræn áhrif ekki samræmast þeirri upplifun sem ferðamenn sem fara um hálendi Íslands eru að sækjast eftir. Með tilliti til íslenskrar náttúruferðamennsku þá skipta sjónræn áhrif mjög miklu máli, þar sem útsýni og víðsýni er einn megin þáttur í upplifun ferðalanga á íslenskri náttúru.

Tengsl íbúa við svæðið birtast einkum í nýtingu þess sem afréttarlands og ímynd þeirra á afrétti sem einkennst hafa í gegnum árin af óbyggðum og öræfakýrrð. Þessi ímynd virðist haldast þrátt fyrir þau mannvirki sem fylgt hafa stigvaxandi orkuvinnslu á svæðinu. Tengsl ferðaðjónustunnar við svæðið eru af öðrum toga þar sem ferðaðjónustan er að selja ákveðna ímynd, ímynd ósnortinnar náttúru og víðerna, sem endurspeglast í viðhorfum allra ferðaðjónustuaðila sem rætt var við. Þeirra hagur liggur því í því að svæðið uppfylli þessar kröfur, og telja ferðaðjónustuaðilar að svæðið austan við Búrfell geri það ennþá. Með tilliti til fjölda þeirra mannvirkja sem nú þegar

eru á svæðinu er hins vegar spurning hvenær svæðið verður það mikið manngert að ferðamenn, ferðaþjónustuaðilar og heimamenn upplifa svæðið sem fyrst og fremst manngert. Það er hins vegar ljóst að svæðið er á ákveðnum mörkum, ekki bara landfræðilega á mörkum hálandisins og láglandis, heldur einnig á mörkum um manngerða/náttúrulega ásynd. Verði farið yfir þessi mörk mun ferðamennska á svæðinu að öllum líkindum breytast, og aðrir markhópar sækja á svæðið. Slíkri breytingu mun fylgja sóknarfæri til uppbyggingar á annars konar ferðamennsku en nú er á og umhverfis sjálft framkvæmdarsvæðið, einkum í formi fræðsluferðamennsku. Sú ferðamennska sem einkum á sér stað á svæðinu í dag og byggir á upplifun ferðamanna á víðernum mun á hinn bóginn ekki þrífast vel í vindlundi. Hlutfallslegir yfirburðir Íslands liggja hins vegar í því að geta státað af fjölbreytilegri, sérstakri og lítt raskaðri náttúru, en slíkt þykir mjög eftirsóknarvert fyrir náttúruferðamennsku og ferðamannastaði sem byggja á henni (Boyd, o.fl. 1996). Hálandi Íslands skipar þar sérstakan sess sem einstakur vettvangur víðernisferðamennsku sem er ein tegund náttúruferðamennsku og nýtur sívaxnandi vinsælda í hinum vestræna heimi (Saarinen, 1998; Hall, o.fl., 2009).

Míðað við staðsetningu Búrfellslundar verður ekki hjá því komist að vindmyllurnar munu hafa áhrif á ferðamennsku umhverfis Búrfell og á Friðlandi að Fjallabaki, sem og á stórum hluta af suðurhálandinu, með framandi mannvirkjum í íslensku landslagi. Mikilvægt er að tryggja að ferðaþjónusta geti dafnað samhliða raforkuframleiðslu. Þannig verði líka tryggt að unnið sé eftir öllum meginmarkmiðum sem stjórnvöld hafa sett fram í Ferðamálaáætlunum síðustu ára, þ.e. að náttúra Íslands, menning og fagmennska verði ráðandi þættir í þróun atvinnugreinarnar; tryggð verði samkeppnishæfni íslenskrar ferðaþjónustu sem stuðli að hámarksafrakstri í greininni.

Heimildir

- Anna Dóra Sæþórsdóttir (2012). *Ferðamennska á miðhálandi Íslands: Staða og spá um framtíðarhorfur*. Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands
- Anna Dóra Sæþórsdóttir (2014). Preserving Wilderness at an Emerging Tourist Destination. *Journal of Management and Sustainability*, 4(3), 65-78.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir og Anna Karlsdóttir (2009). Marketing the 'natural' in Iceland. Í: C. M. Hall, D. K. Müller & J. Saarinen (ritstj.), *Nordic Tourism - Issues and Cases* (bls. 39-40). Bristol, Buffalo and Toronto: Channel View Publications.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2010a). Áhrif virkjana á ferðamennsku og útivist. *Náttúrufræðingurinn*, 80(3-4), 103-118.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2010b). Nature tourism assessment in the Icelandic Master Plan for geothermal and hydropower development. Part I: rapid evaluation of nature tourism resources. *Journal of Heritage Tourism*, 5(4), 311-331. doi: 10.1080/1743873x.2010.517839
- Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2010c). Nature tourism assessment in the Icelandic Master Plan for geothermal and hydropower development. Part II: assessing the impact of proposed power plants on tourism and recreation. *Journal of Heritage Tourism*, 5(4), 333-349.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2012). Áhrif Hólmsárvirkjunar á ferðamennsku og útivist LV-2012-020. Reykjavík: Landsvirkjun og Orkusalan.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðmundur Björnsson og Rannveig Ólafsdóttir (2015). *Ábrif vindmylla í Búrfellslundi á ferðamenn*. Reykjavík, Háskóli Íslands.
- Auðlindagarðurinn (á.á.). *Samfélag án sóunar*. Sótt 02.07.2015 á <http://www.audlindagardurinn.is/>
- Boyd, S.W., Chard, R. og Butler, W. (1996). Managing Ecotourism: An Opportunity Spectrum Approach. *Tourism Management*, 17, bls. 557–566.
- Butler, R. W. (1980). The concept of a tourist area cycle of evolution: Implications for management of resources, *The Canadian Geographer*, 24(1), 5–12.
- Capacent Gallup (2013). Netkönnun 3.-22. júlí 2013, unnin fyrir Landsvirkjun.
- Dai, K., Bergot, A., Liang, C., Xiang, W.N., og Huang, Z. (2015). Environmental issues associated with wind energy – A review. *Renewable Energy*. 75, 911-921.
- Daníel Þór Gerena (2013). Nýting vindorku á Íslandi - Fjárhagsleg greining. BS ritgerð í viðskiptafræði. Háskóli Íslands, febrúar 2013.
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative Methods in Social Research*. London: McGraw-Hill.

- Ferðamálastofa (2014). Ferðaþjónusta á Íslandi í tölum. Sótt 10.03.2015 á http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/tolur_utgafur/kannanir/ferdatjon_usta_itolum_april14_m_fors2.pdf
- Ferðamálastofa (2015). Heildarfjöldi erlendra ferðamanna 1949-2014. Sótt 16.07.2015 á <http://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/heildarfjoldi-erlendra-ferdamanna-1949-2013>
- Field, A. (2013). *Discovering Statistics Using SPSS (Introducing Statistical Method)*. London, SAGE.
- Gross, C. (2007). Community perspectives of wind energy in Australia: the application of a justice and fairness framework to increase social acceptanc. *Nergy Policy*, 35, 2727-2736.
- Gunnþóra Ólafsdóttir, (2009). Áhrif fyrirhugaðrar háspennulínu frá Blönduvirkjun til Akureyrar - Blöndulínu 3 - á ferðaþjónustu og útivist. Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Haggett, C. (2008). Over the sea and far away? A consideration of the planning, politics and public perceptions of offshore wind farms. *Journal of Environmental Polilcy and Planning*, 10(3), 289-306.
- Haggett, C. (2011). Understanding public responses to offshore wind power. *Energy Policy*, 39, 503-510.
- Hagstofa Íslands (2013). Orkunotkun eftir uppruna 1987-2013. Sótt 02.07.2015 á <http://hagstofan.is/Hagtolur/Idnadur-og-orkumal/Orkumal>
- Hagstofa Íslands (2015a). Mannfjöldi. Sótt 12.03.2015 á <http://hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi>
- Hagstofa Íslands (2015b). Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni. Gisting. Gistinætur í skálum í óbygðum. Sótt 31.05.2015 á <http://hagstofa.is/Hagtolur/Ferdamal-samgongur-UT/Gisting>.
- Hall, C.M., Müller, D. K. og Saarinen, J. (2009). *Nordic Tourism – Issues and Cases*. Bristol, Buffalo and Toronto: Channel View Publications.
- Heiðberg, E., Aall, C., og Tveit, E.M., (2009). Vindkraft, reiseliv og miljø – en konfliktanalyse. *Vestlandsforskningsrapport*. Vestlandsforskningsrapport nr. 1/2009. Sótt 02.07.2015 á <http://158.37.9.6/filearchive/vindkraft-reiseliv-og-miljo-en-konfliktanalyse.pdf>
- Hendee, J. C., Stankey, G. H., og Lucas, R. C. (1990). *Wilderness management* (2. ed.). Golden, Colorado: North American Press.
- Jobert, A., Laborgne, P., og Mimler, S. (2007). Local acceptance of wind energy: factors of success identified in French and German case studies. *Energy Policy*, 35, 2751-2760.
- Krohn, S. og Damborg, S. (1999). On public attitudes towards wind power. *Renewable Energy*, 16, 954-960.

- Ladenburg, J. (2008). Attitudes towards on-land and offshore wind power generation – a review. *Wind Energy*, 12(2), 171-181.
- Ladenburg, J. (2010). Attitudes towards offshore wind farms – the role of beach visits on attitude and demographic and attitude relations. *Energy Policy*, 38, 1297-1304
- Ladenburg, J. og Möller, B. (2011). Attitude and acceptance of offshore wind farms – The influence of travel time and wind farm attributes. *Renewable and Sustainable Energy Reviews*, 15, 4223-4235.
- Ladenburg, J., og Dahlgaard, J.O. (2012). Attitudes, threshold levels and cumulative effects of the daily wind-turbine encounters. *Applied Energy*. 98, 40-46.
